

INGIBJÖRG HANNA BJARNADÓTTIR

Japanar gjafmild þjóð með eindæmum

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Svalir til suðvesturs og norðausturs

Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HELGI JEAN CLAESSEN

Preyttur á þunglyndum Erlendi

FM-hnakkur myrtur með skeið
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ


FRÍTT

27. október 2008 – 294. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Lourdes Sáttasemjari

Dóttir Madonnu lægir öldurnar hjá mömmu sinni og stjúpfoður.

FÓLK 19

Kom, sá og sigraði

Rannveig Snorradóttir vann til gullverðlauna í árlegri keppni evrópskra nema í hótél- og ferðagreinum í Eistlandi.

TÍMAMÓT 16



Erum við öll sek?

Undanfarin ár hafa ráðamenn reynt að telja okkur trú um að almenn efnahagsmál eigi ekki við," segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14




Veigar Páll með þrennu

Stabæk varð norskur meistari með glæsibrag í gær þar sem Veigar Páll stýrði veislunni.


ÍPRÓTTIR 23

VEÐRIÐ Í DAG



ÚRKOMULÍTIÐ Í dag verða víða norðanáttir 5-10 m/s en strekkingsvindur eystra. Bjartviðri sunnan- og vestanlands, stöku el norðaustan til en yfirleitt úrkomulaust. Frost um allt land, 1-6 stig víðast hvar.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðalrestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæði 18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.


70 prósent vilja ESB og evru

Mikil meirihluti vill að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu og taki upp evruna, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Prófessor í stjórnmálafræði segir þjóðina vera að leita af efnahagslegu skjóli.

SKOÐANAKÖNNUN Rúmlega 70 prósent segjast nú vilja taka upp evru í stað íslensku krónunnar og tæplega sjötíu prósent vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.


Stuðningur við evru og Evrópusambandsaðild hefur aukist mikið frá síðustu könnun blaðsins. Í febrúar var spurt hvort Ísland ætti að sækja um aðild að ESB, og sagði þá 55,1 prósent já. Nú eru 68,8 prósent fylgjandi aðild. Í september í fyrra var spurt hvort ætti að taka upp evru og voru þá 43,8 prósent því fylgjandi. Nú vilja 72,5 prósent evru í stað krónunnar.

Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU?



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 25. OKT. '08

Á ÍSLAND AÐ TAKA UPP EVRU Í STAÐ ÍSLENSKU KRÓNUNNAR?



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 25. OKT. '08

„Þetta gefur til kynna, eins og margt annað, að stór hluti almennings telji að íslenskum ráðamönnum hafi mistekist að finna Íslandi efnahagslegt skjól í alþjóðasamfé-

laginu að loknu kalda stríðinu,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði.

„Við erum varnarlaus í dag, í efnahagslegu tilliti. Við höfum

byggt á tvíhliða samskiptum við hina völdugu nágranna, en þessir tímar tvíhliðaskjól eru liðin. Það eru alþjóðastofnanir sem koma til bjargar,“ segir Baldur.

Hvort sem litið er til búsetu, kyns eða stuðnings við stjórnmálaflokka hefur stuðningur við evru og umsókn í ESB aukist mikið. Stuðningur við ESB-umsókn er minnstur meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins, en mestur meðal kjósenda Samfylkingarinnar. Um sjötíu prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmálaflokk styðja nú evru og að sótt verði um aðild að ESB.

- ss / sjá síðu 4



BARACK OBAMA TEKUR Í HENDUR Á STUÐNINGSFÓLKI SÍNU Tugir þúsunda hafa sótt kosningafundi Baracks Obama um helgina. Þarna heilsar hann mannfjölda á útfundi í Denver í Colorado í gær. Sjá síðu 8

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skíðasnjórinn snemma á ferð

ÚTIVIST „Þetta eru aðstæður sem við höfum ekki séð á þessum árstíma í mörg, mörg ár,“ segir Óskar Óskarsson, formaður Skíðafélags Dalvíkur, en skíðasvæðið í Böggi- staðafjalli var opnað í gær. Mikið hefur snjóað á Norðurlandi undanfarna daga og Óskar segir Dalvíkinga taka snjónum fagnandi enda ekki oft sem hægt sé að fara á skíði í október.

Heldur minni snjór er í Hlíðarfjalli, skíðasvæði Akureyringa, en þar vonast menn þó til að geta opnað um næstu helgi. „Við byrjuðum að framleiða snjó fyrir rúmri viku en það hefur verið svo



GOTT FÆRI Um 60 sentimetra jafnfallinn snjór var yfir öllu þegar Dalvíkingar vöknudu í gær. Margir notuðu tækifærið og brugðu sér á skíði. MYND/ÓSKAR ÓSKARSSON

hvasst að nú er meiri snjór niðri í byggð en í fjallinu,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðu-

maður skíðasvæðisins. Hann vonast til að veðurguðirnir verði skíðaiðkendum hliðhollir svo unnt verði að opna um næstu helgi og lætur ekki slá sig út af laginu þótt Dalvíkingar hafi orðið á undan. „Við samgledjumst þeim auðvitað bara,“ segir Guðmundur.

Til stendur að opna skíðasvæðið í Tindastól við Sauðárkrók í vikulok og Ísfirðingar ættu að geta skroppið á skíði snemma í vikunni. Þar fengust þær upplýsingar að snjórinn væri hreinlega orðinn of mikill. Unnið hefur verið að því að troða brekkurnar síðustu daga en varla sér högg á vatni. - þo

Nýkjörinn forseti ASÍ: Lundarfarið er mesta auðlindin

ATVINNULÍF „Þessi eiginleiki að setja á sig hanskana og einhenda sér í það sem gera þarf tel ég eina af mestu auðlindum þjóðarinnar,“

segir Gylfi Arnbjörnsson, nýkjörinn forseti Alþýðusambands Íslands. Hann segir heimsbyggðina, sem séð hafi Ísland falla öðrum fyrir í kreppunni, muni eftir rúmt ár sjá að þjóðin sé jafnframt sú sneggsta á lappirnar aftur.

Hann segir þjóðina hafa áttað sig á því að eina leiðin út úr ógöngunum sé að taka upp evru og þar af leiðandi aðgang í ESB.

Hann segir 20 ára vinskap við Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta ASÍ, sem hann sigraði í kosningum á föstudag, halda þrátt fyrir átökin.



GYLFI ARNBJÖRNSSON

- jse / sjá síðu 12

Á verði fyrir þig
SUBWAY
Kafbátur mánaðarins 6 tommu Pizzabátur
329kr.
Gildir í okt. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum



Matthías, ertu kannski trúaður á laun?

Allavega ekki ofurlaun.

Matthías Ásgeirsson er formaður Vantúrar. Hann gagnrýndi presta fyrir að hvetja þjóðina til að spara þegar þeir sjálfir væru á ofurlaunum.

Ófærð á Norðurlandi:

Vegir ruddir fyrir sjúklinga

FÆRD Björgunarsveitin Garðar á Húsavík var kölluð til aðstoðar í gærmorgun þegar flytja þurfti sjúklinga af Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík á Sjúkrahúsið á Akureyri.

Mikið hefur snjóáð á svæðinu undanfarna daga og var ekki fært fyrir sjúkrabíl yfir Víkurskarðið. Þá var vegurinn um Dalsmynni og Fnjóskadal lokaður vegna snjóflóðahættu.

Farið var með sjúklingana á tveimur björgunarsveitarbílum en snjóruðningstæki ruddu brautina. Ferðin sóttist vel og sjúklingana sakaði ekki.

Ráðstefna í Helsinki:

Létu í ljós mikla samúð

HELSINKI Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi harkalega framgöngu Breta gagnvart Landsbankanum og Icesave-reikningunum á ráðstefnu

finnska þingsins sem fram fór í Helsinki í gær. Ráðstefnan var haldin í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem hefst í dag.

Fundarmenn létu í ljós mikla samúð. Norðmenn hafa þungar áhyggjur af málinu og Árni Páll segir að varaforseti Evrópuþingsins, breski þingmaðurinn Dianna Wallis hafi sagt sér að hún deildi ekki viðhorfi breskra stjórnmála.

Geir Haarde forsætisráðherra mun í dag hitta forsætisráðherra Norðurlandanna á fundi sem helgaður er alþjóðlegu fjármála-keppunni.

- ghs

Hópur mótmælenda vekur athygli á meðferð flóttamanna í Danmörku:

Fjórir dregnir fyrir dómara

DANMÖRK Yfir fjórutíu manns voru handteknir í tengslum við mótmæli gegn flóttamannabúðunum í Sandholm í Danmörku nú um helgina. Fjórir verða leiddir fyrir dómara í Helsingjaeyri, þrjár konur og einn karlmaður.

Mótmælin voru haldin undir kjörorðinu „Lokið búðunum“. Tilgangurinn var að mótmæla meðferð Dana á flóttamönnum, sem sækja um hæli í Danmörku. Skipuleggjendur mótmælendanna segja það vera ruddalega kynþáttamismunur að einangra flóttamenn í sérstökum búðum og óþolandi sé að hælisleitendur þurfi að bíða árum saman eftir afgreiðslu mála þeirra.



MÓTMÆLIN VIÐ SANDHOLM-BÚÐIRNAR Lögreglan beitti tágasi á mótmælendur við flóttamannabúðir skammt norður af Kaupmannahöfn.

NORDICPHOTOS/AFP

Meira en þúsund manns tóku þátt í mótmælunum, sem áttu að vera friðsamleg. Hópur manna braust þó í gegnum raðir lögreglumanna

og að girðingu búðanna, sumir með virklippur, og ætlaði að rjúfa girðinguna. Lögreglan beitti tágasi gegn mótmælendum og á fréttamyndum má sjá mikinn reykt á svæðinu.

Í danska dagblaðinu Politiken er haft eftir skipuleggjendum mótmælendanna að þau hafi borið tilætlaðan árangur: „Okkur tókst að vekja athygli á aðstæðum flóttamanna.“

Þótt skipuleggjendurnir hafi hvatt til friðsamlegra mótmæla hvöttu þeir einnig mótmælendurna til að fara í gegnum girðinguna og klifra upp á þak búðanna og hrópa þar mótmæli sín.

- gb

Líkamsrás á Hverfisgötu:

Einn tekinn, þriggja leitað

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær karlmann sem grunaður er um aðild að alvarlegri líkamsrás í íbúðarhúsi við Hverfisgötu á laugardagskvöld.

Fjórir hettuklæddir menn ruddust þar inn og gengu í skrokk á fjórum íbúum. Árásarmennirnir voru á bak og burt þegar hún kom á vettvang.

Tveir mennanna voru fluttir á slysadeild með höfuðáverka en hinir tveir, sem meðal annars voru með brotnar tennur eftir átökin, vildu ekki þiggja læknaaðstoð.

Lögregla leitar enn að þremur árásarmönnum.

- þo

Segir flýtimeðferð hafa strandað á Seðlabanka

Björgólfur Thor Björgólfsson segir að Seðlabankinn hefði getað afstýrt óvissunni um reikninga Icesave með því að veita Landsbankanum 30 milljarða lán.

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands hefði getað afstýrt óvissunni sem ríkir um Icesave-reikningana í Bretlandi og milliríkjadeilunni sem upp er komin milli Breta og Íslendinga vegna þess máls með tilheyrandi álitshnekkni fyrir Íslendinga.

Þetta segir Björgólfur Thor Björgólfsson, einn af fyrrverandi eigendum Landsbankans, í viðtali sem sýnt verður í fréttaskýringarættinum Kompás í kvöld.

Hann segir að bresk yfirvöld hafi boðist til að taka yfir alla Icesave-reikninga degi áður en neyðarlögin voru sett. Það var þó gegn því að Landsbankinn greiddi 200 milljónir punda, eða því sem nemur um 37 milljörðum króna, sem tryggingu.

Eftir að breska fjármálaeftirlitið hafði lengi sýnt tregðu í málinu urðu vatnaskil, að sögn Björgólfs, sunnudaginn 5. október, en þá var boðist til að koma Icesave úr íslensku lögsögu á fimm dögum. Landsbankanum var veittur frestur til hádegis næsta dags til að reida fram trygginguna svo að af þessu mætti verða. Hann segir að beðið hafi verið um lán til þess hjá Seðlabankanum gegn bestu hugsanlegum veðum. Seðlabankinn hafi hinsvegar ekki virt Landsbankamönnum svars þar til klukkan hálfeitt að hádegi mánudags, 6. október, en þá var þeim tilkynnt að þeir fengju ekki lánið. „Við áttum sjálf nóg af lausu fé. Það var hins vegar í íslenskum krónum og það var engin leið að nálgast gjaldeyri,“ segir Björgólfur við Kompás.

Þetta segir hann jafnframt skýra hörd viðbrögð Alistairs Darling, fjármálaráðherra Breta. Darling hafi talið að fyrst Íslendingar hafi ekki veitt Landsbankanum trygg-



BJÖRGÓLFUR ÁSAMT FYRRUM BANKASTJÓRUM LANDSBANKANS Í þætti Kompás sem sýndur verður í kvöld á Stöð 2 segir Björgólfur Thor Björgólfsson að Seðlabankinn hafi neitað bankanum um lán sem afstýrt hefði getað deilunni við Breta.

inguna hefðu þeir ekki í hyggju að standa við skuldbindingar sínar vegna Icesave.

Eiríkur Guðnason, einn þriggja seðlabankastjóra, vildi ekki bregðast við orðum Björgólfs í gær. „Ég er í fríi í dag og ég er með gesti. Ég fer ekki að fara í vinnuna núna.“

Sigurjón Arnason, fyrrum bankastjóri Landsbankans, segir Seðlabankann upphaflega hafa verið beðinn um þúsund milljónir evra vegna þess að Bretarnir báðu um umtalsvert hærri fjárhæð. „Eftir samningaviðræður náðum við að lækka þá fjárhæð í 500 milljónir. Hluta átti að nota í Icesave og restina í annað. En við vorum með eignir upp á 2,5 milljarða evra á móti. Þar á meðal voru ríkisskuldabréf, kröfur á lífeyrissjóði og ýmsar erlendar eignir. Það voru mikil vonbrigði fyrir okkur að fá ekki lánið. Ekki síst í ljósi þess að við skulduðum Seðlabankanum ekki krónu.“

Inntur eftir viðbrögðum við viðtalinu segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra: „Ég minnst þess aldrei í lotunni að það hafi komið beiðni til okkar í ráðherraþópnum um slíkt lán. Hins vegar hlýtur Seðlabankinn að svara fyrir sig.“

„Þessar upplýsingar Björgólfs eru mjög athyglisverðar,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. „Og þær hljóta að skoðast í því ljósi að Seðlabankinn hafði einnig hafnað Glitni um lán skömmu áður. Seðlabankinn hlýtur að gera grein fyrir ástæðu fyrir ákvörðunum sínum við fyrsta hentugleika.“

Leitað var án árangurs eftir viðbrögðum Geirs H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra, Árna Mathiesen fjármálaráðherra, Ingimundar Friðrikssonar seðlabankastjóra og Þorgerðar K. Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.

- jse, hhs



RALPH NADER Byður sig fram til forseta í 45 ríkjum Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þriðji frambjóðandinn:

Nader setti ræðumet

BANDARÍKIN, AP Óháði forsetaframbjóðandinn Ralph Nader hefur ekki verið mikið í fréttum, heldur fallið nánast alveg í skuggann af demókratanum Barack Obama og repúblíkananum John McCain.

Nader, sem er 74 ára, gerði sér þó lítið fyrir á laugardaginn og sló ræðumet. Hann segist hafa talað samtals í að minnsta kosti 255 mínútur á 21 stað í Massachussetts, sem dugir honum til að komast í Heimsmetabók Guinness.

Hann byrjaði daginn klukkan 8.15 í Westfield, en lauk deginum klukkan 23.30 í kosningateiti í Sheffield. Þess á milli hafði hann flutt ræður á matsöslustöðum, bókasöfnunum og vinnustöðum víðs vegar um ríkið í 15 mínútur til hálf tíma á hverjum stað.

- gb

SAMGÖNGUR

Bjargað tvisvar sama daginn

Þrjár björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar björguðu í gær manni Héraðsmegin á Helliðseyri. Þar sat fólkshill hans fastur, en illskuveður var á svæðinu. Fyrr um daginn hafði björgunarsveitin Hérað sótt hann þegar hann lenti í vandræðum á Óxi.

Framsóknarmenn vilja flýta viðræðum um aðild að Evrópusambandinu:

Á skjön við vilja formannsins

STJÓRNMÁL „Þetta kemur kannski einhverjum á óvart en ég held að þessi skoðun hafi verið að mótast á síðustu mánuðum. Þeir atburðir sem hafa átt sér stað á undanförunum vikum gera það að verkum að fólk er orðið þeirrar skoðunar að nú megi engan tíma missa,“ segir Valgerður Sværisdóttir varaformaður Framsóknarflokksins.

Í ályktun sem samþykkt var á kjördæmisþingi framsóknarmanna í norðausturkjördæmi um helgina segir að í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna skuli þegar hafinn undirbúningur að samningaviðræðum um inngöngu í Evrópusambandið og að niðurstöðurnar skuli lagðar í þjóðaratkvæði.

Samþykktin gengur því lengra en fyrri hugmyndir framsóknarmanna um að ganga til tvöfaldrar þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem fyrst yrði kosið um hvort hefja ætti viðræður yfirhöfuð.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, minnr á að umræðan hafi enn ekki verið tekin upp á flokksþingi og því sé í raun engin niðurstaða komin í málið.

„Parna leggja menn beint til að það verði farið að undirbúa aðildarumsókn sem flokkurinn hefur enga



GUÐNI ÁGÚSTSSON



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR

afstöðu tekið til enn þá. Þetta sýnir að við lifum eins og við séum á hverfanda hveli. Það er allt í uppnámi í samfélaginu,“ segir Guðni sem vill dýpka umræðuna.

„Þessi ályktun snýst þó um stóru spurninguna, hverju viljum við Íslendingar fórn og hverju viljum við ekki fórn. Við verðum fyrst að ná samstöðu hér í þjóðfélaginu. Ég álit að við stökkvum ekki í fangið á neinum við þessar aðstæður.“

- þo


Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Pevaryl®, Pevaryl Depot® (ekónazol kem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fánlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynferum af vöðum candida albicans. Lyfið er ekki arlað börnum. Þeir sem hafa smertofnami fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðlað hettur og verja sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömrunu fylgja lyfinu. Leitið til lækis eða lyfjafærings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfin. Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafið markabreytis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vístor hf., Hörgatun 2, Garðabæ.



Upplifðu Veröld Nova í símanum þínum!

Veröld Nova er einkaskemmtistaður viðskiptavina Nova. Þar getur þú fylgst með fréttunum á mbl.is, Stöð 2, Rúv og CNN. Þú getur einnig horft á myndskaið úr Ríkinu, Dagvaktinni, Næturvaktinni og öllum þessum vöktum. Upplifðu Veröld Nova!
Símatilboð Nova gilda í áskrift og frelsi. **Skiptu núna!**



Netið í símann
frítt til 1. jan!

Sony Ericsson G502

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Nokia 5320 ExpressMusic

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

0 kr. Nova
í Nova!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lág múla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,66	121,24
Sterlingspund	187,53	188,45
Evra	151,58	152,42
Dönsk króna	20,31	20,428
Norsk króna	17,137	17,237
Sænsk króna	15,128	15,216
Japanskt jen	1,3041	1,3117

SDR	179,27	180,33
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,6808
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Baldur Þórhallsson um könnun Fréttablaðsins á upptöku evru og ESB:

Leitað eftir efnahagslegu skjóli

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta vekur þó nokkra athygli, þó þetta komi kannski ekki á óvart,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, um þá niðurstöðu nýrrar könnunar Fréttablaðsins að um 70 prósent vilja að hér verði tekin upp evra og sótt verði um aðild að Evrópusambandinu. Hann telur að með þessu sé almenningur að kalla á ráðamenn til róttækra aðgerða til að draga úr miklum hagsveiflum. „Þetta gefur til kynna, eins og margt annað, að stór hluti almennings telur að íslenskum ráðamönnum hafi mistekist að finna Íslandi efnahagslegt skjól í alþjóðasamfélaginu að loknu kalda stríðinu,“



BALDUR ÞÓRHALLSSON Baldur, sem er prófessor í stjórnmálafræði, segir tíma tvíhliðaskjólis liðna. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI** segir Baldur og telur að fólk liti því nú til ESB. Baldur bendir á að í kalda stríðinu hafi Ísland verið í skjóli Banda-

rikjamanna og þar áður í skjóli Dana. „En við erum varnarlaus í dag, í efnahagslegu tilliti. Við höfum byggt á tvíhliða samskiptum við hina völdugu nágranna. En þessir tímar tvíhliðaskjólis eru liðnir. Það eru alþjóðastofnanir sem koma til bjargar.“ Í ljósi könnunarinnar veltir Baldur því fyrir sér hvort Sjálfstæðisflokkurinn sé nú að tapa fylgi á andstöðu við aðild að ESB. „Ég held að þetta hafi ekki haft áhrif á fylgi flokksins, því þetta hefur ekki verið kosningamál. Nú held ég það sé komið að þeim tímupunkti að hluti kjósenda kjósi á grundvelli ESB.“

Ekki réttur tími fyrir viðræður

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta kemur mér ekki á óvart,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna. „Þessar lausnir hafa



ÖGMUNDUR JÓNASSON

verið predikaðar sem allsherjarlausnir á okkar vanda. Eftir stendur hitt, að við stöndum fjær því en nokkru sinni að fullnægja skilyrðum um aðild.“ Hann telur nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina, en ekki fyrir en óveðrinu slotar. „Þá skiptir mestu máli hvað verður um þá auðind sem er okkur dýrmætust þegar allt kemur til alls - sjávarauðindina og ráðstöfun hennar.“

Kemur alls ekki á óvart

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta kemur alls ekki á óvart,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka



VILHJÁLMMUR EGILSSON

atvinnulífsins. „Það er augljóst mál að staða krónunnar hefur breyst mjög til hins verra og hagurinn sem við myndum hafa af því að taka upp evru hefur komið æ betur í ljós eftir því sem krónan lendir í meiri erfiðleikum. Það liggur fyrir að við þurfum að ganga í Evrópusambandið til að taka upp evru sem gjaldmiðil svo aukinn áhugi á aðild kemur ekki heldur á óvart. Það hefur verið athugað vel hvort unnt sé að taka upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið og svo virðist ekki vera.“

Mun fleiri styðja nú ESB-umsókn og evru

Stuðningur við upptöku evru og aðildarumsókn í Evrópusambandið hefur aukist mikið, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Meirihluti stuðningsmanna allra flokka vill nú evru í stað krónu og að sótt verði um aðild að ESB.

SKOÐANAKÖNNUN Nú segjast 68,8 prósent vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Því mótfallin eru 31,3 prósent. Stuðningur við aðildarumsókn hefur aukist töluvert frá því í febrúar, þegar 55,1 prósent sagðist styðja aðildarumsókn.



Þá segjast 72,5 prósent vilja að evra verði tekin upp í staðinn fyrir krónuna, en 27,5 prósent eru því mótfallin. Síðast spurði Fréttablaðið um evruna í september á síðasta ári. Þá sagðist 44,1 prósent vilja evru í stað krónu, en meirihluti, eða 55,9 prósent, var því mótfallin.

Meirihluti stuðningsfólks allra flokka og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk styður nú evru og aðildarumsókn.

Minnstur er stuðningurinn við aðildarumsókn meðal kjósenda Sjálfstæðisflokks. 50,5 prósent þeirra styðja nú aðildarumsókn. Í febrúar var hlutfallið 40,3 prósent. Af kjósendum Sjálfstæðisflokksins styðja 56,4 prósent nú upptöku evru, en hlutfallið var 26,2 prósent í september 2007.

Mestur er stuðningurinn meðal kjósenda Samfylkingar. Nú segjast 93,0 prósent þeirra styðja Evrópusambandsumsókn, en hlutfall þeirra var í febrúar á þessu ári tæplega 80 prósent. Nú styðja 89,4 prósent samfylkingarfólks upptöku evru, en hlutfall þeirra var 69,0 prósent í september 2007.

Af kjósendum Vinstri grænna styður 55,1 prósent nú aðildarumsókn í ESB. Í febrúar var hlutfallið 56,0 prósent. Þá styðja 66,2 prósent vinstri grænna upptöku evru nú, en



41,3 prósent þeirra vildu evru í september 2007.

Af þeim sem ekki gefa upp stuðning við flokk segist nú 68,1 prósent styðja aðildarumsókn í ESB, og hefur hlutfallið aukist úr 51,4 prósentum í febrúar. Segjast 72,5 prósent þeirra jafnframt vilja evru í stað krónu og hefur hlutfall þeirra aukist verulega frá því í september 2007, þegar 33,1 prósent þeirra studdu upptöku evru.

Um 62,5 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins styðja umsókn í ESB og 77,3 prósent þeirra vilja evru. Þá segist 57,1 pró-

sent þeirra sem styðja Frjálslynda flokkinn vilja að sótt verði um aðild og 53,3 prósent vilja að evran verði tekin upp í stað krónu.

Hringt var í 800 manns laugar- daginn 25. október og skiptust svar- endur jafnt eftir kyni og hlutfalls- lega eftir búsetu. Spurt var: Á Ísland að taka upp evru í stað íslensku krónunnar? og tóku 80,9 prósent afstöðu til spurningarinnar. Þá var spurt: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu? en 80,0 prósent tóku afstöðu til þeirrar spurningar.

svanborg@frettabladid.is

Ástandið litar niðurstöðurnar

SKOÐANAKÖNNUN „Það kemur í sjálfu sér ekki mjög á óvart þótt niðurstöður hafi breyst frá því í síðustu könnun. Það efnahags- ástand sem nú ríkir og umræðan um það hversu illa hefur gengið að halda krónunni í jafnvægi hefur greinilega mikið að segja um álit fólks,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustu.

Hún kveðst í sjálfu sér ekki hissa á að kjósendur allra flokka skuli vera sömu skoðunar. „Niðurstaðan litast af ástandinu sem nú ríkir svo það kemur ekki á óvart að fólk hafi skipt um skoðun.“

Skilaboð til flokkanna

SKOÐANAKÖNNUN „Þetta eru mjög athyglisverðar niðurstöður og það er líka athyglisvert að fleiri skuli taka afstöðu nú en áður,“ segir Katrín Ólafsdóttir, hagfræðingur og lektor við viðskipta- deild Háskólans í Reykjavík.



KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

„Við höfum séð það núna svart á hvítu hverjir veikleikar krónunnar eru og hvað það skiptir miklu máli að hafa sterkan bakhjarl. Það er ljóst hver vilji landsmanna er og ef meirihluti kjósenda í öllum flokkum er þessarar skoðunar held ég að þeir stjórnmálaflokkar sem hafa hingað til verið mótfallnir inngöngu í ESB og upptöku evru þurfi að endurskoða sína afstöðu.“

ESB engin lausn á vandamálinu

SKOÐANAKÖNNUN „Það var við því að búast að við þessar aðstæður yrði mikill áhugi á breytingum,“



BJARNI HARÐARSON

segir Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknar- flokksins. Hann telur að þessi mynd muni breytast hratt þegar fleiri lönd verða banka- kreppunni að bráð. Íslendingar hefðu ekki farið betur út úr núverandi hremmingum þótt Ísland hefði verið í Evrópusam- bandinu. „Þegar menn fara að læra af þeim hörmungum sem núna ríða yfir verður lærdómur- inn ekki að blind markaðshyggja sé lausnin á okkar vandamálum. Út á það gengur hugmyndafræði Evrópusambandsins.“

Meinfyndin, dramatísk, einföld og íslensk

HEIÐIN

kvikmynd í sérflokki, er komin á DVD

„Vönduð íslensk bíómynd“ ÖHT, Rás 2.

„Sérstakur sjarmur“ AS, mbl

„... furðu áhrifamikil mynd af fólkinu í sveitinni“ IJ, 24Stundir

www.passportpictures.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir Veðurfréttamaður

BJÖRT OG RÓLEG VÍKA
Á morgun verður bjartviðri víða um land en þykkar lítilliga upp síðdegis vestan til. Horfur eru á að það hlýni lítilliga vestan til með morgundeginum og yfirleitt verði frostlaust við strendur landsins á fimmtudag.

Á MORGUN
3-8 m/s. Þykkar upp vestan til síðdegis.

MÍÐVÍKUDAGUR
Hæg breytileg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	11°
Billund	10°
Ósló	8°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	11°
London	13°
Paris	13°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	12°
Berlín	12°
Alicante	23°
Mallorca	25°
Basel	14°
Eindhoven	12°
Las Palmas	23°
New York	16°
Orlando	26°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

*Veljum íslenskt
– okkar hagur!*



KJÖRKASSINN



Verður þetta harður vetur?

Já	77,4%
Nei	22,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með forsetakosningunum í Bandaríkjunum?

Segðu hug þinn á vísiris



Þingmenn og aðrir hvattir til að mæta á borgarafund í Iðnó í kvöld:

Engar pólitískar ræður leyfðar

SAMFÉLAGSMÁL Þingmenn og bankastjórar Seðlabankans eru meðal þeirra sem hafa verið boðaðir til borgarafundar í Iðnó í kvöld. Gunnar Sigurðsson leikstjóri er einn skipuleggjenda fundarins. „Þetta verður málfundur þar sem öllum er boðið að tjá sig. En þingmenn fá þó ekki að halda neinar pólitískar ræður þarna. Þeir eiga bara að svara spurningum almennings í sem stystu máli.“

Gunnar segir sjálfsgöðan rétt almennings að ráðamenn þjóðarinnar hlusti milliliðalaust á hvað hann hefur að segja. „Þingmenn eru alveg hættrir að boða fólk á sinn fund. Þeir tala ekki við okkur

öðruvísi en í gegnum sjónvarp, dagblöð eða aðra miðla.“

Hann segir margar spurningar brenna á fólki sem nauðsynlegt sé að ráðamenn svari. „Margir, og ég þar með talinn, eru til dæmis að taka á sig beinar launalækkningar. Hvernig stendur á því að enginn á Alþingi stendur upp og gerir slíkt hið sama? Ég get bara ekki lengur orða bundist yfir því hvernig komið er fram við okkur.“

Hann skorar á ráðamenn og allan almenning að láta sjá sig. „Ef það hefur einhvern tímann verið tími til að vera ærlegur, þá er það núna.“



GUNNAR SIGURÐSSON LEIKSTJÓRI
Boðar ráðamenn og borgara til fundar í Iðnó í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

Ótti við vöruskort:

Nægar birgðir enn af tóbaki

EFNAHAGSMÁL Staðan á tóbaksbirgðum ÁTVR er í eðlilegu horfi og ættu að duga í um það bil mánuð. Aðgangur að gjaldeyri er takmarkaður og birgjar hafa í mörgum tilfellum ekki getað leyst út vörur. Stjórnvöld hafa unnið að því að gjaldeyri sé til fyrir nauðsynjavörum, svo sem mat, lyfjum og olíu. Margir óttast þó vöruskort í öðrum vöruflokkum og segir Örn Stefánsson, innkaupastjóri ÁTVR, að varan verði seint ef nokkurn tímann talin til nauðsynja.

Tveir af þeim þremur heildsölum á tóbaki sem hér eru og sögðu þeir stöðuna nú eðlilega.

- ldk

Fimmtíu úr landi í fylgd lögreglunnar

Samtals fimmtíu brotamenn og hælisleitendur hafa verið sendir úr landi í lög- reglufylgd það sem af er árinu eftir úrskurð Útlendingastofnunar um brottvísun þeirra. Lögreglumenn fylgdu fjórum mönnum úr landi á föstudag.

LÖGREGLUMÁL Erlendir brotamenn, svo og hælisleitendur, eru sendir í lögreglufylgd úr landi í viku hverri að sögn Smára Sigurðssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns í alþjóðadeild ríkislögreglustjóra. Á föstudag voru til að mynda fjórir menn, tveir Albanar og tveir Litháar, fluttir utan eftir úrskurð um að þeim skyldi vísað úr landi. Fyrr í vikunni var hælisleitandi frá Srí Lanka fluttur úr landi. Alls hafa fimmtíu manns verið sendir utan það sem af er árinu, þar af þrjátíu brotamenn.

„Þessir flutningar eru eitt af okkar hlutverkum,“ segir Smári, „og þeir eru nánast stanslausir. Við erum að eins og við höfum þol til og fáum stundum lögreglumenn lánaða annars staðar að til að hjálpa okkur við að flytja brotamenn, og stundum hælisleitendur, úr landi.“

Hvað varðar erlendu brotamennina segir Smári um að ræða menn sem séu að losna úr fangelsi. Samkvæmt reglum Fangelismálastofnunar afpláni þeir helming refsingar og séu þá lausir. Þeim sé vísað úr landi af Útlendingastofnun strax í framhaldi af því og settir í endurkomubann.

„Við flytjum þá og komum þeim, eftir atvikum, annaðhvort heim til sín eða út af Schengen-svæðinu,“ útskýrir Smári. Spurður um hverjir fari í lögreglufylgd alla leið til síns heima segir Smári þá vera um að ræða menn sem hugsanlega gætu talist hættulegir.

Litháarnir tveir sem fluttir voru utan í gær höfðu til dæmis staðið í innbrotum og þjófnum og voru dæmdir vegna þess. Lögregla



BROTTVÍSUN OG ENDURKOMUBANN Lögreglumenn frá embætti ríkislögreglustjóra fylgja í viku hverri erlendum brotamönnum og hælisleitendum úr landi.

fylgdi þeim til Frankfurt og kom þeim þar um borð í flugvél til Litháens.

Albanarnir hins vegar fóru í lögreglufylgd alla leið til Pristínu að kröfu flugfélaganna. Þeir höfðu setið í gæsluvarðhaldi hér og voru grunaðir um aðild að Frelsisher Kosovó.

„Flugstjóri hefur algjört einræðisvald um borð í flugvél,“ segir Smári. „Ef hann segist ekki flytja þessa menn án lögreglu-

fylgdar þá verður svo að vera. Flugfélögunum er allaf tilkynnt um þessa flutninga og þau hafa sínar reglur þar um. En þetta sem við erum að gera hér er aðeins lítið brot af öllum þeim flutningum sem fram fara í Evrópu.“

Smári segir flutningana mjög mannfreka og því hafi þurft í vaxandi mæli að fá lögreglumenn annars staðar frá til aðstoðar við flutningana.

jss@frettabladid.is

BLÖNDUÓS

Hættu sér ekki yfir isinn

Björgunarfélagið Blanda á Blönduósi var kallað út í gær til að aðstoða nokkur hross í sjálfhældu. Hrossin voru í hólma úti í Laxá á Ásum og hættu sér ekki yfir isinn. Var brugðið á það ráð að fá björgunarsveitina til aðstoðar og með því að búa til leið yfir isinn var hægt að reka stóðid yfir.

LÖGREGLUFRETTIR

Tvær líkamsrásir á Akureyri

Einn gisti fangageymslur á Akureyri í fyrrið eftir líkamsrásir í bænum. Var árásin önnur tveggja sem tilkynnt var um til lögreglu þessa nótt en tveir leituðu á slysideild eftir slagsmálin.

Ölvaður á Reykjanesbraut

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann í fyrrið eftir vegna grunsamlegs aksturslags á Reykjanesbraut. Ökumaðurinn reyndist ölvaður og var fluttur á lögreglustöð þar sem hann var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÓDD, OLÍS NORÐLINGAHLTI, NÝBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI



Quiznos Sub

HOLLT OG GOTT

TAKTU MEÐ ÞÉR

HEIM OG Í VINNUNA

Höfum opnað!

NÝ
VERSLUNNÝ
MATSTOFA

VELKOMIN!

Opnunartími:
mánudaga–föstudaga
frá kl. 11:00–19:30
laugardaga
frá kl. 11:00–16:00

Suðurlandsbraut 12 • Sími 557 5880

KRÚSKA

LÍFRÆNT • LÉTT • LJÚFFENG

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Neytendur: Dýrt að læsa sig úti

5 þúsund fyrir að opna



DR. GUNNAR
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Kona, sem vildi ekki láta nafns síns getið, hafði samband og var mikið niðri fyrir. „Ég læsti mig úti og hafði samband við Neyðarþjónustuna. Þaðan kom maður eftir fimm mínútur og var tvær mínútur að opna. Fyrir þetta borgaði ég fimm þúsund krónur og finnst það svakalega mikið.“

Stefán Jóhannsson hjá Neyðarþjónustunni varð fyrir svörum. „Við erum á vakt allan sólarhringinn og öfugt við aðra í þessum bransa erum við með sama verð á öllum tímum sólarhringsins, útkallið er á 5000 kr. Við erum fljótir á staðinn og fljótir að leysa úr málinu. Það er mjög mikið að gera þessa dagana og mikið af því er fólk sem læsir sig út úr bílum. Þá hefur það hlaupið út til að skafa rúðuna og central-læsingin á bílnum hefur skellt öllu í lás. Fólk þarf að passa sig á þessu.“



LYKILL Ekki læsa hann inni!

KÆRAR ÞAKKIR!



LÍTTU Í EIGIN BARM

Í nýafstöðnu söfnunarátaki Krabbameinsfélagsins náðist það markmið að selja 40 þúsund eintök af bleiku slaufunni. Ágóðinn af sölunni verður notaður til að greiða fyrir nýjan stafrænan röntgenbúnað sem getur greint brjóstakrabbamein á frumstigi betur en núverandi búnaður.

Við þökkum þjóðinni ómetanlega hjálp í þessu stærsta verkefni félagsins í 57 ára sögu þess.



02-1848 / HVIÐA HÚSD / SÍA



SÖLUADILAR

Eymundsson

KASKO

RYRAN

Samkaup strax

Samkaup úrval



parlogis

margt smátt

toppur

NTC



KAUPPING

Aðalstyrktaraðili Krabbameinsfélagsins

STYRKARADILAR

VEISTU SVARIÐ?



1 Við hvaða stjórnmálaflokka hefur fylgi aukist samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins?

2 Hvern gagnrýndi söngkonan Emilliana Torrini í viðtali við breska blaðið Sun um helgina?

3 Á móti hverjum lék kvennalandslið Íslands sinn fyrri leik í umspili um laust sæti í úrslita-keppni EM í gær?

SIÁ SVÖR Á Síðu 26

Hæstiréttur Tyrklands:

Stjórnarflokkur ekki brotlegur

TYRKLAND, AP Hæstiréttur Tyrklands segist engar vísbendingar hafa fundið um að Réttlætis- og þróunarflokkurinn, hinn íslamski stjórnarflokkur landsins, hafi með beitingu ofbeldis reynt að ná fram breytingum á hinni veraldlegu stjórnskipan landsins.

Hins vegar hafi tilraunir stjórnarflokksins til að afnema bann við notkun höfuðklúta í háskólum ótvírætt brotið gegn hinni veraldlegu stjórnskipan.

Þetta kemur fram í rökstuðningi dómstólsins, sem birtur var í gær, fyrir dómsúrskurði frá í júlí þar sem fallið var frá því að banna starfsemi flokksins. - gb



UMHVERFISLÝS Klórleki drap mestallt kvíkt í neðri hluta Varmár.

Tilraunir eftir klórslysið:

Haustveiði gekk vonum fram

UMHVERFISMÁL „Ástand Varmár er betra en menn þorðu að vona,“ segir Pétur Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Öll stangveiði lá niðri í Varmá í sumar vegna klórslyssins mikla sem varð í fyrrahaust þegar klór lak frá sundlauginni í Hveragerði.

Tilraunaveiði hófst síðan í byrjun september og stóð fram til 20. október. „Veiðimálastofnun á eftir að fara yfir veiðibækurnar en ég get þó sagt að það var talsvert líf um alla á,“ segir Pétur Þór. - gar

Livni hefur gefist upp á stjórnarmyndunartilraunum í Ísrael:

Kosningar í byrjun næsta árs

ÍSRAEL, AP Tzipi Livni, leiðtogi Kadima-flokksins í Ísrael, gaf frá sér í gær tilraunir til að mynda stjórn, sem þýðir að efnt verður til kosninga innan örfárra mánaða.

Ljóst þykir að lítið verður gert í samningaviðræðum við Palestínunum fyrr en eftir kosningar. Auk þess eru líkur til þess að Benjamin Netanyahu, leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Likud, verði sigurvegari kosninganna og verði því forsætisráðherra á ný. Hann hefur staðið harður á móti því að Ísraelar gefi eftir í deilum við Palestínunum.

Livni, sem hefur verið utanríkisráðherra í stjórn Ehuds Olmert,



TZIPI LIVNI Alger biðstaða verður líklega í öllum viðræðum við Palestínunum þar til eftir kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hefur reynt að mynda nýja stjórn eftir að Olmert sagði af sér vegna spillingarmála. - gb

Samstarfsflokkar Olmerts hafa notað þessi umskipti til að reyna að ná fram fleiri málum af stefnu-skrám sínum í nýrri stjórn Livni. Hún sagðist hafa viljað koma til móts við flokkana, en sumar kröfur hafi verið óviðráðanlegar.

„Þegar ljóst var orðið að allir flokkarnir væru að notfæra sér tækifæri til að gera kröfur sem eru bæði efnahagslega og pólitískt ótækar, þá ákvað ég að hætta við og fara í kosningar,“ sagði hún.

Dalia Itzak, forseti ísraelska þjóðþingsins, reyndi í gær að gera úrslitartilraun til að bjarga stjórnarmyndunarviðræðunum, en sú tilraun varð árangurslaus. - gb

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

Veitir Úkraínu neyðarlán

ÚKRAÍNA Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skýrði í gær frá því að Úkraína fengi 16,5 milljarða dala lán úr sjóðnum til að tryggja stöðugleika í efnahag og fjármálum landsins.

Þetta er nærri átta sinnum hærra upphæð en Ísland fær að láni frá sjóðnum, samkvæmt því sem tilkynnt var um á föstudag. Stjórn sjóðsins á þó enn eftir að samþykkja lánið til Úkraínu, rétt eins og íslenska lánið.

Sjóðurinn hefur úr meira en 200 milljónum dala að ráða til lánveitinga til að styrkja efnahag ríkja sem nú eiga í vanda. - gb

McCain segist enn bjartsýnn á sigur

Sigur Baracks Obama virðist nánast í höfn í forsetakosningunum í næstu viku. John McCain reynir þó að bera sig vel og berst af kappi. Stærsta dagblaðið í Alaska, ríki Söruh Palin, lýsti um helgina yfir stuðningi við Obama.

Forsetakosningar 2008

BANDARÍKIN, AP John McCain, forsetaefni bandaríska Repúblikanaflokksins, segist enn gera sér vonir um að sigra í kosningunum, sem haldnar verða eftir aðeins átta daga.

„Það verður mjög mjótt á muninum, og ég tel að ég beri sigur úr bítum,“ sagði hann í sjónvarpsþætti í gær.

Hann á þó ansi langt í land til að ná upp forskoti Obama. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Obama þegar nánast tryggt sér þau 270 atkvæði á kjörmannahæð sem þarf til að sigra, en McCain er býsna langt frá því marki.

Barátta McCains beinist nú að því að halda meirihluta í þeim ríkjum, þar sem repúblikanar hafa samkvæmt skoðanakönnunum nauman meirihluta. Demókratinn Barack Obama einbeittir sér hins vegar að því að snúa á sitt band fleiri ríkjum, sem venjulega hafa stutt frambjóðendur repúblikana.

Sarah Palin, varaforsetaefni McCains, hefur með ýmsum upptökum þótt skemma fyrir honum kosningabaráttuna frekar en að hjálpa til. McCain vísaði þó slíku á bug og sagðist treysta henni fullkomlega: „Ég er ekki að verja hana. Ég hrósa henni. Hún er nákvæmlega það sem þarf í Washington,“ sagði McCain í gær.

Hann vísaði einnig á bug gagn-



ÖNNUM KAFINN FRAMBJÓÐANDI John McCain á kosningafundi í Iowa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

rýni á það hve miklum fjármunum Repúblikanaflokkurinn hefur varið til fatakaupa handa Palin: „Hún lifir sparsömu lífi. Hún og fjölskylda hennar eru ekki auðug,“ sagði hann, og bætti því við að þriðjungur þessa fjár verði endurgreiddur, en afgangurinn af fótunum verði gefinn til góðgerðastarfsemi.

Báðir frambjóðendurnir voru með kosningafundi í Albuquerque í Nýju-Mexíkó á laugardaginn. Á fund McCains mættu 1.500 manns en til Obama 45 þúsund manns. Íbúar þar eru margir af suðuramerískum ættum, og bendir

aðsóknin til þess að fylgi Obama meðal þess hóps sé að styrkjast, sem gæti einnig styrkt stöðu hans í bæði Nevada og Colorado.

Dagblaðið New York Times lýsti á laugardaginn stuðningi sínum við Obama, sagði hann hafa staðið sig vel í langri og strangri kosningabaráttu.

Fleiri bandarísk dagblöð hafa verið að lýsa yfir stuðningi við ýmist Obama eða McCain, en sérstaka athygli vakti að stærsta dagblaðið í Alaska, þar sem Sarah Palin er ríkisstjóri, lýsti yfir stuðningi við Obama.

gudsteinn@frettabladid.is



ÚTVÖRP Einstakt safn útvarpstækja er sagt vera til á Íslandi.

Áhugahópur biður húsi griða: Útvarpssafn á Vatnsendahæð

MENNING Áhugahópur um verndun útvarpshússins á Vatnsendahæð vill að þar verði safn útvarpstækja allt frá bernsku útvarps á Íslandi.

„Slíkt safn er til og er af mörgum talið einstakt í veröldinni,“ segir um málið í fundargerð skipulagsnefndar Kópavogs. Nefndin telur tillögu áhugahópsins áhugaverða og segir hana munu verða tekið til frekari umfjöllunar við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Kópavogs. Einnig kom fram á fundinum að unnt væri að varðveita möstur úr eik á Vatnsenda og var ákveðið að huga að því sömuleiðis. - gar

Mjög hættuleg líkamsárás:

Skar í andlit með stálhníf

DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur maður hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og ólöglegan vopnaburð á almannafæri.

Hann sló mann í andlitíð fyrir utan skemmtistað í Hafnarfirði og skar hann síðan vinstra megin í andlitíð með stálhníf. Maðurinn fékk meðal annars heilahristing og stóran skurð sem sauma þurfti saman með átján sporum.

Auk þess sem krafist er refsingar yfir árásarmanninum fer fórnarlambið fram á ríflega 250 þúsund króna skaðabætur. - jss

Adam Zygmunt þurfti að borga Glitni fyrir að leita peninga sem bankinn týndi: 750 krónur fyrir að finna féð

NEYTENDUR „Fyrst týna þau peningunum mínum og svo á ég að borga fyrir að þau finni þá aftur,“ segir Adam Zygmunt sem þurfti að greiða Glitni 750 krónur fyrir að leita peninga hans sem bankinn týndi. „Ég keypti evrur fyrir 375 þúsund krónur og lét millifæra til Póllands þann 7. október. Peningarnir hafa ekki skilað sér. Ég hef farið nokkrum sinnum í bankann til að ýta á eftir þessu. Nú síðast var ég rukkaður um 750 krónur fyrir leitina.“

Samkvæmt upplýsingum frá Glitni borga viðskiptavinir þessa sömu upphæð ef þeir hafa sjálfir gefið rangar upplýsingar, til að mynda um reikningsnúmer. Mistök hafi að öllum líkindum valdið því að Adam þurfti að borga fyrir þjónustuna. Fjöldmargir eru enn í þeirri stöðu að peningar þeirra eru týndir í kerfinu. Þann 7. október milli-færði landi Adams og félagi, Tadeusz Mic, einnig peninga til Póllands. Sömu sögu er að segja af þeirri millifærslu. Sjóundi október er sami dagur og tilkynnt var að Fjármálaeftirlitið hefði tekið Glitni yfir.

Eiginkona Adams og börnin hans tvö búa í Póllandi. Konan hans er heimavinnandi og fjöl-



ÓSÁTTIR Adam Zygmunt og Tadeusz Mic millifærðu báðir peninga til Póllands 7. október. Þeir hafa ekki skilað sér. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNPÓR

skyldan því háð tekjum hans. Adam flytur aftur heim til þeirra eftir helgi, peningalaus, eftir tæplega þriggja ára dvöl á Íslandi. - hhs

Basarinn

Nytjamarkaður Kristniððssambandsins
Grensásvegi 7, 2. hæð

Tilboðsvika – 20 % afsláttur
Víkuna 27. október til 1. nóvember.

Frábært tækifæri til að gera góð kaup á bæði nýjum og notuðum hlutum. Nýkomin silkisjöl og bindi frá Kína, hálsfestar, handunnin tækifæriskort og fleira frá Keníu og silfurkrossar, diskamottur og ilmoliur frá Eþíópíu. Kristilegar bækur og geisladiskar og margt fleira til jólagjafa. Mikíð úrval af notuðum vörum, húsbúnaður, skrautmunir, gardínur, lampar, tóskur, bækur, vídeospólur, spil, púsl, fót, leikföng, jóladót og fleira og fleira.

Sjón er sögu ríkari
Verið velkomin í heimsókn!

Opíð virka daga frá 12-17 og fyrsta laugardag í mánuði kl. 11-14.
Á sama tíma er tekið á móti vörum ef einhver vill gefa.
Sími 533 4900

HVÍTA HÚSID/SIA - 07-1347

EKKI DEYJA ÚR ÞREYTU



LEGGÐU ÞIG Í 15 MÍNÚTUR

Sýfja er talin geta verið jafn hættuleg öikumönnum og ölvun við akstur. Á árunum 1998–2006 létust 16 manns í 10 umferðarslysum þar sem öikumenn sofnuðu undir stýri.

Það sem helst ber að varast:

- Skortur á gæðasvefni.
- Akstur á þeim tíma sólarhringsins þegar fólk er vant að sofa.
- Svefntruflanir, t.d. ómeðhöndlaður kæfisvefn.*
- Vaktavinnufólki er hættara við að sofna undir stýri en öðrum.

Fimmtán mínútur eru ekki langur tími en getur haft úrslitaáhrif á það hvort líf þitt verði lengra. Ef þú finnur fyrir sýfju við akstur leggðu þá bílnum á öruggum stað og hvíldu þig í u.þ.b. 15 mínútur.

Farðu inn á www.15.is og kynntu þér málið!

*Kæfisvefn er sjúkdómur sem veldur því að fólk sofnar með litlum fyrirvara. Hægt er að greina hann með svefnrannsóknunum. Sjá nánar á www.15.is


UMFERÐARSTOFA



NÝFÆDDUR NASHYRNINGUR Þessi nashyrningur kom í heiminn í dýragarði í Búdapest nú í vikunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Minnihlutinn í bæjarráði Árborgar vill létta byrðar sveitarfélagsins í kreppunni:

Bæjarstjórinn lækki í launum

SELFÖSS Illverjanlegt er að Árborg greiði bæjarfulltrúalaun ofan á laun bæjarstjórans að mati Eypórs Arnalds, fulltrúa minnihluta sjálfstæðismanna í bæjarráði.

Eypór bar upp ýmsar sparnaðartillögur á fundi bæjarráðs í gær. Hann lagði til að laun bæjarfulltrúa og bæjarstjóra yrðu lækkuð um fjórðung frá áramótum.

„Ljóst er að halli er á rekstri bæjarins nú þegar og fram undan er erfið tíð. Því er rétt að kjörnir fulltrúar gangi á undan með góðu fordæmi og létti byrðar bæjarstjóðs á krepputímum,“ segir í



EYPÓR ARNALDS

RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR

greinargerð Eypórs sem einnig lagði til sérstaka launalækkun fyrir Ragnheiði Hergeirsdóttur bæjarstjóra úr Samfylkingunni.

„Bæjarstjórastarfið er fullt

starf en um þessar mundir er bæjarfulltrúi í því starfi. Bæjarstjóður greiðir því bæjarfulltrúanum bæði fyrir bæjarstjórastarfið og bæjarfulltrúastarfið. Þetta er umdeilanlegt í góðæri en illverjanlegt í harðæri og hallarekstri eins og þeim sem nú er á bæjarstjóði Árborgar,“ segir um þetta í greinargerð Eypórs sem sömuleiðis leggur til að kostnaður vegna nefndarstarfa lækki um tuttugu prósent sem fyrsta skref í að lágmarka kostnað í stjórnkerfinu.

Tillögum Eypórs var vísað til vinnu vegna gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009.

- gar

Samgöngur í Póllandi:

Fyrsta neðanjarðarlestin

VARSJÁ, AP Lokið hefur verið við gerð fyrstu neðanjarðarlestarinnar í Varsjá í Póllandi. Nú eru 25 ár síðan verkefnið hófst og til að fagna þessum áfanga bauð borgin upp á friar ferðir með lestinni á laugardag. Neðanjarðarlestarkerfið er um 20 kílómetra langt, með 23 stöðvum frá norðri til suðurs. Gerð lestarkerfisins gekk hægt fyrir sig um árabil vegna skorts á fjármagni og tækjum.

Borgarstjórn Varsjár áætlað nú að leggja fyrir annarri neðanjarðarlest frá austur- til vesturlhuta borgarinnar, en ekki liggur ljóst fyrir hvenær hún verður tilbúin.

- ag

Áhrif bankabrots í Þýskalandi:

Kaupþings-auglýsing vekur reiði

ÞÝSKALAND Í nýjasta hefti þýska fréttavikuritsins Focus skrifar ritstjórinn, Helmut Markwort, pistil þar sem hann biður lesendur tímaritsins afsökunar á því að í síðasta hefti þess skyldi hafa verið birt auglýsing frá Kaupþingi.

Ritstjórinn vísar í bréf reiðs lesanda sem skrifar: „Manni ofbýður þegar maður sér að á síðu 35 eru rök færð fyrir því að þeir þýsku sparifjáreigendur sem áttu fé hjá Kaupþingi muni væntanlega aldrei endurheimta það, en á síðu 57 blasir svo við auglýsing frá sama banka.“

Ritstjórinn segir auglýsinguna hafa verið farna í prentun áður en hún var afþönduð og þeir blaðamenn sem skrifuðu um þrot bankans hefðu eðlilega ekki haft hugmynd um auglýsinguna.

- aa

Úrslit í heimsmeistarainvígínu gætu ráðist í dag:

Anand nægir jafntefli

SKÁK Viswanathan Anand þarf aðeins að ná jafntefli í dag til að halda heimsmeistaratitli sínum í skák. Hann er þrem vinningum fyrir ofan Vladimír Kramnik í heimsmeistarainvígí þeirra þegar aðeins þrjár skákir eru eftir.

Kramnik átti möguleika á að minnka muninn í núndu skák einvígisis í gær. Anand hélt áfram að



SPENNA Í HÁMARKI Viswanathan Anand og Vladimír Kramnik við skákborðið í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

tefla hvasst þrátt fyrir að vera yfir í einvígínu. Hann var með hvítt og tefldi eitt vinsælasta afbrigðið í Hálfslavneskri vörn, þar sem hvítur fórnar peði. Þessi baráttuherferð hefði getað komið honum í koll því Kramnik var vel undirbúinn og fékk betri stöðu.

Á mikilvægum tímamarki í skákinni ákvað Kramnik eftir langa umhugsun að greiða úr flækjunum og fara út í endatafl með mislitum biskupum þar sem hann var peði yfir. Anand hélt því endatafli hins vegar auðveldlega og fór því þarna besta tækifæri Kramniks til að rétta sinn hlut í einvígínu.

Kramnik er með hvítt í tveimur skákum af þessum þremur sem eftir eru og því er ekki útilokað að hann geti unnið einvígíð þótt möguleikar hans séu sáralitlir.

- pal



HÖFUÐSTÖÐVAR LEHMAN Ali Velshi segir menn hafa talið sig hafa ráð við flestu þar til fjárfestingarbankinn Lehman Brothers féll. Þá stóðu menn ráðþrota. NORDICPHOTOS/AFP

Eigum eftir að sjá fleiri axarsköft

Viðskiptafréttamaður CNN segir ráðaleysi ríkjandi í stjórnmálum og nefnir til dæmis að bæði ríkisstjórn Íslands og Bandaríkjanna séu gagnrýndar fyrir röng viðbrögð þótt þær hafi farið sína leiðina hvor.

EFNAHAGSMÁL Ali Velshi, viðskiptafréttamaður CNN fréttastöðvarinnar, segir algjört ráðaleysi einkenna stöðuna sem upp er komin í efnahagsmálum heimsins og nefnir atburðina í Bandaríkjunum og á Íslandi í því sambandi. „Menn vissu að það væru erfiðir tímar fram undan en töldu sig þó hafa ráð gegn flestu þar til Lehman Brothers fjárfestingabankinn var lýstur gjaldþrota,“ segir hann.

„Þá fyrst stóðu menn frammi fyrir einhverju sem þeir vissu ekki hvernig ætti að taka á. Hér í Bandaríkjunum eru menn að velta því fyrir sér hvort ríkið hefði ekki átt að grípa inn í áður en bankinn fór á hausinn því fall hans er upphafið á þessu hruni sem fer um heimsbyggðina. Og á Íslandi greip Seðlabankinn inn í þegar Glitnir leitaði til hans og þar hef ég heyrt að menn tali um það sem upphaf bankahrunsins á Íslandi, þannig að hvor leiðin sem farin er virðist sú ranga. Ég held því að sagan eigi eftir að leiða það í ljós hvað þeir eru að gera sem bregðast rétt við.“

Hann segist ekki vilja tjá sig sérstaklega um framgöngu Gordons Brown gagnvart Íslendingum að öðru leyti en því að hún ein-

kennist nokkuð af þeim aðstæðum sem stjórnmálamenn víða um heim eru í um þessar mundir. „Allt í einu er komin upp staða sem enginn átti von á og hún krefst þess að stjórnmálamenn bregðist mun skjótar við en þeirra er venja svo ég tel að við eigum eftir að sjá nokkur axarsköft á næstunni.“

Spurður um ímynd Íslands í Bandaríkjunum í ljósi þess skipbrots sem íslenskt efnahagslíf er að fara í gegnum núna segir hann. „Ég er frá Kanada og það kom mér á óvart hvað fólk hér veit í raun lítið um þessa nágranna sína í norðri svo það er varla við því að búast að það sé mjög upplýst um Ísland. Ég tel hins vegar að þessi atburðarás sem fór af stað með hruni Lehman-banka sé í hugum fólks staðfesting á því hvað heimurinn er lítill og samofinn í gegnum efnahagskerfið.“

Fólk vissi það auðvitað að atburðir í efnahagslífinu hér myndu hafa áhrif hjá okkar helstu viðskiptavinum í Evrópu og hjá Kínverjum og Japönnum en þegar við sjáum bankakerfi ríða til falls á Íslandi í kjölfar falls Lehman-banka þá sér fólk að tengslin eru útbreiddari og sterkari en það hafði áður talið.“

lse@frettabladid.is



ALI VELSHI Viðskiptafréttamaður á CNN segir bankakreppuna sannfæra fólk um það hversu lítil og samofinn heimurinn er.

HLUTHAFAFUNDUR VBS FJÁRFESTINGARBANKA HF.

VBS fjárfestingarbanki hf. boðar til hluthafafundar í húsaáskynnum bankans að Borgartúni 26 (6.hæð) þriðjudaginn 4. nóvember, kl: 17:00

DAGSKRÁ:

1. Aðstæður á fjármálamarkaði, stefna og áherslur VBS.
2. Breyting á samþykktum:
 - »Að heimilt verði að gefa út skuldabréf með breytirétti í hlutafé allt að fjárhæð krónur 3.000.000.000.-
 - »Að stjórn hafi umboð til að ákvarða verð og kjör skuldabréfa ásamt gildistíma breytiréttar og gengi.
3. Að gildandi heimild til útgáfu nýrra hluta að fjárhæð allt að krónur 150.000.000 að nafnvirði falli niður.
4. Að heimild verði veitt til útgáfu nýrra hluta allt að krónur 300.000.000 að nafnvirði án forkaupsréttar.
 - »Að stjórn hafi umboð til að ákvarða fjárhæð bréfanna, gengi og hvort greitt er með reiðufé eða í öðru formi.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar.
6. Önnur mál, löglega upp borin.

Framboðsfrestur til stjórnar og varastjórnar rennur út miðvikudaginn 29. október 2008 kl. 16:00. Framboðum skal skilað á skrifstofu félagsins, Borgartúni 26 (6.hæð), 105 Reykjavík.

Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum og reglum um fjármálafyrirtæki skal í tilkynningu um framboð koma fram: nafn framboðanda, kennitala, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Enn fremur skal upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir við innganginn frá klukkan 16:30 á fundardag.

Stjórn VBS fjárfestingarbanka hf.

TILKYNNING

VBS
FJÁRFESTINGARBANKI

Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

Komdu í kaffi og kleinur

Nýtum notað Endurnýttum gjaldeyri

Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

Endurnýttu gjaldeyrinn. Sparaðu, komdu druslunni í verð. Hér eru nokkur dæmi um notaðan gjaldeyri:

Nissan Patrol Elegance



3,0 dísil sjálfskiptur
Fast númer PX855
Skrd. 10/2004. Ek. 57.000 km.
Ásett verð 4.120.000 kr.
Afsláttur 940.000 kr.
Tilboðsverð 3.180.000 kr.

Citroën C4 Comfort



1,6 bensín sjálfskiptur
Fast númer TE728
Skrd. 07/2006. Ek. 23.000 km.
Ásett verð 2.095.000 kr.
Afsláttur 345.000 kr.
Tilboðsverð 1.750.000 kr.

Citroën C5 SX



2,0 bensín sjálfskiptur station
Fast númer ZS787
Skrd. 10/2005. Ek. 35.000 km.
Ásett verð 2.190.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 1.790.000 kr.

Ford Transit 220L Connect



1,8 dísil beinskíptur
Fast númer UJ245
Skrd. 04/2005. Ek. 80.000 km.
Ásett verð 1.580.000 kr.
Afsláttur 390.000 kr.
Tilboðsverð 1.190.000 kr.

Toyota Previa



2,4 bensín sjálfskiptur
Fast númer MV210
Skrd. 01/2006. Ek. 95.000 km.
Ásett verð 2.950.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr.
Tilboðsverð 2.450.000 kr.

Ford Ranger



2,5 dísil beinskíptur
Fast númer TD726
Skrd. 06/2005. Ek. 63.000 km.
Ásett verð 2.450.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

Hyundai Santa Fe



2,7 bensín sjálfskiptur
Fast númer BU837
Skrd. 06/2006. Ek. 78.000 km.
Ásett verð 2.690.000 kr.
Afsláttur 700.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

Hyundai Getz GLS



1,4 bensín beinskíptur
Fast númer AP121
Skrd. 06/2007. Ek. 49.000 km.
Ásett verð 1.570.000 kr.
Afsláttur 280.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

Subaru Legacy GL



2,0 bensín beinskíptur station
Fast númer UV097
Skrd. 08/2004. Ek. 67.000 km.
Ásett verð 1.850.000 kr.
Afsláttur 560.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg

Endurnýttum gjaldeyrinn okkar

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag.
Komdu í Brimborg.**



visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

brimborg

Öruggur staður til að vera á



VETRARSIRKUS Sýningarkona í kanadíska Sólarírkusnum, Cirque du Soleil, setur á sig búning fyrir sýninguna Wintuk, sem fjallar um ungan dreng sem býr í ímyndaðri borg þar sem kaldur en snjólás vetur skellur á.

NORDICPHOTOS/AFP



Í HAGA Kúabændum fækkað að meðaltali um tæplega einn í viku.

Kúabændum fækkað um 31:

Hefur fækkað jafnt og þétt

LANDBÚNAÐUR Kúabændum hefur fækkað um 31 á einu ári. Haustið 2007 voru 737 kúabændur starfandi í landinu en í haust eru þeir 706.

Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, segir þessa fækkun í samræmi við fækkun undangenginna ára. „Þumalputtareglan er að það fækka um tæplega einn í hverri viku,“ segir Þórólfur.

Almennar efnahagsþrengingar virðast litlu ráða um fækkun kúabænda, fækkun þeirra virðist jöfn og þétt, óháð efnahagsástandi.

- bps

Velvild ríkjandi í Óðinsvéum:

Vilji til að hjálpa íslenskum nemum

DANMÖRK Bæjarráðsmaður í Óðinsvéum í Danmörku, Karsten Kjærby, telur að bæjaryfirvöld eigi að hjálpa íslenskum stúdentum þar í borg vegna fjármálakreppunnar á Íslandi.

„Við verðum að gera eitthvað. Það er óheppilegt, líka fyrir danskt samfélag, ef unga fólkið verður að hverfa frá námi,“ segir Karsten Kjærby í Fyens Stiftstíðende, og bendir á að kreppan og offjárfestingarnar á Íslandi séu ekki íslenskum námsmönnum í Danmörku að kenna.

- ghs

Gjöfin frá afa og ömmu berst ekki vegna vantrausts gagnvart Íslandi:

Danir millifæra ekki til Íslands

SAMFÉLAGSMÁL „Náttúrulega er fellegra súrt að geta ekki sent barnabarni sínu gjafir,“ segir Christel Nyvang Kristensen, tveggja barna móðir í Grafarvogi sem átti von á 20 þúsund íslenskum krónum frá afa sínum og ömmu í Danmörku sem þau ætluðu að millifæra á reikning hennar. Í bankanum SpareBank í Jótlandi var þeim hins vegar tjáð að það mætti ekki millifæra peninga til Íslands.

„Þau hafa haft þann háttinn á að leggja pening á gjaldeyrisreikning minn rétt fyrir afmælið mitt, 9. nóvember, og brá nokkuð við að allt í einu væri ekki hægt að flytja pening milli frændþjóðanna,“ segir Christel, sem er dönsk í móðurætt.

Hún segir þetta koma sér afar illa þar sem barnsfaðir hennar, Hörður Magnússon, hafi misst vinnuna fyrir skömmu. Hann er tækniteiknari en Christel er á örorkubótum. Hörður varð strax fyrir tekjumissi í mars þegar boðað var yfirvinnubann þar sem hann vann. „Við erum eins og venjulegir Íslendingar og þegar allt lék í lyndi í fyrria keyptum við okkur hvort sinn bílinn á myntkórfulánum,“ segir Hörður. „Nú er náttúrulega engin leið að losna við þá.“

Christel segir ættingja sína í Danmörku hafa miklar áhyggjur af þeim enda lýsi fréttirnar sem berast frá Íslandi algjöru neyðarástandi.

- jse



CHRISTEL OG BÖRNIN Dagný Rós og Reynir Már eiga von á aðeins rýrari afmælisveislu hjá móður sinni vegna bankakreppunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuveita Reykjavíkur: Framleiða má meiri raforku

VÍSINDI Með núverandi tækni má framleiða 20 til 30 teravattstundir raforku hér á landi en nú eru framleiddar um það bil fjórar. Þetta er haft eftir dr. Ólafi Flóvens, forstjóra Íslenskra orkurannsóknna, í umfjöllun tímaritsins Scientific American. Í samantekt Orkuveitu Reykjavíkur segir að í greininni sé rakin saga Íslendinga í tengslum við jarðhita, allt frá Snorratalaugar til djúpborana.

Víkið er að djúpborunarverkefningu IDDP, sem nú stendur yfir og í greinarlok segir svo að afkomendur Snorra Sturlusonar megi vera stoltir.

- ldk

FRÉTTAVIÐTAL: Gylfi Arnbjörnsson nýr forseti ASÍ

ESB er eina leiðin í stöðunni

Gylfi Arnbjörnsson, nýkjörinn forseti Alþýðusambands Íslands, segir að þótt samþykkt hafi verið á ársfundi að veita forustunni umboð til að berjast fyrir aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru, sé það ekki merki um að félagar sambandsins séu svo miklir Evrópusinnar; heldur raunsæismenn eins og þjóðin.

Kosið var um nýjan forseta ASÍ á föstudag. Þú sigraðir með 59,3 prósentum greiddra atkvæða en Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti hlaut 40,7 prósent. Hún heldur áfram sem varaforseti en hvaða áhrif hefur þetta á samstarf ykkar?

„Við Ingibjörg höfum verið vinir í 20 ár og það er nokkuð langt síðan við gerðum okkur grein fyrir því að það yrði okkar hlutskipti og örlög að það yrði valið á milli okkar á ársfundi,“ segir Gylfi. „Og við einsettum okkur það, sérstaklega eftir þessar efnahagsþrengingar, að reyna að hafa eins lágan prófíl á þessu og við gætum og stefna að því að vera jafn miklir vinir eftir ársfund og við vorum fyrir hann.“

Vitað var að það væri mikill stuðningur við ESB-aðild innan ASÍ. Á fundinum greiddu 280 atkvæði og aðeins sex voru andvígir. Kom honum þetta á óvart?

„Þessi samþykkt felur því ekkert endilega í sér að í ASÍ séu svona margir Evrópusinnar. Mergur málsins er hins vegar sá að jafnvel sá hópur sem hingað til hefur ekki verið hlynntur aðild völdurkennir að í þeirri stöðu sem uppi er núna sé engin önnur leið fær til að ná



Gylfi Arnbjörnsson, Nýkjörinn Forseti ASÍ Sá lúxus að geta frestað umræðunni um aðild að Evrópusambandinu tilheyrir fortíðinni. Á þessu hefur raunsæ þjóðin og ASÍ áttað sig, segir Gylfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

stöðugleika. Og ég verð að segja það að ég er mjög stoltur af því að vera forseti sambands þar sem fólk er svo raunsætt að það er til í að brjóta odd af oflæti sínu, leggja geðþóttann til hliðar og taka afstöðu sem það telur vera þjóðinni í hag. Og eins sýnist mér þessi skoðanakönnun Fréttablaðsins sýna það að þjóðin býr einnig yfir þessu raunsæi,“ segir Gylfi og vísar til könnunarinnar sem birt er í dag. „Það væri hinsvegar óskandi að aðrir gerðu hið sama. Menn verða að átta sig á því að við höfum ekki þann lúxus í dag að geta slegið umræðunni um ESB-aðild á frest eins og stjórnmöld hafa gert undanfarin ár.“

En hvernig munuð þið beita ykkur fyrir því að sótt verði um aðild og evra verði tekin upp, munuð þið gera þetta að kröfu í samningum?

„Ég skal ekki segja um það en viðfangsefni okkar er að byggja aftur upp trúverðugleika því eins og Grétar Þorsteinsson sagði í

sinni setningaræðu þá er íslenskt efnahagslíf rúið öllu trausti. Nú þarf að endurreisa það og til að svo megi verða þarf þrennt að koma til. Fyrsta skrefið hefur nú þegar verið tekið en það var að leita aðstoðar hjá Alþjóðagjaldeyrisþjóðum. Þegar við fáum lánaþyrirgreiðslu til sjóðsins höfum við nokkurn trúverðugleika til að byggja á og mun þá opnast möguleiki fyrir vinnuþjóðir okkar að koma að endurreisninni. En nú göngum við í ASÍ sem sagt lengra og segjum að það sé mikil ólga í gangi, ekki aðeins hér heima heldur einnig um víðan heim, og til að tryggja stöðugleika og marka ákveðna stefnu verðum við að taka upp evru og þar af leiðandi að ganga í ESB. Í þriðja lagi teljum við mikilvægt að framlengja kjarasamninga á grundvelli þess sem við sömduðum um í febrúar og tryggja að allt launafólk standi jafnt að vígi.

Ef við gerum þetta tel ég að okkar vinnuþjóðir muni horfa til

okkar og hugsa sem svo, „jú, vissulega getur þessari litlu þjóð orðið á en hún er einnig dugleg að rétta sinn hlut“.

Þú talar um að endurreisa trúverðugleikann. Er ekki nauðsynlegt að stokka upp í stjórn Seðlabankans og jafnvel í ríkisstjórn til að svo megi vera?

„Ég held að það væri mikið glapræði að skipta um ríkisstjórn nú. Hinsvegar teldi ég heppilegt ef ráðherra byði upp á þann möguleika að yfirmenn Seðlabankans stigu frá, ég tel að það gæti verið heppilegt til að fá vísna endurnýjningu eftir það sem á hefur gengið.“

En nú er mikil reiði í þjóðfélaginu, fólk ósátt hvernig fyrir okkur er komið og álasar jafnvel fáum mönnum vegna ástandsins. Verður ekki erfitt að bjappa fólkinu saman í nauðsynlegar aðgerðir við þær aðstæður?

„Við höfum staðið frammi fyrir þrengingum áður þó þær hafi ekki verið neitt í líkingu við þetta, ég nefni sem dæmi árin 1990 og 2001, og við bárum þá gæfu til þess að standa saman og takast á því vandann og ég tel að við munum gera það nú. Menn skulu bara bíða og sjá, ég tel að eftir svona 12 til 13 mánuði muni heimsbyggðin, sem nú hefur horft á okkur falla á undan öðrum, sjá að við erum jafnframt fyrri til að standa upp aftur. Þjóðin hefur þann eiginleika að hún er raunsæ og ef hún fær skynsamlegar leiðbeiningar um það hvað þurfi að gera þá einhendir hún sér í það. Þessi eiginleiki að setja á sig hansana og einhenda sér í það sem þarf að gera tel ég vera eina af mestu auðindum þjóðarinnar.“



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

10%

vaxtauki ...

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót, Viðbót eða Veltubót** á Netinu fyrir 10. nóvember nk. fá um næstu áramót 10% vaxtauka á áunna vexti.*

Reikningarnir njóta ríkisábyrgðar samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**.

... á áunna vexti!

spron
- bankinn þinn



LAGERÚTSALA

Heilsudýnur
Stillanleg rúm
Náttborð
Gaflar
Kommóður
Og vörur úr

HÚSGÖGNIN
HEIM

Smávara
Jólavara
Skápar/Skenkar
Borð
Ljós og fleira

Allt að
80%
afsláttur

Takmarkað magn



Kletthálsi 13
opið 10-18 virka daga
12-15 á laugardögum
Sími 660 0035



Svefn & heilsa



„Einstaklingur, vertu hraustur!“

Nýr dagur

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Sólin reis upp í morgun á sínum tíma. Lífið gengur sinn vanagang. Ný vinnuvika er hafin. Við erum litlu nær um stöðu okkar. Eftirsjá og óvissa setja mark sitt á daginn. Bara ef við... En það þýðir lítið að sýta. Kapítalisminn reyndist stórgallað forrit, en vissum við það ekki? Hversu marga lukkuriddara höfum við séð falla sem hreyktu sér hvað hæst? Hversu oft höfum við séð hrungjarna stólpa standa um hríð og hverfa síðan á ruslahaug sögunnar?

Veðrin geysast hjá, stabbinn skemmdur, bátarnir brotnir, heyin hrakin, miðin dauð, byggðirnar hrynja, fólkið flýr: öll okkar saga er mörkuð skammvinnri velsæld, búsæld um hríð og svo hörkutíð og þrengri kostum. Við höfum séð það áður og munum sjá harða tíma aftur.

Nú eru framundan þeir tímar að flest fyrirtæki hverfa undir ríkisforsjá og enn mun þrengjast að frumkvæði manna til athafna. Viljum við það? Ekki til langs tíma. Menn yfir miðjan aldur muna þá tíð þegar fjármálakerfi var bundið á klafa pólitískra meðreiðarsveina. Viljum við þá tíma aftur? Það er andsnú-ið öllu sem yngra fólk hefur vanist og vill. Lokað samfélag á ekki lengur framtíð þess fólks.

Stjórnmalahreyfingar ríða til falls. Fjórir af hverjum tíu þekkjast ekki lengur stjórnálaöflin í landinu. Sjö af hverjum tíu vilja hverfa undir evrópsku tilskipanirnar að fullu, ganga inn í þeirra kerfi. Ljúka þeirri einangrun myntarinnar sem hefur kostað almenning hér ófáar vinnustundir og valdið heimilunum miklum búsifjum og andvökunóttum. Embættismönnum hins ofbóligna ríkis og hagsmunagæslumönnum stjórnmalaflokkanna er sendur fingurinn og mikilvægt er að sú forréttindastétt verði reglulega hirt næstu misserin. Þar eru ekki undanskildir þeir sem fást nú við að skilja milli sauða og hafra samkvæmt gömlum meginreglum bankanna þegar smælingjar og smáfyrirtæki eru annarsvegar. Þær reglur hafa ekki enn breyst.

Ög þegar kemur til þess að brunaútsala á rýrum eignum fyrirtækja hefst reynir á öpna umræðu hvernig reitunum verður skipt. Hverjir fá að hriða góssið.

Á svo viðsjárverðum tímum er mikilvægt að almenningur haldi vöku sinni og láti í sér heyra. Uppgjörði á Íslandi hefur farið fram í lokuðum herbergjum, á lokuðum rásam. Það verður að breytast. Tjónið er okkar allra og því verður að gera kröfur til þess að sala á tjónagripunum fari fram fyrir opnum tjöldum. Ög það er umræða sem verður að eiga sér rýmra pláss en nú er gefið í spjallþáttunum. „Því miður verðum við að hætta hér – tíminn er búinn“ á ekki lengur við.

Um leið og uppstokkun á fyrirtækjakerfi landsins hefst er viðbúið að lögræðistofur fái þau verkefni að lögsækja út og suður og dómstólar fyllist af harkalegum uppgjörum og lagaþrættum sem bætast við sársaukafullt uppgjör við forkólfa hins liðna fjármálalífs. Þá er mikilvægt að líta fram á veginn. Viðskipta-sambönd kunna að hafa slitnað en græðast á ný: hversu oft hafa viðskiptamenn íslenskra fyrirtækja ekki séð gjaldþrot og tap- aðar kröfur? Útflutningur heldur áfram á hefðbundnum framleiðsluvörum. Útrásin er ekki hætt. Henni höldum við áfram, reynslunni ríkari.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmal) hdm@frettabladid.is
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson bjh@markadurinn.is og Óli Kr. Ármannsson olkr@markadurinn.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emillía Örlýgsdóttir emillia@frettabladid.is og Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is ÍPÓRTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

STOÐ KENNARINN.IS

- ÍSLENSKA
- ENSKA
- STAÐFRÆÐI
- TÖLVUNAM

Einföld leið fyrir 14 - 17 ára unglíngja sem vilja bæta námsárangur sinn.

Skemmtileg og gagnvirk námskeið á netinu!

„Kæri Stoðkennari! Pabbi hótar að segja upp áskriftinni ef ég hætti ekki að leiðrétta hann. Geturðu hringt í hann og útskýrt fyrir honum gildi menntunar?“

www.stodkennarinn.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allir saman nú... og hinir á eftir

Í góðærinu hefur ekki mikið farið fyrir mótmælum hér á Íslandi þó að vissu- lega hafi menn og konur séð ástæður til að safnast saman í andstöðunni. Nú er hins vegar allt annað uppi á teningnum og mótmæli virðast orðin að vikulegum atburði. Að sjálfsögðu láta byrjendaörðugleikar á sér kræla eins og verða vill þegar tekið er upp á einhverri nýjung og nú eru mótmælendur komnir í hár saman. Hörður Torfa hóf mótmæli sín klukkan þrjú á Austurvelli í fyrradag og þegar hann hafði lokið sér af safnaði Kolfinna Baldvinsdóttir fólki- nu saman á sama stað.



Allir saman nú... gegn mótmælum

Spurð um klofninginn sagði Kolfinna í hádegisfréttum Stöðvar 2: „Ég vissi ekki að búið væri að einkavæða mótmælin.“ Mótmælin hafa fengið umfjöllun í erlendum fjölmiðlum en til allrar hamingju er ekki mikið gert úr þessum örðugleikum okkar í mótmælalabransanum. Það væri ekki á það bætandi ef heimspresnan fjallaði ekki aðeins um það að þjóðin kynni ekki með peninga að fara heldur kynni hún ekki að mótmæla heldur. Er ekki hægt að mótmæla svona illa heppnuðum mótmælum?

Allir saman nú... síðar

„Miðað við það sem gengið hefur á eru furðulitlar breytingar,“ sagði Ólafur Þ. Harðarson um skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi flokkanna. Margir kynnu að vera honum sam- mála þó að fylgi Sjálfstæðisflokksins hafi ekki verið minna frá því 2004. Enn sem komið er virðist ekki vera svo mikill byltingarhugur í þjóðinni þó að fánar brenni og samkeppni ríki í mótmælalabransan- um. Nema ef tæpur helmingur fólksins sem ekki svaraði í könnuninni sé að undirbúa hana.



Flatskjár og platskjár

Nokkuð er nú talað um að við þurfum öll að líta í eigin barm. Sagt er að við höfum öll dáð svo mjög útrásarvíkingana að við séum jafnvel á einhvern hátt samsek – ekki síst þau okkar sem varð það á að kaupa sér flatskjássjónvarp sem ævinlega er talað um eins og einhvers konar hástíg óræðsiu Íslendinga, gott ef ekki sambæri- lega dellunni í auðmönnum.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Erum við öll sek?

hve mér leiddist þetta, að vera dreginn í dilk með þessum uppskafningum sem óðu um Danmörku og þóttust ætla að kenna Dönnum kaupskap. Ég man hvað mér leiddist að þetta skyldi vera ásynn þjóðar minnar í huga gamalla danskra kvenna – jafn bjánalegt og hið eilífa tal um Sagöen gat orðið þá var það þó helmingi skárna en þessi mynd hins nýríka oflátungs. Ég man ég hugsaði: hvað eru þeir að flækjast þetta?

Grínistarnir

Þeir voru að flytja út íslenskt hugvit – séríslenskt viðskiptavit. Eríkur Guðmundsson rifjaði það upp í leiftrandi Víðsjárpistli síðasta fimmtudag hvernig Halldór Laxness lýsir íslenskum athafna- mönnum í Kristnihaldinu. Spurt er: Hvað er hraðfrystihús? Ög svarað: „Það eru íslensk fyrirtæki. Spaugararnir reisa þau fyrir styrk frá ríkinu, síðan fá þeir styrk af ríkinu til að reka þau, því næst láta þeir ríkið borga allar skuldir en verða seinast gjaldþrota og láta ríkið bera gjaldþrotið. Ef svo slysalega vill til að einhvern- tíma kemur eyrir í kassann þá fara þessir grínistar út að skemmta sér“ (Kristnihald undir Jökli, bls. 301). Raunar hefur manni orðið tíðhugsað að undanförunu til annarr- ar skáldsögu eftir Halldór. Sjálfstætt fólk er ekki bara um

manninn sem sáir í akur óvinar síns eins og segir þar heldur líka um þá stefnu að vera engum háður, ekki í bandalagi við neinn, geta allt sjálfur, gera allt sjálfur, finna sínar sérlausnir á öllu; hún er um þvergerðingsháttinn, þrjúskuna og blinduna á það sem aðrir kunna fram að færa. Ög hið óhjákvæmi- lega hrún.

Hún er lýsing á sjálfstæðisstefnu- ni. Við erum núna með Bjarti uppi á reginheiði á leið til að endurreisa Sumarhús, en við munum aldrei ná þangað og Ásta Sóllilja er að deyjá.

Ekki í okkar nafni

Undanfarnir ár hafa ráðamenn reynt að telja okkur trú um að almenn efnahagslögmál eigi ekki við á Íslandi og að Íslendingar hafi fundið sérstaka leið til velgengi með því að safna bara nógu miklum skuldum. Svo hróðugir voru grínistarnir yfir öllum skuldunum að þeir tóku að kenna Kaupmannahafnarbúum kaupmennsku en Englendingum var leiðbeint um fótbolta og poppmúsík. Maður andar léttar yfir takmörkuðu myndunarafli þeirra því annars hefðu þeir farið til Parísar og keypt þar Effeltur- inn upp á krít og til Ítalíu að kenna þarlendum að búa til spagetti.

Villan var ekki síst sú að reyna að kaupa sig inn í jafn óáþreifan- legt fyrirbrigði og þjóðarsál viðkomandi landa.

Hvað voru þeir eiginlega að flækjast þetta? Ég veit það ekki. Ég segi bara eins og sagt var um aðra ógrundaða innrás: Ekki í mínu nafni.

Ög gáfnaljós spjallþáttanna bið ég að hætta að kenna mér um þetta. Jafnvel þó sum okkar hafi keypt flatskjá þá seldum við að minnsta kosti engum platskjá.

Dauf viðbrögð á ögurstundu

UMRÆÐAN

Guðni Ágústsson skrifar um ráðamenn



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Ekki er jafn mikilvægt á orlagatímum eins og að hafa viðbrögð klár í hvert sinn sem stórir atburðir gerast. Fyrir tveimur vikum réðist breska ríkisstjórnin að íslensku þjóðinni með misnotkun á lögum gegn hryðjuverkum. Með Ísland var farið sem land og þjóð glæpamanna.

Þar á meðal var ráðist gegn breskum banka í eigu Íslendinga sem kom Icesave-reikningum Lands- bankans ekkert við. Á stríðsmáli þýddi þetta að hafnir og brýr Íslendinga voru sundurskotnar. Mikil viðskipti Íslendinga hvar sem var í veröldinni voru í hættu og urðu eyðileggingu að bráð.

Handótnýtt viðbrögð ríkisstjórnarinnar úr munni forsætisráðherra voru þau að ekki bæri að munn- höggvast við breska forsætisráðherrann. Aldrei hef ég heyrt jafn aukunarverð viðbrögð sem þýddu það að afleiðingarnar fóru eins og eldur í sinu um þjóðlöndin.

Auðvitað bar ráðamönnum okkar að taka til varna strax þegar samstarfsþjófi í Nató og EES skýtur svo fast á Ísland að allt brestur og beitir okkur lögum sem aðeins voru hugsuð til brúks við harðsvíruð-

ustu glæpamenn heimsins, hryðjuverka- menn!

Sem stjórnmalamaður og formaður Fram- sóknarflokksins gerði ég mér strax grein fyrir að hamfarir voru í aðsigi vegna þessa í efnahagslífi okkar. Ég mótmælti strax opinberlega og benti á að ríkisstjórnin væri ekki að gripa til varna. Við áttum eina leið færa strax, að kalla alþjóðasamfélagið saman og stilla Bretum upp við vegg fyrir svona tilræði við litla þjóð.

Þó mikilvægt sé nú að koma málum í farveg er ljóst að mikill lagalegur vafi leikur á hversu miklar ábyrgðir íslenska ríkisins eru í þessum málum og eðlilegt að farin verði dómstólaleiðin. Það virðast Bretarnir óttast, og vita eflaust að lagaleg staða þeirra er ekki eins sterk og þeir halda fram.

Ríkisstjórnin er staðin að því að sýna vettlingatök og hik á augnabliki sem snýst um efnahagslegt sjálfstæði Íslands næstu ár og áratugi. Við höfum engar skyldur eða rétt til að setja slíkar fjárhags- legar byrðar á börnin okkar. Við Íslendingar eigum heimtingu á því að íslensk ríkisstjórn standi nú í lappirnar og standi vörð um hagsmuni Íslands. Það er mín einlæg ósk að það takist.

Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.

BÓKAHILLAN í barnaherberginu getur nýst á fleiri en einn veg. Með smá málningu, nokkrum veggfóðurs- og teppabútum og fjöruhu hugmyndaflugi má breyta henni í algjört draumadúkkuhús.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ


Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Kjarni málsins Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.

gluggar@kjarnagluggar.is



AVGLJFINGASTOFA E. BACKMAN



Kjarnagluggar

Selhelli 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

Blóðþrýstingsmælir

Boso-medistar S

Blóðþrýstingsmælir á úlnlið.

Tilboðsverð: **5.900 kr. stgr.**

Verð áður: 7.080 kr.

boso
BOSCH + SOHN
GERMANY



Einfaldur í notkun.
Geymir 30 mælingar í minni.
Skjár sýnir þrjú gildi samtímis:
púls, efri og neðri mörk.
Hlífðarbox fylgir með.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir með geisjuni góðu og afsteypum af hönd og fæti eldri sonar síns en mótin fékk hún í BabySam og gerði sjálf heima. Útkoman er afar nákvæm og skemmtileg til að snerta og skoða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Geisja í stað steriógræja

Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir hönnuður fékk að kynna örlæti Japana af eigin raun þegar hún varð hluti af japanskri fjölskyldu á unglingsárunum og þurfti margar ferðir á pósthúsið til að senda gjafirnar heim.

„Ég safnaði þjóðbúningadúkkum í stórum stíl á yngri árum, en nú hafa þær allar ratað í geymsluna nema þessi japanska sem skipar veigamikinn sess í stofunni,“ segir hönnuðurinn Ingibjörg Hanna um heimilismun sem henni áskotnaðist í Japan sem táningur.

„Þá bjó ég hjá japanskri fjölskyldu í unglingsárunum Lions. Japanar eru með eindæmum gjafmild þjóð og gauka í sífellu að manni gjöfum án tilefnis, en eftir fimm vikna dvöl þurfti ég að senda til Íslands tvo fulla kassa af ýmsum varningi sem mér hafði borist í gjafaumbúðum,“ segir

Ingibjörg Hanna og brosir að minningunni.

„Japanar eru fremstir meðal jafningja í hvers kyns tækni og þegar kveðjustundin nálgast vildi japanska fjölskyldan gefa mér nýjustu tegund steriógræja að skilnaði. Ég átti náttúrliga feringargræjur heima í herbergi og þótti auk þess óþægilegt að þiggja svo stóra gjöf, en ákvað, úr því ég var að safna þjóðbúningadúkkum, að gera þá mála-miðlun að biðja um japanska dúkku í staðinn,“ segir Ingibjörg Hanna sem þá sá fyrir sér litla og hógværa þjóðbúningadúkku, en

fékk í staðinn japanska geisju af fínustu gerð í viðhafnar glerkassa. „Ég varð vitaskuld óskaplega hryfin, en þetta var örugglega dýrasta týpan sem þau fundu og þurfi sérflutning milli heimsálfa,“ segir Ingibjörg Hanna sem þessa dagana er í óðaönn að fylgja hönnun sinni, Raven og Not Rudolf herðatrjám og snögum úr hlaði á Evrópumarkað.

„Ég er alltaf með eitthvað eftir sjálfa mig í notkun heima og hugsa hönnun mína mikið út frá því sem mig sjálfa langar í eða vantar.“

thordis@frettabladid.is

ALLT

HEILSA

Þriðjudaga og fimmtudaga



ALLT TIL
INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala
til fyrirtækja


Opið 08.00-16.00

**GRÆNN
MARKAÐUR**

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

HEIMILI

PALLÍETTUR, perlur, pappír og glimmer má nota til að búa til fallegt borðskraut fyrir veislur. Skemmtilegt getur verið að merkja hverjum gesti sæti með smekklegu spjaldi og skreyta með einhverju dúllerfi.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

ALLT TÍSKA

Alla fimmtudaga

Kertagerðin vinsælust

Á þessum síðustu og verstu tímum reyna margir að nýta hugmyndaflugið og sköpunargleðina til að vinna í haginn fyrir heimilið. Ýmis námskeið eru í boði þar sem útbúa má fallegar gjafir og nytjahluti.

Hjá Föndurstofunni í Síðumúla kennir ýmissa grasa en þar er meðal annars boðið upp á námskeið þar sem útbúa má skrautmuni og nytjahluti.

„Kertanámskeiðin hafa verið gífurlega vinsæl hjá okkur en kertin eru tilvalin í jólapakkana,“ segir Geirþrúður Þorbjörnsdóttir verslunareigandi. „Kertanámskeiðið hefur verið í gangi síðan í vor en aðsóknin hefur aukist í haust. Allur efniskostnaður er innifalinn og þá eru gerð tvö kerti. Ég er aðallega að kenna að bræða servíettu inn í vaxið til að fá fallega mynd og svo er kertið skreytt með alls konar límmiðum og dóti,“ útskýrir Geirþrúður áhugasöm. Námskeiðið er ein kvöldstund og kostar um þrjú þúsund krónur. „Námskeiðin hafa vakið mikla lukku og eru þátttakendur ánægðir með það sem þeir búa til,“ segir Geirþrúður sannfærandi.

Annað sniðugt námskeið sem Föndurstofan býður upp á er í skartgripagerð. „Þá er hægt að vinna skartgripni úr fjölbreyttu efni sem fólk getur blandað að vild. Þá er þetta fært upp á víra og síðan ræður sköpunargleðin ferðinni,“ segir Geirþrúður. Námskeiðið kostar 2.500 krónur en auk þess er greitt fyrir efniskostnað sem er breytilegur eftir því hvað fólk velur sér að gera. „Það er hægt að gera dýra hluti en einnig er hægt að gera þetta mjög ódýrt. Það fer allt eftir smekk hvers og eins og efnisvali. Ég er til dæmis með alls konar náttúrasteina, ferskvatnsperlur og fleira sem nota má í skartgripina.“

Auk þessa er Geirþrúður með námskeið í kortagerð og selur allt



Geirþrúður hefur í mörgu að snúast við að kenna föndurnámskeið og hafa kertagerðarnámskeiðin verið hvað vinsælust undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


sem henni við kemur. Námskeiðin eru alltaf í gangi og hafa öll verið vinsæl. „Kertin og skartgripirnir hafa verið hvað vinsælust en nú er aðsóknin í kortagerðina að aukast eins og oft er fyrir jól,“ segir Geirþrúður og bendir á að hægt sé að

skrá sig með því að hringja í búðina eða hafa samband í gegnum heimasíðuna www.fondurstofan.is. Í versluninni má síðan finna allt til föndurgerðar og er mikið úrval af útsaumsþökkum og fjölbreyttu föndurefni. hrefna@frettabladid.is

Kjarni málsins Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða. gluggar@kjarnagluggar.is



ANGELINGASTOFA E. BACKMAN



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800 kjarnagluggar.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Hugarró á heimilinu

Heimilisvarnarkerfi eru þarfaping hverjum þeim sem ekki vill þurfa að hafa áhyggjur af heimili sínu og eigum meðan á fjarveru þaðan stendur.

Á síðustu árum orðið talsverð aukning á sölu á heimilisvarnarkerfum að sögn Þorsteins G. Hilmarssonar, markaðsstjóra Securitas. „Þessi kerfi eru mjög vinsæl vara og skipta nú þúsundum á heimilum landsmanna. Lífsmynstur fólks hefur breyst á undanförunum árum og nú er fólk meira að heiman en oft áður. Með áskrift að heimavarnarkerfi er fólk að kaupa sér hugarró. Heimavörn Securitas er bæði innbrota- og brunaviðvörðunarkerfi,“ segir Þorsteinn. „Kerfið er tengt við stjórnstöðina hjá okkur og er alltaf vaktað.“ Sjá www.securitas.is.

Þorsteinn G. Hilmarsson, markaðsstjóri Securitas, segir vinsældir heimavarnarkerfa hafa aukist síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ný sending af glæsilegum etanól eldstæðum



YLUR
fyrir heimilið

aðeins það besta
bæjarlind 2 - 201 kópavogur - s 564 5700 - ylur.is

blomus

conmoto

safretti



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Óskum eftir öllum gerðum fasteigna á skrá

Upplýsingar í síma 511-5005 eða 899- 5611



... það borgar sig!

HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is

fasteignir

27. OKTÓBER 2008

Öruggir fjárfestingakostir

- Atvinnufasteignir í öllum stærðum
- Erum með fjárfesta
- Áratuga reynsla

Hafið samband við sölumenn okkar
og fáðið nánari upplýsingar.

S: 590 7600



Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lág múli 7 • 108 Rvk.



Íbúðinni við
Boðagranda
fylgir stæði í
bílageymslu.

Ertu í húsnæðis hugleiðingum?

Eru breytingar í vændum?

Parftu hentugra húsnæði?

Vantar stærra húsnæði?

Sími sölumanna er 535 1000



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala íbúðarhúsnæðis • Lág múli 7 • 108 Rvk.

Útsýnisíbúð í Vesturbæ

Fasteignasalan Fold hefur til sölu fjögurra herbergja útsýnisíbúð í vesturbæ Reykjavíkur ásamt bílageymslu.

Eignin er í fjölbýlishúsi við Boðagranda. Komið er inn í parketlagt hol með rúmgóðum fataskáp. Til hægri við hol og gang er eldhús með mahóní-innréttingu og innbyggðri upp-

þvottavél, tækjum frá AEG ásamt ísskáp með frysti sem fylgir. Borðkrókur er með parketi á gólfi og útgengt er á suðvestursvalir.

Stofa er rúmgóð með parketi á gólfi og útgengi á norðaustursvalir. Svefnherbergisgangur er með parketi á gólfi og stórum fataskáp. Barnaherbergi eru tvö, bæði með parketi á gólfi. Hjónaherbergið er rúmgott með fataskápum og útgengi

á svalir. Baðherbergið er rúmgott með flisum á gólfi og veggjum, baðkeri, sturtuklefa og rúmgóðri innréttingu. Þvottahús er inn af borðkrók og er með flisum á gólfi og innréttingu, þvottavél og þurrkari fylgja. Allt parket á íbúðinni er Jatopa-parket.

Sameignin er öll til fyrirmyndar og í henni er sérgeymsla íbúðar ásamt sér merktu bíla-stæði í bílageymslu.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Pegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969





Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600



Stóreign kynnir:

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lág múli 7. 108 Rvk.

Þorlákur Ó. Einarsson Pórhildur Sandholt
lögg. fasteignasali lögfr. og lögg. fast.sali
storeign.is FAX 535 1009

Fjárfestu í fasteign



Hjá okkur eru mörg
tækifæri til fjárfestinga.
Farsæl áratuga reynsla.

Stóreign
fremstir í atvinnufasteignum



Markarflöt - Fallegt einbýlishús á eftirsóttum stað.

Algerlega endurnýjað 201,9 m² einbýlishús ásamt 39,7 m² bílskúr á þessum góða stað í Garðabæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, baðherbergi, gestasnyrtingu, 5 svefnherbergi (möguleiki á 6), eldhús og þvottahús. Eldhúsið er með hvítri innréttingu, granít á borðum, vönduðum tæki (span helluborði). Baðherbergið er rúmgott, parket á gólf, flisar á veggjum, vandaðar innréttingar, baðkar, sturtu með glerlokun og handklæðaofn. Allt parket í húsinu er massíft eikarparket. Verð 85 millj.

Tjarnaflöt - Stórglæsilegt einbýlishús.

213,6 m² sex herbergja einbýli á einni hæð á Flötunum í Garðabæ. Bílskúrin er ca. 40 m² innbyggður. Húsið er mjög mikið endurnýjað og stendur innanlega í botnlanga. Verönd með heitum potti til suðurs. Halogen lýsing. Gólfefni er gegnheil hnota, steinteppi og granít á baði. Eign í sérflökki. Eingnaskipti skoðuð.

Getum bætt við okkur eignum á skrá - Fagleg vinnubrögð



Funafold - Sjávarlóð

352 fm glæsilegt og mikið endurnýjað einbýli á sjávarlóð með innbyggðum tvöföldum bílskúr auk u.þ.b. 100 m² óskráðs rými. Alls ca 450 fm að stærð. Húsið er staðsett innanlega í botnlanga. Eignaskipti á minni eign.



Háalind - Parhús

Fallegt og vel staðsett 207,2 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Lindahverfinu í Kópavogi. Glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs. Arinn í stofu. Halogen lýsing. Verð 55 millj.



Kólguvað - sérhæð með bílskúr

161 fm falleg efri sérhæð, þar af 25,5 fm bílskúr. Hæðin er með glæsilegu útsýni. 30 fm s-svalir. Parket, innréttingar og hurðar úr eik. Verð 43.9 millj.



Skeggjagata - hús með 2. íbúðum

U.þ.b. 300 m² hús á þessum gróna vinsæla stað í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær 98 fm þrjú herbergja íbúðir. Auk 4. herb. til útleigu. Bílskúr. Verð 78 millj.



GRENIMELUR - 88 fm NEÐRI SÉRHÆÐ

Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 2 svefnh., saml. stofur og bað. Eignin hefur verið fallega endurnýjuð á síðustu 4 árum. Verð 32.5 millj.



Bankastræti - Glæsibúðir

Tvær íbúðir á sömu hæð, var áður ein íbúð. Leigutekjur í dag er 280 þús á mán. Mikið áhvilandi. Hægt að yfirtaka lán. Verð 50 millj.



Fáfnisnes 101- lítið sérbýli.

Vorum að fá í sölu 87,5 fm. parhús á 2. hæðum í Skerjafirðinum. Skjólssæll garður með heitum potti. Verð 34 millj.



Friggjarbrunnur - fokhelt

226,1 m² parhús sem er tvær hæðir og kjallari. Gengt er úr kjallara út í garðinn. Á neðri hæð er aðkoman auk bílskúrs. Á efri hæð er gengt út á þaksvaír. Fullbúid að utan, fokhelt að innan.



Garðhús - raðhús

192,5 fm raðhús í Grafarvogi. Húsið allt innréttað á vandaðan máta. Garður með sólpalli mót suðri. Inn. bílskúr. Verð 53 millj.



Berjarími - 5 herb.

140,3 m² þar af 29,3 stæði í bílageymslu, íbúðin er með 4 svefnherbergjum og er á fyrstu hæð með verönd í vestur, góð eign fyrir gott verð. Verð 31,5 millj.



Laufengi - 4ra herb.

106,4 fm íbúð sem skiptist í stofu með SA- svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með badkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Verð 25,9 millj



Daggarellir - 4ra herb.

89,2 fm 4ra herbergja útsýnisíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi, auk stæðis í bílageymslu. Þvottah. í íbúð. Yfirtekin lán ca 18,5 millj. Verð 22,9 millj.



Naustabryggja - Sjávarútsýni

86,2 fm falleg 3ja herbergja íbúð með frábæru sjávarútsýni. Tvennar svalir. Sér stæði í bílageymslu. Verð 31,9 millj



Hallveigarstígur - 3ja herb + aukaíbúð

69 fm íbúð á 1. hæð auk 37,5 fm íbúðar í bakhúsi, sem er í útleigu. Húsið er nýlega uppgerð að utan. Nýir gluggar og gler.



Langalína - 3ja herb. - sjávarútsýni

129,5 fm íbúð á miðhæð. Bað er flisalagt í hólf og gólf, með innréttingu, badkari og sturtu. Eldhúsið er með hvítri innr. og stáltækjum. Stofan er rúmgóð. V-svalir með gríðarlegu útsýni. Verð 38,9 millj.



Mánatún - Laus strax

77,6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrin 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og bað mjög smekklega. Verð 19,9 millj.



Leifsgata - 2ja herb.

54,8 fm 2ja herbergja íbúð í hjarta Reykjavíkur. Eldhús upprunalegt en snyrtilegt. Bað var nýlega tekið í gegn. Rúmgott svefnherbergi og stofa. Verð 16,5 millj



Stórholt - 3ja herb.

67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt. Parket og hurðar úr eik. Verð 23,5 millj



Bárugata - 3ja herb

80,2 m² falleg íbúð á tveimur hæðum, enurnýjuð að hluta með parketi á gólfum úr Rustic eik. Fallegt útsýni. Verð 29,5 millj.



Berjarími - 3ja herb.

84,10 m² íbúð á jarðhæð, sér innng. Eign skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, sér þvottah, bað og 2 svefnh. Verönd með skjólvegg til austurs. Stæði í bílageymslu. Skipti á stærri eign koma vel til greina. Verð 23,9 millj.



Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.

77,6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrin 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og bað mjög smekklega. Verð 19,9 millj.



Melalind Kóp. - 2ja herb. Útsýni

63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin er hol, bað, svefn., stofu, eldhús og geymsla. Parket og flisar á gólfum. Verð 19,9 millj



Rauðás - 2ja herb.

53,7 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólpallur mótí V.S.V. Verð 17,2 millj.



Ásvallagata - 3ja herb.

70,3 m² íbúð á 2. hæð við Ásvallagötu, 101 Rvk. Íbúðin skiptist í hol, bað, 2 svefnh., eldhús og stofa. Stutt í H.Í. Verð 21,8 millj.



Hringbraut - Lyftuhús - bílageymsla

50 fm 2ja herbergja íbúð á 4.hæð í 5 hæða lyftuhúsi. Geymsla á 1.hæð. Stæði í bílageymslu. Verð 15,5 millj.



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Einar Guðmundsson
lögg. fasteignasali

Sími
530 6500

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17
Finnþogi Hilmarsson,
Einar Guðmundsson og
Bogi Pétursson
löggilrir fasteignasalar



Engjaveilir - 5 herbergja hæð, tilboð óskast.
Um 150 fm hæð m/ sérinngangi. í nýlegu húsi með sérinngangi. 4. svefnherbergi og stór björt stofa.
Tilboð óskast.



Stuðlaseil - 5 herbergja sérhæð.
Góð 115 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi. 4 svefnherbergi og sérgarður. **V. 28,9 m.**



Klapparhlíð - 5 herbergja.
Nýleg og fullbúin 114 fm endaíbúð með sérinngangi. Fjögur góð svefnherbergi. Stutt í barna- og leikskóla ásamt sundlaug og íþróttaaðstöðu. **V. 30,9 m**



Suðurhólar - 4ra herb.
Góð mikið uppgerð 105 fm íbúð Nýjar innréttingar og gólfefni, björt stofa með útgengt á suður svalir og gott útsýni. **23,5 m**



Árkvörn - 4ra m/ bílskúr.
Björt og falleg ca 117 fm endaíbúð með sérinngangi í Ártúnsholti. Stór og góð stofa og rúmgóð þrjú svefnherb. Suðursvalir og frábært útsýni. Bílskúr fylgir. **V. 33,7 m**



Tröllakór - 3ja - 5 herbergja.
Vandaðar 110 - 175 fm íbúðir í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. Fallegar innréttingar, granít í borðplötum og meðfylgjandi ísskápur, uppvottavél og örbygljuofn. Sérinngangur í allar íbúðir. Fullinnréttaðar sýningaríbúðir á staðnum. **Verð frá 25,9 m.**



Karfavogur - endaraðhús með bílskúr
Vel skipulagt hús í lokuðum botnlanga. Stórar og bjartar stofur og fjögur svefnherbergi. Skipti á góðri hæð eða minni eign mögul.



Sóleyjarími - Endaraðhús.
Nýtt fullbúið 202 fm endaraðhús með innbyggðum 31 fm bílskúr. Möguleg makaskipti á 3ja - 5 herb íbúð.



Reynilundur - endahús á einni hæð.
Vel skipulagt 205 fm endaraðhús. Í því eru fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Parket á gólfum, arminn í stofu og glæsilegur suður-garður. Tvöfaldur bílskúr. Tilboð óskast.



Galtalind - 3ja herbergja
Vönduð 110 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. **Áhv 18 m frá íbúðalánasj.**



Fróðengi - 3ja herbergja.
Glæsileg ca 96 fm endaíbúð. Tvö góð svefnherb. og stór stofa. Þvottahús í íbúð. Suðursvalir með útsýni. Stutt í alla þjónustu m.a. framhaldskóla ofl. **V.22,7 m.**



Kórsalir - 3ja herbergja.
Stór og björt 125 fm útsýnisíbúð í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. **V. 31,9 m. Áhv 21,5 millj.** hagstætt lán.



Skípasund - góð 3ja herbergja.
Björt og falleg risibúð í reisulegu steinhúsi á þessum vinsæla stað í Sundunum. **Verð 16,9 millj.** Mjög góð fyrstu kaup.



Samtún
Falleg sérhæð á miðsvæðis í Reykjavík. Um er að ræða 3ja herberg. íbúð með sérinngangi sem er talsvert endunýjuð. **V. 22,5 m.** Skipti mögul. á stærri eign.



Fannarfell - 3ja herbergja á góðu verði.
Um 83 fm góð 3ja í viðhaldslitlu fjölþýli. **Verð aðeins 17 milljónir.**



Víðimeður - hæð og ris
Björt og falleg efri sérhæð og ris á á góðum stað í Vesturbænum. Íbúðin sem er talsvert endurnýjuð býður upp á mikila möguleika til stækkunar í risi sem eykur mjög á nýtingarmöguleika hennar. **V. 33,9 m.**



Þjórsárgata - hæð m/bílskúr.
Stílhrein og falleg efri sérhæð og bílskúr í reisulegu tvíbýlishúsi í "litla Skerjó". Björt og góð stofa og 2-3 herb. **V. 33,5 m.**



Marteinslaug Grafarholts - 90% lán.
3ja herbergja íbúðir frá 98 fm til 110 fm íbúðimar afhendast fullbúnar með fallægum innréttingum, raftækjum gólfefnum og jafnvel gluggatjöldum. **Gott verð og hagstæðir greiðsluskilmálar.**



Dalvegur - iðnaðarhúsnæði.
Gott 70 fm húsnæði með ca 4 m lofthæð og stórum innkeyrsdyrum. Í enda salsins eru tvö herbergi ásamt baðherbergi og miklar geymsluhúllur. **V. 20,5 m.**



Flétturími - 2ja herbergja.
Góð 65 fm íbúð á 3. hæð með vestur svölum. Góðar innréttingar og gólfefni. Auðveld kaup - 95% lán. **V. 16,5 m**

ÍBÚÐAREIGENDUR TAKIÐ EFTIR

Höfum kaupanda af góðum 2ja, 3ja, 4ja og ekki síst 5 herbergja íbúðum í eftirtöldum hverfum á höfuðborgarsvæðinu:

Víkur og Staðarhverfi í Grafarvogi, Löndin í Fossvogshverfi, Ljósheimar, Gnoðavogur, Laugarnesvegur og Kleppsvegur, Hvassaleiti, Háaleiti og Safamýri, og Ásahverfi í Árbæ.
Ef þú átt íbúð í þessum hverfum og ert í söluhugleiðingum hafðu þá samband strax í síma 530-6500.

Höfum einnig kaupanda af góðu rað eða parhúsi í Grafarvogi eða Garðabæ á verðbilinu 45-50 millj. Góðum sumarþustað í nágrenni Reykjavíkur á allt að 25 millj. Vantar einnig ca 130 fm hæð í Heimunum í skiptum fyrir 100 fm hæð í sama hverfi.

ÓSKUM EFTIR FYRIR FJÁRFESTA

Einbýli, parhús, raðhús í 107, 101 og 170
Verðbil 50-90 millj.

Bein kaup engin eignaskipti

Sérhæðum í austurbæ, miðbæ og vesturbæ
Reykjavíkur – Verðbil 35-50 millj.

3ja-4ra herbergja íbúðum í Reykjavík og
Kópavogi – verðbil 18-30 millj.

Einstaklings- og 2ja herbergja íbúðum víðsvegar
á höfuðborgarsvæðinu – verðbil 10-20 millj.

2ja herbergja



Bræðraborgarstigur - 101 Reykjavík
Falleg og mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð Nýtt
eldhús og baðherbergi. Vönduð gólfefni.
Björt íbúð á besta stað í Vesturbænum.
Göngufæri í miðbæinn og Háskólan. 175 millj.

3ja -4ra herbergja



Barónsstigur - Hagst.áhv. lán.
Falleg 119,7 fm eign á 3. hæð með alls þremur
svfnherbergjum og stórum stofu. Tæplega 20 fm
sérgeymsla í kjallara. Skipt hefur verið um mest
allt gler í íbúðinni. V. 29,5 millj. 7918

3ja herbergja



Áltamýri LAUS STRAX
3ja herbergja, 82 fm endabúð á 1. hæð /hálf hæð
upp, með suðursvölum. Eignin skiptist í stofu, tvö
svfnherbergi, eldhús og baðherbergi, hol
og sérgeymslu í kjallara. 8229

Rað- og parhús.



Kögursel - Parhús SKIPTI MINNA
2ja hæða parhús í fallegu húsi í skjólsælum
botnlanga ofarlega í Seljahverfi. Tvær stofur, eldhús
og baðherbergi með sturtu og þvott-ahús, þrjú
rúmgóð herbergi og baðherbergi með baðkeri
og innréttingu. Yfir efri hæðinni er innréttað
baðstofuloft. Bílskurinn er vel útbúinn og yfir
halmengi skúsins er gott geymsluloft. Eign í góðu
standi. 8228

5 herbergja



Berjarími - 5 herb + bílskýli
Sérlega góð 111 fm íbúð á fyrstu hæð í góðu steinhúsi
í Grafarvogi. 4 herbergi, stofa með útgengi út á verönd
afmarkaða með hekk, baðherbergi, opið eldhús.
Þvottahús í íbúð. Gott sér staði í bilgeymslu ásamt sér
geymslu. Verð: 29,9 millj.

MÍÐBORGIN – FJÁRFESTING
Ca 83 fm nýleg falleg íbúð á besta
stað í 101 auk bílskúr. Fæst keypt
með leigusamningi. Nánari
upplýsingar veitir Viðar
Bööðvarsson á skrifstofu Foldar.

Eignir vikunnar

Skólavörðuholt einbýli 101 Rvk.



Höfum til sölumeðferðar mjög gott 190m² einbýlishús ásamt 42,8m² bílskúr
sem innréttaður er sem einstaklings-íbúð. Húsið er endurbýgt 1984 og er á
frábærum stað í 101 Reykjavík. Áhvílandi ca. 35,5 millj. í hagstæðum
langtímalánum (Lífeyrissjóðslán). **SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.** 7724

Boðagrandi 4ra herb. - Vesturbær



Höfum fengið til sölumeðferðar glæsilega 4ra herbergja 127,7 fm. útsýnir
íbúð á 4. hæð ásamt staði í bilgeymslu. Eignin skiptist í hol, gang, 3
svfnherbergi, fallegt eldhús með öllum tækjum, flisalagt baðherbergi
með baðkeri og sturtuklefa, þvottahús innan íbúðar með tækjum,
tvennar svalir, geymslu og staði í bilgeymslu, vönduð gólfefni. 8001

Sérhæð



Háteigsvegur - Lækkað verð
Glæsileg sérhæð með 41 fm jeppabílskúr (eða
aukaíbúð). Eignin skiptist í 3 svfnherb. og 2
stofur,sér þvottaherb. og eldhús með endurný-
jaðri innréttingu.Stórar suður svalir. Björt og
falleg eign sem er mikið endurnýjuð á besta stað
miðsvæðis í Reykjavík. V 39,9 millj 7930

3ja -4ra herbergja



Engihlíð - rísíbúð
Mjög falleg 3ja herbergja íbúð í Hlíðahverfinu.
Eignin er öll upperð á undanförunum árum
og nýting mjög góð. Húsið hefur einnig verið
steinað og lagnt yfirfarnar. Verð: kr. 19 millj.

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401



Björgvin Viðir
viðskiptastjóri/ leigumíðlun
S: 664-6020

Haldór Jenson
viðskiptastjóri
S: 840-2100

Elsa Þórólfssd.
viðskiptastjóri
S: 664-6013

Linda B. Stefánsd.
lögg. fasteignasali
Reykjavík. S: 664-6015

Rósa Pétursd.
lögg. fasteignasali
Reykjavík

201 Kópavogur

Verð: 33,9 millj.
Fjöldi herbergja: 3

Stærð: 114,4
Byggingarár: 2006
Ánað: Frábær staðsetning



Baugakór

Glæsileg og vel skipulögð íbúð í nýlegu lyftuhúsi
á efstu hæð með tvennum stórum svólum með
miklu útsýni á vinsælum stað í Kópavogi. Staði
í bilgeymslu Allar innréttingar úr eik. Eikarparket
á öllum gólfum nema eldhúsi, baðherbergi og
þvottahúsi. Góð eign sem vert er að skoða.

111 Reykjavík

Verð: 20,9 millj.
Fjöldi herbergja: 2

Stærð: 106,10
Byggingarár: 1974
Ánað: Frábært útsýni



Hrafnhólar

Falleg og rúmgóð íbúð með bílskúr í góðu fjölbýli.
Blókin hefur öll verið tekin í gegn, áklædd að utan,
ný lyfta, nýlega búð að drengi og nýr gluggar. Yfir-
byggðar svalir með gríðarlega fallegu útsýni. Stutt í
alla almenna þjónustu.

105 Reykjavík

Verð: Tilboð
Fjöldi herbergja: 3

Stærð: 77,7
Byggingarár: 1950
Ánað: Fjórbyli



Langholtsvegur

Falleg og tölvvert endurnýjuð 3ja herb ísbúð. Íbúðin
er skráð 77,7 fm en er tölvvert stærri þar sem stórt
risloft er ekki skráð inni í fm. Eldhús með nýri inn-
réttingu og flisum á gólf. Fallegt plastparket á stofu
holi og herbergi. Baðherbergi flisalagt.
Ris panelklætt.

111 Reykjavík

Verð: 15,5 millj.
Fjöldi herbergja: 2

Stærð: 55,1 fm
Byggingarár: 1978
Ánað: Lítið fjölbyli



Spóahólar

Björt og falleg 2ja herb íbúð á 3. hæð í litlu fjöl-
býli. Húsið ný viðgert og málað að utan. Snyrtileg
sameign. Stutt í alla almenna þjónustu og fallegt
útvistasvæði í göngufæri.

270 Mosfellsbæ

Verð: Tilboð
Fjöldi herbergja: 6

Stærð: 265,2
Byggingarár: 2007
Ánað: Skipti koma til greina



Stórikriki

Einstaklega glæsilegt einbýlishús á einni hæð. Hátt
til lofts, fallegar innréttingar, 4 rúmgóð svfnherbergi,
2 baðherbergi, stór stofa og borðstofa. Glæsilegt
eldhús með hvítri innréttingu. Rúmgóður bílskúr.
Skipti á minni eign koma til greina.

111 Reykjavík

Verð: 20,9 millj.
Fjöldi herbergja: 4

Stærð: 98,10
Byggingarár: 1970
Ánað: Gott útsýni



Vesturberg

Falleg íbúð á 3 hæð í góðu fjölbýli í Breiðholti.
Þrjú góð svfnherbergi. Stofan með útgengi út á
svalir með góðu útsýni. Eldhúsið með ljósi
innréttingu og borðkrók. Parket á stofu, borðstofu,
eldhúsi, hól og barnherbergjum. Stutt í alla
almenna þjónustu.

107 Reykjavík

Verð: 16,9 millj.
Fjöldi herbergja: 2

Stærð: 56,5
Byggingarár: 1940
Ánað: Þrjúbyli



Víðimelur

Falleg og mikið endurnýjuð 2ja herb íbúð í kjall-
ara. Íbúðin var nánast öll endurnýjuð árið 2004.
Eldhúsinrétting úr hlyn, Eikarparket á stofu, eldhúsi
og herbergi. Baðherbergi flisalagt í hól og gólf,
tæki endurnýjuð. Nýlegir gluggar, vatns og rafagnir
endurnýjað sem og skolplagnir úr íbúð. Þakið var
tekið í gegn árið 2000.

104 Reykjavík

Verð: 19,9 millj.
Fjöldi herbergja: 2

Stærð: 80,8 fm
Byggingarár: 1959
Ánað: Rúmgóð og falleg eign



Álfheimar

Björt og falleg íbúð á jarðhæð með útgengi út á
hellulagða verönd. Rúmgóð stofa, eldhús með
hvítri innréttingu, baðherbergi með flisum á gólf og
veggjum, rúmgott herbergi. Sameiginlegt þvottahús í
sameign. Frábær staðsetning. Mjög góð fyrstu kaup.

220 Hafnarfirði

Verð: Tilboð
Fjöldi herbergja: 5

Stærð: 265,4fm
Byggingarár: 1985
Ánað: Tvöfaldir bílskúr



Kelduhvammur

Gullfallegt og einstaklega vel skipulagt parhús með
tvöföldum inn-bygðum bílskúr að Kelduhvammi í
Hafnarfirði. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni
og stendur innst í götunni. Fallegar innréttingar og
gólfefni. Suður garður með verönd. Glæsileg eign á
eftirsóttum stað.

101 Reykjavík

Verð: 22,9 millj.
Fjöldi herbergja: 3

Stærð: 78 fm
Byggingarár: 1940
Ánað: Eign miðsvæðis



Bergstaðastræti

Þriggia herbergja íbúð á fyrstu hæð á vinsælum
stað miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, 2
herbergi, eldhús, stofu og baðherbergi. Í sameign er
geymsla og sameiginlegt þvottahús.

Jarðir - Land - Framleiðsluréttur - Hesthús - Frístundahús

jarðir.is

Magnús Leópoldsson, löggiltur fasteignasali - Sími 550 3000

Hörðaland 16

109 Reykjavík
LÆKKAD VERÐ, LAUS STRAX

Stærð: 86,10 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 15.800.000
Bílskúr: Nei



Opið Hús



Opið hús í dag kl 17.30-18.00

Verð: 21.900.000

LÆKKAD VERÐ, mjög góð kaup og eignin LAUS STRAX. Falleg og björt 4ja herbergja íbúð á 3ju og efstu hæð í litlu fjölbýli á þessum vinsæla stað, Fossvoginum. Hluti af innbúi getur fylgt með. Rúmgóð stofa með parketi á gólf, baðherbergi fallegt og endurnýjað og eldhús með hvítri innréttingu og rúmgóðum borðkrók. Svefnherbergin eru 3. Þetta er vel skipulögð og björt eign miðsvæðis í borginni.

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is

RE/MAX

Torg

Hafðís
Sölufulltrúi
895-6107
hafdis@remax.is



Berglind Hólm
Sölufulltrúi
694-4000
berglind@remax.is



Bergsteinn
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum

Erum með ákveðinn kaupanda að

- 800 – 1400 m2 atvinnufasteign
- Verður að vera á höfuðborgarsvæðinu
- Verður að vera með góðu útisvæði



Til Leigu Ögurharf 2 - Kópavogi

Bjóðum til leigu glæsilegt 238,6 verslunar og þjónustu húsnæði við Ögurharf í Kópavogi. Eignin er með miklu gluggafont og bíður upp á margvíslega starfsemi. Meðal verslana í húsinu eru Flugger, Garmin, Eldbakan og Topreider. Möguleiki er á að leigutaki innrétti húsnæðið að óskum leigutaka. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Meðal verslana á svæðinu eru Bónus og Húsasmiðjan.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Stóreignar 590-7600.

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lág múli 7 • 108 Rvk.



Komdu peningunum þínum

í öruggt skjól í nýrri eign



Lundur 1-3



Langalína 9-11



Jónshús



17. júní torg

GLÆSILEGAR SÝNINGARÍBÚÐIR
- hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna íbúðina þína

Kynntu þér eignir á sölu hjá Bygg á heimasíðu þeirra, bygg.is

Lundur • Langalína • Jónshús • 17. júní torg

Hafið samband við söluaðila og bókið skoðun.

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf
Sími 562 4250
www.fjorfesting.is
BORGARTÚNI 31
Hilmar: 896 8750

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is
Viggó: 824 5066

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

BÚUM
BETUR



www.bygg.is

Glæsilegar,
vandaðar íbúðir

- Vandaðar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Innihurðir og flísar frá Agli Árnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Gólfhiti í baðherbergi
- Álklæðning utanhúss

FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

VINSÆLU GESTAHÚSIN OG GARÐHÚSIN ERU AÐ SELJAST UPP

Því fer hver að verða síðastur að eignast hús frá okkur. Húsin eru tilvalin geymsla fyrir grillið og garðhúsgögnin. Höfum einnig til sölu úrvals pallaefni, girðingaefni og undirstöður. Gagnvarin fura á mjög hagstæðu verði.



34 mm bjálki - Tvöföld vatnslæsing/nótun.



Tilboð 79.900,-

28 mm bjálki

Verð: 99.500,- BARNHÚS 2,1 m²



34 mm bjálki

Verð: 210.000,- GARÐHÚS 4,7 m²



34 mm bjálki

Verð: 225.000,- GARÐHÚS 6,0 m²



34 mm bjálki

Verð: 245.000,- GARÐHÚS 7,2 m²



Tilboð 256.000,-

45 mm bjálki

Verð: 286.000,- SVEFNKOFI 9,7 m²



45 mm bjálki

Verð: 649.000,- GESTAHÚS 15 m²



45 mm bjálki

Verð: 849.000,- GESTAHÚS 21 m²



70 mm bjálki

25 m² + 9 m² verönd

Verð: 1.350.000,- GESTAHÚS 25 m²

Pallaefni og girðingaefni - Gagnvarin fura.

21 x 95 mm 175 kr. pr. lengdarmeter.

28 x 95 mm 205 kr. pr. lengdarmeter.

34 x 95 mm 295 kr. pr. lengdarmeter.

45 x 95 mm 320 kr. pr. lengdarmeter.

45 x 145 mm 475 kr. pr. lengdarmeter.



Hagstætt verð



Grensásveg 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800 - Fax 570 4810

STÆRRI EIGNIR



KÖGURSEL - EINBÝLI

Fallegt og vel við haldið 200 fm einbýlishús á fallegum og barnvænum stað í Seljahverfinu í Reykjavík. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Stór og björt stofa og borðstofa með útg. á fallega timburvernd til suðurs og vesturs. Góðar innréttingar. Parket og flisar á gólfum. Risloft með miklum möguleikum. **SKIPTI Á MINNI EIGN MÖGULEG. Allar nánari uppl. á skrifstofu.**



SÓLEYJARIMI - RADHÚS - SKIPTI Á MINNA

Glæsilegt 210 fm milliradhús með glæsilegu útsýni yfir Reykjavík. Húsið er steinslept á tveimur hæðum byggt árið 2006. Á neðri hæð er: Anddyri, tvær stórar stofur, gesta wc. og eldhús. Á efri hæð eru: þrjú stór herb., sjónvarpsherb. þvottahús og baðherb. Glæsilegar innréttingar. Parket og flisar á gólfum. **Verð 52 millj. SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.**



BÁRUGATA HÆÐ OG RIS

127 fm efri hæð og ris í þrjúbýli á góðum stað í vesturbæ Reykjavíkur (hæðin og risið er skráð 110 fm þar af er hæðin skráð 78 fm og risið 32 fm, eigninni fylgir geymsluskúr sem er 17 fm). Fimm herbergi og björt og rúmgóð stofa. Góð staðsetning. Eign sem hefur mikla möguleika fyrir handlagið fólk. **Verð 34 millj.**



GNODARVOGUR - NEDRI SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR.

Góð 149 fm neðri sérhæð í fjölbýli. Þrjú svefnherbergi og tvær stórar og bjartar stofur. Suðursvalir. Tvær geymslur í kjallara (ekki inn í fm tölu). 28 fm fullbúinn bílskúr. 28 fm geymslurými undir bílskúr (ekki inn í fm tölu). Íbúðin er laus strax. **Verð 36 millj**

3JA - 4JA HERB.



VEGHÚS - 4RA HERB. M/BÍLSKÚR

Vorum að fá í sölu mjög góða 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðinni fylgir bílskúr sem er innbyggður í hús. Eldhús með góðri innréttingu. Rúmgóð stofa. 3 svefnherbergi með skápum í öllum. Fallegt baðherbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Geymsla er í risi sem er notuð sem herbergi í dag. **Verð 29,8 millj.**



STIGAHLÍÐ - FALLEG ÍBÚÐ

Falleg og mikil endurnýjuð 3-4ra herb. íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli (húsið liggur inn að Grænuhlíð). Tvö svefnherbergi, samliggjandi stofa og borðstofa. Nýleg innrétting í eldhúsi og baðherbergi. Parket og flisar á gólfum. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara. **Verð 22,8 millj.**



SELVOGSGRUNN - 3JA HERBERGJA

Vorum að fá í sölu mjög fallega 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í 4-býlishúsi. 2 góð svefnherbergi með skápum í öðru. Baðherbergi með kari, flisar í höll og gólf. Eldhús með mjög fallegri innréttingu, stáltaeki. Rúmgóð stofa og borðstofa. Hús í ágætu standi. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. **Verð 24,7 millj.**



STÓRAGERÐI - 3JA HERBERGJA M/BÍLSKÚR OG AUKAHERBERGI

Vorum að fá í sölu mjög rúmgóða 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. 2 svefnherbergi með skápum í báðum. Mjög rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á suður svalir (dæmi um að 3ja svefnh. hafi verið útbúið í stofu). Eldhús með nýlegri innréttingu. Í kjallara er herbergi með aðgangi að snyrtingu og sturtuðstöðu (herb. í leigu í dag). Bílskúrinn er með hita og rafmagn. **Áhv. 18,6 millj. frá Kaupþing V. 25,9 millj.**

2JA HERB.



ÁLFHÓLSVEGUR - SÉR INNGANGUR

Góð 44 fm 2ja herb. íbúð með á jarðhæð með sérinngangi í fallegu fjölbýli í austurbæ Kópavogs. Rúmgóð og björt stofa og svefnherbergi. Baðherbergi all nýl endurnýjað. Góðar innréttingar. Parket og flisar á gólfum. **Verð 14,9 millj. (Mögul. lán allt að 11,6 millj íbúðarlánasj.)**



LJÓSLAND MEÐ SÉR VERÖND

Falleg 58 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð í fallegu fjölbýli auk sér suðvestur timburverandar. Stór og björt stofa og rúmgott herbergi með skáp. Flísalagat baðherbergi, tengi fyrir þvottavél á baði. Parket og flisar á gólfum. Fallegur garður. Góð staðsetning innst í lokaðri götu. **Verð 17,9 millj.**



LANGHÓLTSVEGUR - FALLEG EIGN

Mikil endurnýjuð 74 fm 2ja herb. íbúð í kjallara í fallegu tvíbýli við Langhóltsveg í Reykjavík. Stór og björt stofa. Stórt herbergi. Fallegt endurnýjað baðherb. Stórt eldhús með fallegum innréttingum, eyju og hálf. Parket og flisar á gólfum. Fallegur saml. garður í rækt. **SKIPTI MÖGULEG Á 4RA HERB. ÍBÚÐ. Verð 17,5 millj.**



LÆKJASMÁRI - GLÆSILEG EIGN

Vorum að fá í einkasölu glæsilega 67 fm 2ja herb. íbúð auk staðs í bilageymslu í fallegu fjölbýli. Íbúin er fallega innréttuð og vel skipulögð. Stórt herbergi og stór og björt stofa með útg. á suðursvalir með útsýni. Parket og flisar á gólfum. Stutt í alla þjónustu og fallegar gönguleiðir um Kópavogsdalinn. **ÍBÚÐIN ER LAUS NÚ PEGAR. Verð 22,9 millj.**

AUSTURGERÐI - KÓPAVOGUR



158 fm neðri sérhæð í tvíbýli með bílskúr (íbúðin er 130 fm og bílskúr 28 fm) á fallægum stað í vesturbæ Kópavogs. Fjögur rúmgóð herbergi og stór og björt stofa með útg. í sólskála og þaðan í garð. Þvottahús innan íbúðar. Hús klætt að utan. Bílskúr stendur við hlíð hússins. Lóð gróin. **Verð 28,5 millj.**

DALHÚS - HÆÐ OG RIS



Vorum að fá í einkasölu góða 121 fm efri hæð og ris í góðu tveggja hæða húsi. Á hæðinni er anddyri, gesta wc, eldhús, stór og björt stofa og borðstofa með vestursvölum. Á efri hæð eru þrjú rúmgóð herbergi og stór baðherbergi. Yfir risi er rúmgott risloft. **SKIPTI MÖGULEG Á ÓDYRARI**

HRAUNBÆR

- 3JA HERBERGJA M/AUKAHERBERGI Í KJALLARA



Vorum að fá í sölu 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi með aukaherbergi í kjallara. 2 góð svefnherbergi með skápum í íbúð. Eldhús með nýlegri innréttingu. Baðherbergi með kari. Herbergi í kjallara er með aðgangi að baðherbergi. **V. 20,9 millj.**

ÖLDUGRANDI - MEÐ SÉR GARÐI



Falleg 56 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð með sérgarði. Stórt svefnherbergi og stór og björt stofa með útgengt í sérgarð. Fallegar innréttingar. Parket og flisar á gólfum. Sérgeymsla (ekki inn í fm tölu íbúðar) Falleg sameign. Stutt í alla þjónustu. Íbúðin getur losnað fljótlega. **ÁHV. Verð 17,9 millj.**

REYKÁS - FALLEG ÍBÚÐ



Falleg og björt 2ja herb. 69 fm íbúð á 1. hæð í fallegu fjölbýli. Rúmgott svefnherbergi og stór og björt stofa með útg. á austursvalir. Flísalgt baðherbergi, stutuklefi og baðkar. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús innan íbúðar. Sameign nýl. endurnýjuð. Hús yfirfarið og málað að hluta. **Áhv. 14,2 millj. (Ívbúðarlánasj. 4,9% vextir) Verð**



HVASSALEITI - FYRIR ELDRI BORGARA - V.R.BLOKKIN
Vorum að fá í sölu góða 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Góð stofa með suðursvölum. Svefnherbergi með góðum skápum. Baðherbergi með sturtu. Mikil þjónusta er í húsinu. Hús nýlega viðgert og litur það vel út. **V. 24,8 millj.**



SELJABRAUT - 2JA HERB. - SKIPTI MÖGULEG Á STÆRRI EIGN EDA SUMARBÚSTAD NÁLÆGT REYKJAVÍK
Vorum að fá í sölu mjög góða 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin var mikil tekni í gegn fyrir ca 2 árum síðan. Baðherbergi með sturtuklefa, t.f. þvottavél. Eldhús með nýlegri innréttingu, opíð í stofu. Svefnherbergi með góðum skápum. Snyrtileg sameign, hús í ágætu standi. **Möguleiki á að yfirtaka 12,2 m. ÍLS. V. 16,5 m.**

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



MITSUBISHI PAJERO
MITSUBISHI PAJERO SPORT GLS 3000 Árgærd 2003 ek 138þús km Sjálfskiptur Leður Topplúga Dráttarbeisli Nýleg Snjódekk Var á 1890 Nú 1490 100%Lán Mögulegt ath ódyrari uppl í s 580-8900 Eða 699-6661 eða 699-5801 www.bilalind.is Raðnr 162643.



MITSUBISHI PAJERO
MITSUBISHI PAJERO BENIS V-6/LANGUR, 1998 ekinn 145þús Sjálfskiptur Heilsársdekk Finn jeppi Var á 690.Nú 450 100%Lán Mögulegt uppl í s 580-8900 Eða 699-6661 699-5801. www.Bilalind.is raðnr 103312

Bilalind
Stórhöfða 24, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is



!! Good price. Ready for export !!

Mercedes-Benz E270 CDI LIMO 12/2005 mod 2006, 48þ.km, Manual,Diesel,130 kW / 177 PS, ABS, Alloy wheels, Central locking, Cruise control, Electric heated seats, Electric windows, ESP, Full Service History, Immobilizer, Navigation system,Power Assisted Steering. Price offer 2.000.000.-isk Please call Netbilar. is at 588 5300 or 662 5363 with questions



!! Good price. Ready for export !!

This 2002 Mercedes-Benz CL-Class 2dr CL500 Coupe features a 5.0L V8 SFI 24V 8cyl Gasoline engine. It is equipped with a 6 speed automatic transmission,CD, Parking Sensors, Xenon Lights, Heated Seats,Premium BOSE Sound, 19" AMG Wheels and more. Price offer 1.800.000.-isk Please call Netbilar.is at 588 5300 or 662 5363 with questions.



Nissan Terrano árg. 2000, ek. 95 þ.km, dísel, sjálfskiptur, topplúga, luxury, nýskoðaður og toppointak. Listav. 1.540.000.- Tilboð 1.070 eða yfirtaka á erlendu láni! Fyrstur kemur, fyrstur fær! S. 588 5300 eða á www.netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>



Útflutningur - útflutningur
Óska eftir vinnuvélum af öllum stærðum og gerðum til útflutnings. Hringdu núna og málið fer í gang.

Lykilbilar ehf
Smíðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasalur.is/lykilbilar



Jeep Grand Cherokee SRT8 420 Hestöfl!
Ekinn aðeins 3.900km , nýskráður 11.07 . Magnað tryllitæki á frábæru verði ! ABS - Aksturstölvla - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstyrðar samlæsingar - cd - Gleroppplúga - Hitu í sætum - Kastarar - Leðuraklæði - Litað gler - Loftkæling - Minni í sætum - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Veltistýri - Völkvæði - Þjófavörn - 20" álfelgur . Fleiri myndir á www.sparibill.is Verð aðeins kr : 5.490þ



NISSAN PATROL ELEGANCE 3,0 DIESEL
Nýskráður 11.2001. Upptekin vél frá IH ek 18þ.km , ekinn alls 123þ.km, Sjálfsk, Ný 35" dekk . Leður ofl. Athuga skipti . Verð 2.290þ

Sparibill ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



NÝIR OG NOTAÐIR BÍLAR
Okkur vantar allar gerðir af bílum á skrá og á staðinn. X4 bilasala. S: 565-2500 og 565-9600. www.x4.is

X4 ehf
Nethylur 1, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
Opíð virka daga 10-18 Vantar bíla á söluskrá og á staðinn. www.x4.is



RENAULT KANGOO EXPRESS, árg.3/1998, ek. Aðeins 69 þús.km., Litíð notaður og góður vinnubíll á góðu verði, Verð aðeins 350 þús.kr.!!!!



RENAULT MEGANE SCENIC SCÉNIC RX4 4X4, árg.5/2001, ek. 110 þús.km., rafmagn, cd, krókur ofl. Góður í veru!! Tilboð 599þús.kr stgr!! Listaverð 980þús.kr,



AUDI A4 1,8T S-line Avant, árg12/2005, ek. 51þús.km, Sjálfsk, leður, Topplúga, 17" felgur omfl. Glæsilegur bíll!!!! Asett verð 359þús.kr, 100% fjármögnun fánleg!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu



Tilboð 95 þúsund
Corsa árg. '98. Ek. 85 þ. Bsk. Sk. '09. þ. S. 897 8779.



Tilboð 95 þúsund
Ford Ka árg. '98. Sk. '09. Ek. 95 þ. S. 897 8779.



M Benz E 290 dísel '99 sk. '09 finn bíll mikið endurnýjaður. V. 730þ. S. 820 4340.



4x4 station
Til sölu Passat syncro árg. '98. Bíll í sér-flokki. Verð 480þ. Uppl. í s. 898 8835.



Ford Explorer LTD árg. 2006 ekinn 42þ.km. 6 manna, DVD, einn með öllu. Verð 3,590. S. 898 2811.



BrunaÚtsala
Bílar á Gömlu Gengi!
Hringdu Núna
552 2000

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Brunaútsölur og Bílar á Gömlu Gengi. Eignum nokkra jeppa, fólkubíla og pallbíla heimkomna á gömlu gengi. Einnig fjöldi nýrra bíla af brunaútsölum bílaumboða í USA. Stórkostlegir afslættir sem kemur beint til lækkunar til þín hér heima. Þessa dagana hreinsa bílaumboðin út óseldan lager til að bæta fjárhagsstöðuna. Þú getur sparað fleiri hundruð þúsund og gert reyfara kaup! Hringdu núna og kynntu þér málið í síma 5522000. www.islandus.com.

Reno Clio árg. '00. V. 200 þ. S. 869 9164.

VW Golf árg. '00. Ek. 185 þ. Ný sprautaður. Allt bremsuferfi nýtekið í gegn. Álfelgur. Sk. '09. V. 400 þ. eða tilboð ! S. 846 4460.

0-250 þús.
opel astra árg 97 sk 09 gott ástand verð 95,000 s:6993548

Bílar óskast
Óska eftir bíl af árg. '98 eða yngri fyrir allt að 150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 866 7347.

ÓSKA EFTIR ÓDYRUM BÍL HELST EKKI ELDRI EN '96. MÁ ÞARFNAST LAGF. S. 692 2609.

Jeppar



Ekki velkjast í óvissu um verðmætin

Fjórúkráin auglýsir eftir hressum söngvrum sem og hljóðfæraleikurum í vikingasveitina okkar sem spilar og syngur fyrir matargesti meðal annars íslensk þjóðlög kvöld og helgar vinna. Einnig vantar okkur matreiðslumann. Upplýsingar veitir Jóhannes Viðar í síma 8936435 eða á staðnum.

Sendibílar



Kröfst ekki meiraprófs réttinda

Vörubílar



MAN 33.464 6x6 árg. 10/2000 Dráttarbíll m. færarl. stól. Tvöfalt vökvakerfi m.a. fyrir gámvagn. smurkerfi og olíumíðstöð. 620 þ. km. Getum einnig úttegað fl vinnubíla, vagna og krana-bíla. O.K.Varahlutir s. 696 1051.

Hjólbarðar



Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálfu og bleytu. Styttri hemlunarvegalegd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluáðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabær S. 565 8600.

Vinnuvélar



Vökvadrifinn snjóblásari 1,5m á breidd, með tromlu og kastara. Vökvastýranlegur stútur. 35 til 45 lítra vökvörötor. Gott ver fyrir góða græju aðeins 590.000 kr. + vsk



Fjölplógur (Kastönn) Mesta breidd 2,1 metrar Minnsta breidd 1,7 metrar Er með gormvirkandi höggvörv á skera. Skeri úr gúmfíber. Stíllanlegt land á tónninni. Góð tónn á góðu verði aðeins 575.000 kr. + vsk.

Til afgreiðslu af strax

VÉLARÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík
Sími 5 806 288 www.velar.is



Hand-Brettatjakkur
Gaffallengd 1150mm
Mesta breidd 520mm
Lyftugeta 2.500 kg.
Verð aðeins kr. 39.500 + vsk



Hyster P 1.6
Handhægur rafmagnsbrettatjakkur 1.600 kg.
Verð aðeins kr. 598.000 + vsk



Hyster P 2.0S
Pallettutjakkur m/palli
Hraði max 12 km.
Lyftugeta 2000 kg.
Verð kr. 1.120.000 + vsk

Tjakkarnir eru allir til afgreiðslu af lager strax

VÉLARÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík
Sími 5 806 288 www.velar.is

Bátar

Óska eftir bát 8-10 tonna í góðu lagi með grásleppulefvi (í aflamarki - ekki skilyrði). Uppl. í s. 847 3758.

Bílaþjónusta

GÆÐABÓN ÁRMÚLA 17A
Opíð Mán-fös 8-18 S. 568 4310

KRINGLUBÓN ekið inn stóri-Litli tum. Opíð mán-fös 8-18 Lau 10-18. S. 5342455

GÆÐABÓN Hafnarfirði bílaj.
Fríðinum (undir verslunarm.)

ÞAD BESTA FYRIR BÍLINN DINN
ALDRIF, MÖSSUN, TEFLON, BRYNGLÁI, DJÚPHREINSUN.

Aukahlutir í bíla



BANNER SAFETYMAX Í ALLAR GERÐER BILA HAST FLUK HT

Snyrting

VILTU NÁ ÁRANGRI?



Moura prótein,
færri
hitningar,
flottari vöðvar
Orkan í lag meira úthald.
Nýr lífstíll...
Herbalife... það er málið
Aubur 693-2965 / Hanna 892-4284
Lilja 663-0670 / Rakel 868-3017
Rósalind 898-6559

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bífhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæis af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyr-ing.is S. 897 5484 & 897 3327.

Heimilistæki



Nýtt Íslenskt!

Vaskasmíðjan býður upp á einstaka vöru og hönnun. Handlaugar og sérsníði fyrir falleg heimili. www.kletthamar.is / sími 661-2005

Dýrahald

Hágæðafóður AÐEINS

390 kr/kg
Profomance hágæða hunda-fóður 23 kg sekkur á kr. 8900.- (selt líka eftir vikt á staðnum á 550 kr pr. Kg) 4. tegundir - Takmarkað magn.
Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattvörur Háholti 13, Mosfellsbær (sama húsi og krónan) www.hundaheimur.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Byssur

Rjúpnastofninn í haust Fundur með Ólafi Nilsen í Gerðubergi fimmtudaginn 30. Nóvember kl. 20 Skotvís 30 ára.

Fyrir veiðimenn

Tilboð á gistingu fyrir rjúpnaveiðimenn: www.graihundurinn.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.heimkynni.is
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann.
www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðuðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

Herbergi til leigu með aðgangi að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í s. 695 8636.

Mjög góð 4 herb. útsýnis íbúð á Kleppsvægi. V. 140 þ. Hiti og hússjóður innifalið. Uppl. í s. 898 0187.

Gistiþláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Til leigu herbergi með eldhúsi, aðgangi að baðherb. og interneti í 101 rvk. Leiga 45 þús. á mán. 2 mán fyrirfram. Uppl. í s. 695 8636.

105 Stangarholt. Fint stúdíóherb. Þjart og rúmigt með eldh.innr. Vask, ísskáp, stór fatask., þvottav.tengi. Internet. V. 45 þ. með öllu. S. 891 8610.

Íbúðir til leigu

Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

Fasteignir

VIL KAUPA STÓRT EIBÝLISHÚS Í SKIPTUM FYRIR TVÖ EIBÝLI Í BREIÐHOLTI 8937211

Atvinnuhúsnæði

Góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31, 3h. Tilvalið fyrir teiknistofu, sjálfstætt starfandi sérfræðinga eða minni fyrirtæki. Hluti herbergja er þegar í leigu. Góð sameign með aðgangi að fundarherbergi og góður félagskapur. Hægt að leigja herbergin með skrifstofubúnaði. Sími 894 1949.

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

Geymsluhúsnæði

Tjaldvagna, felli- og hjólhýsageymslur Upphitað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu til leigu fyrir tjaldvagna, felli-/hjólhýsi og húsbíla. Uppl. í síma 893 9777.

geymslaeitt.is

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m², og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vakt. S. 564 6500.

Nú fer hver að verða

síðastur!

Upphitað rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vakt. & öryggismyndavélur. S. 555 3464

Geymsluhúsnæðið

Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mót-orhjólf ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Gámaútsala!
40 ft. einangraðir gámar (fyrirverandi frystigámar).
ALDREI BETRA VERÐI!
HAFNARBANKI FLUTNINGATEKNI
Hringdu í síma 535 2550 - www.hafnarbanki.is

Gisting

Gisting í Kaupmannahöf

Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Gisting í Köben. Stúdíóíbúðir jónas@maill.dk. www.sitecenter.dk/jonas Sími+4531106412

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

ATVINNA

Atvinna í boði

THULEKRAFT
Ráðningaskrifstofa
[Við leitum að]
• Verkfræðingum
• Tæknifræðingum
• Iðnaðarmönnum
með sveinsbréf til
Sviþjóðar, Noregs og
olíuborpalla á norðursjó
Upplýsingar í síma 6967324
thulekraft@gmail.com

Seðlabankastjóri óskast! Seðlabanki Alþýðunnar leitar að hagfræðimenntuðum, öflokksbundnum aðila sem á auðvelt með mannleg samskipti, sýnir yfirvegum í starfi, hefur almannahagsmuni að leiðarljósi og axlar ábyrgð af miklu æðruleysi. Áhugasamir sendi umsóknir á seðlabankinn@gmail.com

Góðir Tekjumöguleikar

Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Nýtt nám-skeið að hefjast. Sími 892 9660.

HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Atvinna óskast

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bílstjórar, fiskvinnslufólk ofl. S. 845 7158.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

HENDUR.IS

Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

KÓPAVOGUR - FOSSVOGUR! Kondjó týndist frá Furugrund 64 þriðjudaginn 21 okt. Hann er með græna ól með bjöllu og merki. Sást við Sléttuveg 23. okt. Ef þú hefur orðið hans vör, var hringdu í síma 865 5140.



Carmen er týnd. 2ja ára bröndöttur skógarköttur, tapaðist frá Bogahlíð 13. sunnud. 19. okt. Hún er með rauða ól og örmerkt. Hennar er sárt saknað, fundarlaun. Svana 899 2424

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666

Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gir. Hver verður kærastan þín í kvöld? Opíð allan sólarhringinn, engin bið.

Meiriháttar upptaka

Gríðarlega „innileg“ upptaka var að berast Sögum Rauða Torgsins (og hún er virkilega meiriháttar!). Njóttu hennar til fulls í einrúmi í síma 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8253.

„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Nudd

Hefur þú prófað:

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Ayurveda nudd
Vísindi lífsins

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
message@dongfang.is
www.dongfang.is

IH
ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIÐIR

Hringdu í síma

512 5060
ef blaðið berst ekki



THEODORE ROOSEVELT BANDARÍKJA-FORSETI FÆDDIST PENNAN DAG ÁRÍÐ 1858.

„Trúðu á getu þína og þú ert kominn hálfa leið að takmarkinu.“

Theodore Roosevelt var forseti Bandaríkjanna frá 1901 til 1909. Hann var sá yngsti í sögunni til að gegna embættinu en hann tók við eftir að William McKinley hafði verið myrtur. Í stjórnartíð sinni afmarkaði hann réttindi stórfyrirtækja, stýtti vinnutíma barna og setti á fót náttúruverndarsamtök.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

Tvö þúsund gestir á mánuði

Starfsmenn fyrirtækja, félagasamtök og skólahópar eru meðal þeirra tvö þúsund sem heimsótt hafa skemmtigarð í Grafarvogi sem var opnaður nú í september. Hann opnar þó ekki formlega fyrr en næsta vor. „Þetta var hálfgerð prufukeyrsla hjá okkur,“ segir Ingibjörg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri skemmtigarðsins. „Við höfum fengið frábærar viðtökur.“



Ingibjörg Guðmundsdóttir og Eyþór Gunnlaugsson blása á allt kreppatal og hafa opnað skemmtigarð í Gufunesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg og eiginmaður hennar, Eyþór Gunnlaugsson, eru eigendur og hugmynda-smiðir garðsins. Þau eru hvergi bangin við tímasetninguna. „Við höfum fengið margar fyrirspurnir um hvort við séum ekki hætt við allt saman. En það gerðum við að sjálfsgöðu ekki. Nú sem aldrei fyrr hefur fólk þörf fyrir að lyfta sér upp og gera eitthvað saman.“

Í skemmtigarðinum eru leikvellir með þeim frá ýmsum tímum mannkynsögunnar. Þeir eru fyrst og fremst í mismunandi

leikjum tengdum hópefli, allt frá ratleikjum, strand-blaki, litbolta og svo mætti lengi telja. Þá er möguleiki á að taka á móti stórum hópum í grillveislu og jólahlaðborð. Fleira er í pípunum sem verður kynnt þegar nær dregur formlegri opnun. „Við vonum að okkur takist að gera lífið á Íslandi skemmtilegra,“ segir Ingibjörg.




Brautskráningin fór fram í Hóládómkirkju.

MYND/MÁLFRÍÐUR

Útskrift frá Hólum

Nýlega brautskráðust sextán neman af ferðamáladeild og fiskeldis- og fiskalíffræðideild Hólaskóla og fór athöfnin fram í Hóládómkirkju. Skúli Skúlason rektor flutti hátíðarræðu, deildarstjórnarnir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Helgi Thorarensen brautskráðu og ávörpuðu samkomuna. Sveinn Sigurbjörnsson og Thomas R. Higgerson léku á trompet og orgel og Málfríður Finnbogadóttir stjórnaði dagskránni. Að lokinni athöfn var gestum boðið í glæsilegt veislukaffi.



+

Ástkær eiginmaður minn og frændi,
Sigurður Pétursson
prentari, Hraunbæ 102 h, Reykjavík,

verður jarðsunninn frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 28. október kl. 13.00.

Sóley Brynjólfssdóttir
Sigurveig Alfreðsdóttir
og fjölskylda.

Gunnar H. Hall

ÞETTA GERÐIST: 27. OKTÓBER 2005

Óeirðir brutust út í Frakklandi

Miklar óeirðir hófust í Frakklandi þennan dag árið 2005. Kveikt var í bílum og húsum og átök brutust út víða. Það voru innflytjendur, einkum frá Norður-Afríku og arabalöndum, sem áttu upptök-in þar sem þeir töldu mjög á réttindi sín hallað. Þessir hópar bjuggu við viðvarandi atvinnuleysi og höfðust við í fjölmönnum fátækrahverfum stórborga landsins. Þar kraumaði vonleysi, gremja, glæpir og ofbeldi.

Hluti þessara hópa hafði ekki aðlagast hefðum og siðum fransks þjóðfélags og taldi mjög skorta á að hann nýti sambærilegra lífskjara og innfæddir Frakkar. Atburðirnir komu jafnt stjórnvöldum sem almennungi í Frakklandi í opna skjöldu og umheimurinn undraðist að eitt rómaðasta menningar- og lýðræðissamfélag Evrópu skyldi skyndilega loga stafnanna á milli. Þóttu óeirðirnar sýna að stjórnvöldum í París hefði mistekist það verkefni að skapa viðunandi jafnræði í samfélaginu.



MERKISATBURÐIR

- 1682 Ríkið Philadelphia er stofnað í Norður-Ameríku.
- 1904 Fyrsta jarðlestakerfið í Bandaríkjunum er vígt í New York.
- 1923 Borgaraflokkurinn hinn fyrri hlýtur hreinan meirihluta atkvæða í alþingiskosningum.
- 1936 Í Menntaskólanum í Reykjavík er afhjúpað minnismerki um Niels R. Finsen sem varð stúdent frá skólanum í júlí 1882.
- 1938 Nælon er kynnt á markaði í fyrsta sinn.
- 1978 Egypski forsetinn Anwar Sadat og forsætisráðherra Ísraels, Menachim Begin, hljóta friðarverðlaun Nóbels.

RANNVEIG SNORRADÓTTIR: VANN TIL GULLVERÐLAUNA Í EVRÓPUKEPPNI

Fann mig í ferðamálunum

Árleg keppni evrópskra nemenda í hótél- og ferðagreinum fór nýlega fram á eyjunni Saareema í Eistlandi. Eini Íslendingurinn að þessu sinni var Rannveig Snorradóttir, nemi í ferðafræðum við Menntaskólann í Kópavogi. Hún kom til Saareema, sá og sigraði. Reyndar hafa nemendur úr MK komið með gull heim úr keppninni fjögur ár í röð en það rýrir ekki hlut Rannveigar. Hún var í liði með tveimur öðrum stúlkum, Merije frá Holland og Sirlu frá Eistlandi. En hvernig fóru þær að þessu?

„Verkefni okkar fólst í því að finna leiðir til að auka og bæta ferðaþjónustu á eyinni Saareema. Við fórum í skoðunarferð til að afla upplýsinga og fengum svo fimm tíma til að skrifa skýrslu. Síðan fengum við þrjá klukkutíma til að undirbúa kynningu á verkefninu sem við fluttum síðan fyrir framan fimm manna dómnefnd.“

Rannveig kveðst persónulega hafa heillast af Saareema. „Fólk á bara eftir að uppgötva þennan frábæra áfangastað,“ segir hún og heldur áfram: „Þetta er strjálbýl eyja með um 35.000 manns og um helmingur hennar er frumskógur. Heimamenn leggja mikla áherslu á heilsutengda ferðaþjónustu og sem dæmi um það eru þar níu spa-hótel með nuddi, gufu og líkamsræktaráðstöðu. Svo baka þeir sitt eigið heilsubrauð. Þetta vita bara fáir og því koma þangað nær eingöngu ferðamenn frá nágrannaríkjunum. Eistland var, jú, lokað til 1991 og í dag er varla hægt að finna neitt um þessa eyju á netinu.“

Tillögur okkar til úrbóta fólust því einkum í bættari heimasíðugerð og bæklingaútgáfu, góðum samskiptum við ferðaskrifstofur og auknum hvataferðum til eyjarinnar. Því Saareema býður ekki bara upp á spa-hótel heldur eru alls konar hátíðir þar og



REYNSLAN KOM SÉR VEL „Ég vinn við að skipuleggja ferðir innanlands,“ segir Rannveig Snorradóttir. Auk þess að nema við Menntaskólann í Kópavogi starfar Rannveig á Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

húllumhæ sem höfðar til yngra fólks. Eins stungum við upp á að bæta hjólastíga umhverfis eyjuna því það er ekkert mál að hjóla hringinn.“

Rannveig er Bolvikingur en hefur búið í Reykjavík undanfarin ár. Hún starfar á Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og er í fjarnámi við MK á ferðalínu málabrautar. „Ég átti svo lítið eftir að ég ákvað að taka það í fjarnámi,“ segir hún. Námsgreinar ferðalínunnar segir hún vera landafræði, markaðsfræði, rekstrarhagfræði og bókfærslu, svo nokkrar séu nefndar. Ekta nám fyrir vinnu á ferðaskrifstofum. „Ég var ekki viss um hvað ég vildi gera en ákvað að prófa þetta

nám og fann mig þar algerlega. Það skilaði sér í keppninni úti,“ segir hún og nefnir að mikil áhersla sé lögð á það í skólanum að standa upp og halda kynningar. „Áður var ég alltaf hrædd við að standa upp og tala fyrir framan fólk,“ segir hún brosandí. Bætir svo við að verklegi þátturinn hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar hafi líka fleytt henni áfram. „Samantlagt var það námið í MK og reynslan héðan sem gaf mér gullið.“

Framtíðin brosir við Rannveigu sem hyggst taka diplómánám í ferðafræðum við MK, jafnvel strax eftir jólin og svo jafnvel bæta við þekkinguna í háskóla erlendis. gun@frettabladid.is

Besti árangur hingað til

„Þetta er besti árangur sem liðið hefur náð hingað til og fyrsta ólympiugullið. Því er ekki hægt að segja annað en að við séum mjög stolt yfir árangrinum,“ segir Bjarni Gunnar Kristinsson, fyrirlíði íslenska kokklandsliðsins, sem lenti í tíunda sæti á Ólympíumóti matreiðslumeistarara sem fór fram í Erfurt í Þýskalandi fyrir helgi.

Alls tóku 32 þjóðir þátt í landsliðakeppninni og náði íslenska liðið að landa tvennum gullverðlaunum og tvennum silfurverðlaunum. Norðmenn hrepptu fyrsta sætið á mótinu. Önnur gullverðlaunin uppskar liðið fyrir þriggja rétta máltíð sem elda átti fyrir 110 manns á fimm tímum. Þar lék íslenskt hráefni stórt hlutverk, þar á meðal saltfiskur og hreindýr. Pinnamatúr og fiskiföt voru síðan á meðal þess sem réði því að liðið hlaut önnur gullverðlaun.

„Þetta er sérstaklega gott í ljósi þess að við erum




Íslenska kokklandsliðið lenti í tíunda sæti á Ólympíumóti matreiðslumeistarara í Erfurt í Þýskalandi.

MYND/GUÐJÓN STEINSSON

lítil þjóð sem höfum minni fjárráð en hinar þjóðirnar, þrátt fyrir góðan stuðning heima. Árangurinn sýnir

líka hversu örum framförum matseld hefur tekið á Íslandi. Okkar matur er nú á heimsmeilíkjum,“ segir

Bjarni, sem telur þá staðreynd eiga eftir að laða enn fleiri ferðamenn til landsins.



VÍSIR.IS

LANGVIRKASTI FRÉTTAMIÐILL LANDSINS

Vísir er langvirkasti vef-fréttamiðill landsins og flytur landsmönnum

35% fleiri fréttir en mbl.is

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina fyrir þig. Hraði fréttar og upplýsinga er allt sem skiptir máli í nútíma samfélagi !

VÍSIR.IS

...ég sá það á visir.is



* Skv. vefmælingu Creditinfo Ísland sem framkvæmd var 16-30.september 2008
birtust á tímabilinu 1557 fréttir á vef visir.is á meðan 1155 fréttir birtust á vef mbl.is

PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnr:

PRIVATE DANCER

29. október kl. 14 - FORSYNING
30. október kl. 20 - UPPSELT
1. nóvember kl. 15
2. nóvember kl. 20

Sýnt á Stóra sviði
Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða núna!
568 8000 / midi.is

Aðeins þessar 4 sýningar!

www.panicproductions.is

Höfundar og flytjendur: Margrét Sara Guðjónsdóttir
Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Jared Gradinger



Borgarleikhúsið MENNTAMÁLARÁÐGJEFTIÐ Reykjavíkurborg



Félag kvikmyndagerðarmanna

auglýsir eftir umsóknum til úthlutunar úr höfundasjóði félagsins fyrir kvikmyndir sem sýndar voru í sjónvarpi eða kvikmyndahúsum eða gefnar út á DVD eða birtar með öðrum hætti á árunum 2006 og 2007.

Rétt til úthlutunar eiga:

- Kvikmyndastjórar (ekki leikið efni)
- Kvikmyndatökumenn
- Klipparar
- Hljóðhöfundar
- Ljósahönnuðir

Þessi úthlutun tekur eingöngu til verka sem sýnd voru eða gefin út á árunum 2006 og 2007.

Umsóknareyðublið er hægt að nálgast á vef Félags kvikmyndagerðarmanna: www.filmmakers.is.

Umsóknir ásamt fylgiskjöllum skulu berast Félagi kvikmyndagerðarmanna, Pósthólf 1652, 121 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 20. nóv. 2008.

Ekki verður tekið tillit til umsókna sem berast eftir þann tíma.

Hringdu í síma

512

5060

ef blaðið berst ekki



NOKKUR ORÐ Vigdís Pormósdóttir

Íslenska ullin auðmjúka

Þrátt fyrir sannkallaða holskeflu vondra fréttu sem hafa dunið á þjóðinni síðustu vikur hafa leynst einstaka góðar fréttir inni á milli. Til að mynda er ekkert nema gott um það að segja að fólk sé farið að prjóna meira, enda er prjónaskapur róandi og framleiðði áhugamál. En hugmyndin um að prjónaskapur sé ódýr er á einhverjum misskilningi byggður, í það minnsta þarf að feta ullarstiguna fremur varlega til þess að hitta á gott verð.

Nokkuð hefur borðið á því hin síðari ár að þeir sem á annað borð nenna að standa í handavinnu hafa laðast mjög að erlendu garni, sem markaðsett hefur verið sem nokkurs konar lúxusvara og verðlagt í samræmi. Kostnaðurinn við að prjóna peysu úr slíku garni hleypur iðulega á tugum þúsunda íslenskra

króna og má því segja að dálæti íslenskra prjónáhugamanna á garni þessu hafi verið eitt af einkennum góðærisins sem aldrei var. Það að spóka sig um í heimaprjónaðri peysu úr bresk-framleiddu kasmír- eða silkigarni var hlíðstæða prjónaheimsins við þann vonda sið bilaáhugamanna að spæna upp göturnar á risastórum glansandi dekurjeppum.

Nú þegar kreppir að í efnahagsmálum landsins hefur heimssýn Íslendinga heldur betur umturnast; glansandi jeppar þykja skyndilega dálítið vandræðalegir og sömu söguna má segja um 984-króna garndokkuna. Í ljósi þessa verður að teljast líklegt að hér lent prjónafólk komi til með að snúa sér í auknum mæli að íslenskum lopa og annarri auðmjúkra og heildarlegri ull sem staðið hefur sína plikt öll góðærisárin á meðan að nýríkir eltu eitthvert tiskugarnið. Nú er bara að venja sig við kláðann.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> „VENJULEG“ Á HREKKJAVÖKU

Dita Von Teese segist ætla að klæða sig upp sem „venjuleg stelpa“ á hrekkjavöku 31. október næstkomandi. Dita, sem er þekkt fyrir ljósa húð sína, rauðar varir og kol-svart hár, segir að fáir muni þekkja sig ef hún liti „eðlilega út.“ Dags daglega klæðist hún fötum í 40's stíl, korselettum, pilsnum og kjólum, en á hrekkjavökunni ætlar hún að fara í gallabuxur og setja á sig brúnkukrem.



Engar silfurskeiðar hjá Damon

Matt Damon er svokölluð A-stjarna. Sem þýðir að hann fær tugi milljóna fyrir hlutverk í kvikmynd. En Damon hefur á undanförunum árum einnig unnið að því að bæta hag fátækra barna í þróunarrikjunum og afla sér þó nokkurrar virðingar fyrir starf sitt.

Damon eignaðist nýverið sína þriðju stelpu og hann segist harðákveðinn í því að sýna dætrum sínum hversu lánsamar þær eru. Hann kunnir jafnvel að fara með þær í ferðalög til að sýna þeim hvernig heimurinn sé í raun og veru.

„Við sjáum allar þessar hörmungarfréttir á forsíðum blaðanna. En það er ekki fyrr en maður mætir á staðinn og sér neyðina með eigin augum sem maður kemst að því að það er ekki hægt að fletta fram hjá vandamálinu,“ sagði Damon á góðgerðasamkomu í San Francisco. Aðspurður hvernig honum myndist að vera eini karlinn á heimilinu sagði Damon að það væri frábært. „Ég meina það, mér finnst það alveg frábært.“

VINNUR AÐ BARNHEILL Matt Damon ætlar að sýna dætrum sínum hvernig önnur börn hafa það. Þær eigi að vera þakklátar fyrir það sem þær hafa.



fólk

folk@frettabladid.is



BEASTIE BOYS Undirbúa nýja plötu sem mun fylgja eftir The Mix-Up.

Ný plata frá Beastie Boys

Hljómveitin Beastie Boys er að undirbúa nýja plötu sem mun fylgja eftir The Mix-Up sem kom út í fyrra. Á henni var ekkert sungið en raunin verður önnur á þessari plötu. „Við erum í miðjum upptökum,“ sagði Adam Horovitz. „Við vonumst til að geta gefið hana út á næsta ári. Það er mikið af röddum í henni og mikið af orðum. Hún er líka pólitísk.“

Auk vinnslu við plötuna er sveitin á leiðinni í tónleikaferð um Bandaríkinn undir yfirskriftinni Get Out and Vote þar sem fólk er hvatt til að taka þátt í forsetakosningunum í Bandaríkjunum.

Grætti Lindsay Lohan

Ekki virðist vera mikill vinkapur milli leikkonunnar Americu Ferrara og Lindsay Lohan ef marka má heimildir dagblaðsins New York Post. Lindsay Lohan hefur verið gestaleikkona í þáttunum Ugly Betty þar sem America leikur aðalhlutverkið, Betty Suarez. Í einni senunni átti karakter Lindsay að toga buxurnar niður um Betty, en þegar þær æfðu senuna á dögnum ákvað America að snúa hlutverkunum við og togaði buxurnar niður um Lindsay, sem brast í grát af skömm yfir atvikinu. Leikkonurnar eru sagðar eiga í stanslausum útistöðum á tókustað og er það sögð vera ástæða þess að Lindsay kemur aðeins fram í fjórum þáttum í stað sex eins og var áætlað í upphafi.

Lourdes er sáttasemjarinn

Elsta barn Madonna, Lourdes, hefur gengið á milli stjúpforeldra síns og móður og beðið þau um að vera góð hvort við annað. Hún gæti hafa komið því til leiðar að skilnaðurinn verði ekki blóðugur, eins og margir höfðu spáð.

Madonna og Guy hafa verið gift síðan árið 2000 og var Lourdes aðeins fjögurra ára þegar breski leikstjórinn kom inn í líf hennar. Henni þykir, að sögn breska blaðsins News of the World, ákaflega vænt um stjúpforeldra sinn og vill heimsækja hann sem oftast í London. Eitt dýrasta atriðið í skilnaðinum hefur þó verið útkljáð því Madonna og Guy hafa ákveðið að krefja hvort annað ekki um þann pening sem þau græddu áður en þau giftust. Þetta hefði eðlilega getað reynst Madonna ákaflega dýrkeypt. Hins vegar verður Guy ekki á flæðiskeri staddur; Madonna græddi í kringum 300 milljónir punda á þessum átta árum sem hjónabandið entist.



SÁTTASEMJARINN Lourdes er sögð hafa komið því til leiðar að skilnaður stjúpforeldra hennar og móður verði ekki blóðugur.

Aðalmálið hjá Madonna og Guy er hins vegar menntun sonar þeirra, Rocco. Guy leggur hart að Madonna að hann fái breska skólagöngu og vill alls ekki að hann alist upp í Bandaríkjunum; sér í lagi í New York en þangað hyggst Madonna flytja. Madonna hefur hins vegar farið fram á að Rocco fylgi henni, Lourdes og David og þar stendur hnifurinn í kúnni. Einn vinur þeirra hjóna lét hafa eftir sér í samtali við News

Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Madonna og Guy ætla ekki að féfletta hvort annað fyrir dómstólum. Þeirra helsta deilumál er sonurinn Rocco.

of the World að líklegast væri að Rocco fylgdi mömmu sinni vestur um haf. „Annar möguleiki væri náttúrulega að Rocco gengi í skóla í Bretlandi en færi síðan til Bandaríkjanna í öllum fríum,“ bætir náinn vinur skötujuanna við.

Samkvæmt vinum Madonna ætlar hún sér að ættleiða annað barn og komast þannig yfir skilnaðinn. Fyrir utan deiluna um Rocco virðist flest frágengið. Guy fær 10 milljónir punda í reiðufé og glæsivilluna þeirra í Wiltshire. Hann heldur barnum sínum en eignir þeirra í London verða í eigu Madonna.



FIMM ÍBÚÐIR Í SÖMU BLOKK Tom Cruise og Katie Holmes eru sögð eiga fimm íbúðir í sömu blokkinni í New York og þar sé ein íbúðin leikherbergi fyrir Suri, tveggja ára dóttur þeirra.

Breyttu íbúð í leikherbergi

Það væsir ekki um Suri Cruise, tveggja ára dóttur Katie Holmes og Toms Cruise. Samkvæmt heimildum dagblaðsins New York Post keypti parið íbúð í borginni og breyttu henni í leikherbergi fyrir dóttur sína. Katie og Tom eiga nú þegar fimm íbúðir í sömu blokk og þótti Suri þurfa meira pláss fyrir leikföng sín. Í hinum íbúðunum er meðal annars líkamsræktar- og starfsmanna-aðstaða, en heimildarmaður parsins neitar öllum fregnunum af íbúðakaupunum.

Tom er sagður vera hinn vinalegasti við nágrannana þar sem hann er mikið á ferli inn og út úr húsinu, en lítið sést til Katie sem leikur í Broadway-sýningunni All My Sons um þessar mundir.

Með alla fjölskylduna á sviðinu

„Ég ætla að byrja á elstu lögnum, taka jafnvel einn, tvo sálma og enda svo á nýju efni sem ég hef verið að vinna að með Péttri Ben og Ómari Guðjónssyni,“ segir Ellen Kristjánsdóttir söngkona um tónleika sem hún mun halda í Íslensku óperunni næstkomandi miðvikudag. Dúettinn Pikkinnik mun koma fram áður en Ellen stígur á svið, en hann samanstendur af Sigríði Eypórsdóttur, dóttur Ellenar, og Steina úr Hjálmmum.

„Elín, Beta og Sigga, dætur mínar, syngja allar með mér á tónleikunum. Eypór, pabbi þeirra, verður í hljóm-sveitinni ásamt einvala liði tónlistarmanna, en Magnús Eiríksson verður sérstakur gestur og tekur með mér eitt lag,“ útskýrir Ellen sem er ánægð með forsöluna á tónleikana. „Við hefðum viljað hafa miðaverðið lægra og helst bara ókeypis, en húsneðið er dýrt og fólk þarf að fá greitt fyrir vinnu sína,“ bætir hún við.

Aðspurð segist Ellen óhjákvæmilega finna fyrir afleiðingum kreppunnar og ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í þeim efnum. „Við KK og Pétur Kristjánsson bræður mínir ætlum að halda þjóðfund 8. og 9. nóvember næstkomandi og það verður okkar leið til að gera eitthvað í málinu. Þar munu fara fram pallborðsum-ræður fyrir fólkið í landinu um lýðræði, frelsi manna og samstöðu. Þetta verða ekki mótmæli heldur verður rætt um úrlausnir,“ segir Ellen. Staðsetning þjóðfundarinn verður auglýst þegar nær dregur.


- ag



UNRIRBYR TÓNLEIKA OG ÞJÓÐFUND Ellen undirbýr nú tónleika í Íslensku óperunni sem verða næstkomandi miðvikudag, auk þess sem hún skipuleggur þjóðfund með bræðrum sínum, sem haldinn verður 8. og 9. nóvember.

Lækkað verð á ýsuflökum með roði, aðeins 989 kr/kg

Opið í verslun mán - fös 08-18:30



Nýr matseðill í veitingahúsi alla miðvikudaga

Gallery
fiskur

Opið í veitingahúsi
mán - fös 11:30-15:00
fim - lau 18:00-22:00
www.galleryfiskur.is

Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882



LADDI

6-TUGUR

Eftir Gísla Rúnar og Ladda

Sviðssetning: Björn G. Björnsson Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser

LADDI OG FÉLAGAR KVEÐJA HLÁTURINN ER BESTA MEÐALIÐ!

Við bætum þess vegna við einni sýningu í viðbót
í desember vegna fjölda áskorana!

Föstudagurinn 7. nóvember kl. 20:00 - Uppselt

Föstudagurinn 7. nóvember kl. 23:00 - Uppselt

Fimmtudagurinn 13. nóvember kl. 20:00 - Uppselt

Þriðjudagurinn 25. nóvember kl. 20:00 - ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR

Sunnudagurinn 30. nóvember kl. 20:00 - Uppselt

Miðvikudagurinn 3. desember kl. 20:00 - NÝ SÝNING - LAUSIR MIÐAR

SÉRSTAKIR GESTIR

Steinn Ármann
Halli
Eggert Þorleifs

Miðasala er hafin á miði.is.
Fyrstir koma fyrstir fá!

ALLRA
SÍÐUSTU
SÝNINGAR



Borgarleikhúsið



Miðasala á midi.is og í Borgarleikhúsinu

bravó!
Góðar stundir

> Ólafur í danska handboltann?

Fréttir þess efnis að handknattleiksmaðurinn Ólafur Stefánsson sé á leið til danska þriðju deildarliðsins Albertslund/Glostrup, sem er í eigu dansks skartgripasala og milljarðamæringis, hafa farið á milli manna eins og eldur um sinu undanfarið. Ólafur vildi lítið tjá sig um málið þegar Fréttablaðið kannaði stöðuna á honum í gær. „Ég hef ekkert að segja um þetta mál að svo stöddu. Það gæti þó eitthvað breyst á næstu dögum,“ segir Ólafur.



sport
sport@frettabladid.is

EDDA GARÐARSDÓTTIR OG KATRÍN JÓNSDÓTTIR: SVEKKTAR EFTIR JAFNTEFLIÐ EN BJARTSÝNAR Á FRAMHALDIÐ

Ef einhverntíma er þörf á stuðningi þá er það nú

Landsliðskonurnar reynslumiklu Edda Garðarsdóttir og Katrín Jónsdóttir eru enn ákveðnar að sjá til þess að íslenska liðið komist á lokakeppni EM 2009 eftir jafntefli gegn Írum í fyrri umspilsleik liðanna í gær. Þær telja báðar að íslenska liðið eigi mikið inni fyrir seinni leik liðanna á Laugardalsvelli á fimmtudag.

„Okkur líður dálítið eins og við höfum tapað leiknum, þar sem við fengum nokkur góð færi til þess að klára leikinn á lokakafnanum. Við vorum hins vegar að gera mikið af litlum mistökum í leiknum sem skipta kannski talsverðu máli þegar allt er tekið saman í lokin. Móttaka

og fyrsta snerting klinkuðu mikið hjá okkur og við þurfum að laga það fyrir seinni leikinn. Þegar upp er staðið er jafntefli og mark á útvelli kannski ekkert svo slæmt úrslit en við verðum að sýna betri leik á Laugardalsvelli,“ segir Edda og Katrín tekur undir með henni.

„Við getum spilað betur en við gerðum í þessum leik og ég tel okkur vera með sterkara lið en það írski og við ætlum að gera betur á heimavelli. Við erum búnar að vinna markvisst að þessu í tvö ár og við ætlum að vinna

heima og fara þangað,“ segir Katrín ákveðin.

Báðar vonast þær stöllu eftir góðri mætingu á Laugardalsvelli, nú þegar mest liggur við.

„Ef einhverntíma er þörf á stuðningi, þá er það nú. Núna er þetta bara upp á líf og dauða. Þetta er auðvitað líka síðasti möguleikinn fyrir okkur gömlu kerlingarnar að komast á stórmót,“ segir Edda á léttrum nóttum og Katrín bætir við:

„Vonandi mætir fullt af fólki á leikinn, skellir sér í kraftgallann og mætir bara með kakó og stemningu.“



ÚRSLIT

Umspilsleikur fyrir EM 2009

Írland-Ísland 1-1
0-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (1.), 1-1 Stefanie Curtis (63.).

N1-deild karla í handbolta

Haukar-Víkingur 37-23 (18-14)

Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 8/3 (13/4), Stefán Rafn Sigurmannsson 6 (8), Einar Örn Jónsson 6/3 (8/3), Kári Kristján Kristjánsson 5 (6), Pétur Pálsson 4 (5), Gunnar Berg Víktorsson 3 (5), Elías Már Halldórsson 2 (4), Heimir Óli Heimisson 1 (1), Arnar Jón Agnarsson 1 (2), Gísli Jón Þórisson 1 (4), Freyr Brynjarsson (1), Andri Stefan (4)

Varín skot: Gísli Guðmundsson 26/1 (48/2 54,2%), Birkir Ívar Guðmundsson (1/1)

Hraðauppflaup: 13 (Stefán 5, Elías 2, Einar 2, Kári 2, Heimir, Gunnar)

Fiskuð víti: 7 (Kári 3, Freyr, Elías, Arnar, Sigurbergur)

Utan vallar: 6 mínútur

Mörk Víkings (skot): Davíð Ágústsson 5 (6), Óttar Filip Pétursson 3 (4), Hreiðar Haraldsson 3 (6), Davíð Georgsson 3/2 (9/3), Sigurður Örn Karlsson 2 (2), Sverrir Hermannsson 2 (5), Þröstur Þráinsson 2 (7), Sveinn Þorgeirsson 2 (8), Björn Víðar Björnsson 1 (1), Pálmar Sigurjónsson (2), Vígfús Þormar Gunnarsson (5)

Varín skot: Björn Víðar Björnsson 16(46/5 34,8%), Árni Gíslason 3/1 (10/2 30%)

Hraðauppflaup: 10 (Sigurður 2, Hreiðar 2, Þröstur 2, Óttar 2, Davíð Á., Davíð G.)

Fiskuð víti: 3 (Sveinn 2, Davíð)

Utan vallar: 16 mínútur

STAÐAN Í DEILDINNI

	6	3	2	1	+8	8
1. FH	6	3	2	1	+8	8
2. Akureyri	6	4	0	2	+5	8
3. Valur	6	3	2	1	+19	8
4. Fram	5	3	1	1	+9	7
5. HK	6	3	0	3	-10	6
6. Haukar	6	3	0	3	+9	6
7. Stjarnan	5	1	1	3	-9	3
8. Víkingar	6	0	0	6	-33	0



MARÍA BJÖRG Átti góðan leik og var öryggð uppmálað í marki Íslands í gær. MYND/SPORTSFILE

María Björg Ágústsdóttir:

Við tökum þetta næst

FÓTBOLTI María Björg Ágústsdóttir átti góðan leik í marki íslenska liðsins í gær og bjargaði til að mynda í tvígang glæsilega með góðri markvörslu.

„Ég fann mig mjög vel. Ég reyndi að hafa undirbúninginn fyrir leikinn nákvæmlega eins og fyrir bikarúrslitaleikinn gegn Val, þar sem ég fann mig vel og kom því með mitt eigið kaffi út og svona. Þannig að mér leið mjög vel og þekki þessar stelpur í vörninni vel,“ segir María. María gat þó ekki leyst vonbrigðum sínum í leikslok og var svekkt með að hafa fengið á sig mark.

„Þetta fór ekki alveg eins og ég ætlaði mér, því ég var ákveðin í að halda hreinu. Völlurinn var þungur og það var erfitt að stjórna boltanum var eign Haukanna. Haukar skoruðu þá 19 mörk gegn 9 og fengu ungir leikmenn í báðum liðum að spreya sig er leið á leikinn. Bestur þeirra var Stefán Rafn

Draumurinn lifir enn góðu lífi

Ísland og Írland skildu jöfn, 1-1, í fyrri umspilsleik liðanna um laust sæti á lokakeppni EM kvenna 2009. Hólmfríður Magnúsdóttir kom Íslandi yfir strax á fyrstu mínútu leiksins en Írland jafnaði í seinni hálfleik. Úrslitin eru ásættanleg fyrir íslenska liðið sem á heimaleikinn eftir og draumurinn um EM lifir því áfram.

FÓTBOLTI Ísland og Írland skildu jöfn, 1-1, í fyrri umspilsleik liðanna á Richmond Park-vellinum í Dublin í gær en sigurvegari úr viðureigninni tryggir sér farseðilinn á lokakeppni EM 2009 í Finnlandi. Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson var þökkalega sáttur í leikslok í gær.

„Það er mikilvægt að hafa náð að skora mark á útvelli og við höfum því smá yfirhönd fyrir seinni leikinn og okkur dugir 0-0 til þess að vinna einvígið. Þær þurfa því vitanlega að opna sig eitthvað í þeim leik og það gefur okkur ákveðna möguleika. Annars á ég von á spennandi og erfiðum leik eins og þessi leikur var á þeirra heimavelli,“ segir Sigurður Ragnar.

Íslensku stelpurnar mættu grimmar til leiks og strax á fyrstu mínútu leiksins náði Hólmfríður Magnúsdóttir að skora fyrsta mark leiksins eftir frábæran undirbúning Rakelar Hönnudóttur, sem vann boltann úti á hægri kantinum og kom honum fyrir markið. Draumabyrjun hjá Íslandi.



SIGURÐUR RAGNAR Landsliðsþjálfarinn var þökkalega sáttur í leikslok í gær en telur liðið eiga enn talsvert inni. MYND/SPORTSFILE



DRÆMABYRJUN Íslensku stelpurnar fagna hér marki Hólmfríðar Magnúsdóttur sem kom strax á fyrstu mínútu leiksins í gær. Það reyndist vera eina mark Íslands í leiknum en vitanlega er drjúgt að skora á útvelli í útsláttarfyrikomulagi þar sem samanlögð úrslit heima og að heiman gilda og fleiri mörk á útvelli gilda ef markatalan er jöfn.. MYND/SPORTSFILE

Það var svo Rakel sjálf sem fékk besta færi Íslands í fyrri hálfleik eftir það en skot hennar fór rétt fram hjá írski markinu. Varnarlega voru íslensku stelpurnar fastar fyrir og náðu að halda írski liðinu í skefjum og staðan var enn 0-1 fyrir Ísland í hálfleik.

Írsku stúlkurnar náðu að jafna metin eftir um klukkutíma leik og var þó nokkur heppnisstimpill á markinu. Varamaðurinn O'Toole kom boltanum á Stefanie Curtis sem skaut að marki en boltinn hafði viðkomu í Ástu Árnadóttur og fór þaðan í boga yfir bjargar-

lausa Maríu Björgu Ágústsdóttur í marki Íslands.

Hvorugt liðið náði að skora eftir þetta og því ljóst að fram undan er gríðarlega spennandi leikur á Laugardalsvelli á fimmtudaginn 30. október.

„Þær voru meira með boltann en mér fannst við vera að fá hættulegri marktækifæri og þetta hefði eflaust getað fallið á hvorn veginn sem var,“ segir Sigurður Ragnar.

Sigurður Ragnar var sér í lagi ánægður með fyrri hálfleikinn.

„Ég var tiltölulega ánægður með fyrri hálfleikinn, við náðum

að skora gott mark og hefðum getað skorað fleiri. Mér fannst hins vegar vanta meiri yfirvegum í okkar leik í síðari hálfleik,“ segir Sigurður Ragnar.

„Það er vonandi að íslenska þjóðin fjölmenni á völinn og ég held að stuðningur áhorfenda geti gert gæfumuninn. Það væri frábært að ná að búa til ljónagryfju á Laugardalsvelli. Ég vona að við eigum talsvert inni fyrir seinni leikinn og draumurinn lifir alla-vega í niutíu mínútur í viðbót,“ segir Sigurður Ragnar.

omar@frettabladid.is

Víkingar voru engin mótspyrna fyrir Íslandsmeistara Hauka að Ásvöllum í N1-deild karla í gær:

Haukarnir náðu að hrista af sér slenið

HANDBOLTI Haukar unnu sinn fyrsta sigur í fjórum leikjum þegar Íslandsmeistararnir rúlluðu yfir slaka Víkinga, 37-23, í N1-deild karla í gær.

Eins og tölurnar gefa til kynna voru Haukar miklu betri aðilinn í leiknum og er erfitt að sjá fyrir sér hvar Víkingar ætla að hirða stig í vetur en Víkingar hafa tapað sex fyrstu leikjum sínum í deildinni.

Munurinn á liðunum var fjögur mörk í hálfleik, 18-14, en síðari hálfleikur var eign Haukanna. Haukar skoruðu þá 19 mörk gegn 9 og fengu ungir leikmenn í báðum liðum að spreya sig er leið á leikinn. Bestur þeirra var Stefán Rafn

Sigurmannsson sem átti mjög góða innkomu í vinstra hornið hjá Haukum.

„Við erum að vinna í því að fá upp meiri einbeitingu og leikgleði í þessum deildarleikjum. Í dag voru menn beittir. Við náum sex marka forystu í fyrri hálfleik og áttum möguleika á því sjöunda en klinkum úr dauðafæri og þeir ná að klóra aðeins til baka en mér fannst við vera einbeittir og þess vegna endar þetta í fjórtán mörkum,“ sagði Aron Kristjánsson þjálfari Hauka í leikslok.

„Menn mættu einbeittir til leiks og voru tilbúnir að spila alvöru leik og gefa sig á fullu í þetta. Gísli varði vel í markinu og 6-0 vörnir

gekk vel. Það stóðu sig margir vel í dag. Það var gaman að sjá Stefán Rafn, ungan strák, koma sterkan inn í hornið og Heimir Óli stóð sig vel síðustu mínúturnar í vörninni. Mjög efnilegir strákar.“

Haukar eru í fimmta sæti með sex stig, tveimur stigum á eftir nágrönnum sínum í FH sem þeir mæta á Kaplakrika í næsta leik. „Það verður alvöru leikur. Loksins er Haukar-FH alvöru leikur aftur. Ég hlakka mikið til,“ sagði kátur Aron Kristjánsson í leikslok. - gmi

HARÐFYLGI Haukar hreinlega keyrðu yfir nýliða Víkinga að Ásvöllum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Arsenal, Aston Villa, Manchester City og Tottenham unnu góða sigra í gær:

Robinho afgangur Stoke

FÓTBOLTI Fjöldi leikja fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þótt margra augu hefðu helst beinst að toppslag Chelsea og Liverpool.

Arsenal gerði góða ferð á Upton Park í gær og vann 0-2 í Lundúnaslag gegn West Ham. Sjálfsmark Juliens Faubert kom Arsenal á bragðið en Emmanuel Adebayor innsiglaði sigurinn í blálokin og stigin þrjú glöddu knattspyrnu- stjórann Arsene Wenger.

„Þetta var risastór sigur hjá okkur. Við vissum fyrir leikinn að við mættum ekki tapa stigum í þessum leik til þess að halda í við toppinn, þangað sem við ætlum að koma okkur,“ segir Wenger.

Brasilíska snillingurinn Robinho afgangur nýliða Stoke upp á sitt einsdæmi með því að skora öll þrjú mörk leiksins á Borgarleikvanginum í Manchester. Robinho setur markið hátt á þessu tímabili eins og hann greindi frá í leikslok í gær.

„Aðalatriðið er að City gangi vel, en ég ætla mér samt að skora meira en þrjátíu mörk á þessu tímabili, að minnsta kosti,“ sagði Robinho brattur.

Þá var Harry Redknapp, nýráðinn knattspyrnuhöfðingi Tottenham, í fyrsta skiptið á hlíðarlínunni á White Hart Lane í gær þegar Tottenham vann Bolton 2-0. - óþ



PRENNUKÓNGUR Robinho gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu gegn Stoke í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool batt enda á 86 leikja hrinu Chelsea án taps í deildinni á Brúnni:

Loksins tapaði Chelsea heima

FÓTBOLTI Chelsea tapaði 0-1 gegn Liverpool á Brúnni í gær og þar með lauk 86 leikja hrinu Lundúnafélagsins án taps á heimavelli í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er met sem hefur spannað fjögur ár og átta mánuði.

Gestirnir fengu sannkallaða óskabyrjun þegar tilþrífalítið skot Xabis Alonso, miðjumanns Liverpool, fór af varnarmanninum José Bosingwa hjá Chelsea, breytti um stefnu og endaði í markinu án þess að Petr Cech kæmi vörnum við.

Markið var eins og vítamín-sprauta fyrir Liverpool sem lék á als oddi eftir það og leikmenn liðsins léku með trú og sýndu mikinn baráttuanda. Leikmönnum Chelsea var augljóslega brugðið enda ekki á hverjum degi sem þeir lenda undir á Brúnni en þegar líða tók á fyrri hálfleik þá fóru þeir að sýna sitt rétta andlit en staðan var enn 0-1 þegar flautað var til hálfleiks.

Jafnræði var með liðunum framan af seinni hálfleik en það dró til tíðinda á 62. mínútu þegar Alonso var nálægt því að bæta við öðru marki fyrir Liverpool. Aukaspjryna Spánverjans fór í stöngina á marki Chelsea en staðsetning Cechs í markinu var glórulaus og heppnin því með Chelsea.

Ashley Cole fékk besta mark-tækifæri Chelsea á 73. mínútu þegar hann komst í gott skotfæri innan vítateigs Liverpool eftir góðan undirbúning varamannsins Francos Di Santo en skot hans fór víðs fjarri markinu.

Chelsea gerði allt til þess að reyna að jafna metin á lokakafnanum en sóknarlotur þeirra brotnuðu hver á fætur annarri á skipulagðri vörn Liverpool þar sem Jamie Carragher lék eins og sá



FÖGNUMUR Leikmenn Liverpool fagna marki Xabi Alonso sem dugði til þess að hirða stigin þrjú gegn Chelsea á Brúnni í gær. Þetta var fyrsta tap Chelsea á heimavelli í ensku úrvalsdeildinni í fjögur ár og átta mánuði. MYND/JOHAN STUB

sem valdið hefur og var frábær í einu og öllu.

Liverpool vann að lokum frækinn 0-1 sigur og er því komið á topp deildarinnar og virðist til alls líklegt á þessu tímabili.

Rafa Benitez, knattspyrnuhöfðingi Liverpool, var eðlilega í skýjunum í leikslok.

„Að koma á þennan útivöll og sýna svona hugarfar og karakter er frábært fyrir okkur og gefur gott veganesti það sem eftir er af tímabilinu. Nú tókum við skref

fyrir skref en sigurinn sýnir og sannar hvað býr í okkar liði,“ segir Benitez.

Luiz Felipe Scolari, knattspyrnuhöfðingi Chelsea, viðurkendi að Liverpool hefði komið Chelsea í opna skjöldu með mikilli baráttu.

„Við áttum ekki von á þessum úrslitum en vitum að Liverpool er með gott lið. Þeir voru ekki betri en við en þeir nýttu eitt færi, sem er meira en við getum sagt,“ segir Scolari. - óþ

Íslendingafélagið Stabæk varð í gærkvöldi norskur meistari í fótbolta:

Veigar Páll skoraði þrennu

FÓTBOLTI Stabæk tryggði sér norska titilinn á glæsilegan hátt í gær eftir 6-2 stórsigur gegn Vålerenga þar sem Veigar Páll Gunnarsson skoraði þrennu og Pálmi Rafn Pálmason kom inn á sem varamaður og skoraði eitt mark. Þetta er fyrsti meistaratitillinn í sögu Stabæk.

„Þetta er alveg ótrúlega ljúft. Við vorum ákveðnir í að klára þetta með stæl og gerðum það líka,“ segir Veigar Páll glaður.

Veigar Páll man tímana tvenna hjá Stabæk en hann er að leika sitt fimmta tímabil með félaginu og féll til að mynda með liðinu niður í næstefstu deild á sínu fyrsta tímabili þar. Meistaratitillinn er því sérstaklega sætur fyrir hann.

„Þetta er bara frábært og mjög gaman að hafa náð þessum áfanga í síðasta leiknum á þessum velli hjá Stabæk, þar sem liðið spilar á nýjum velli á næstu leiktíð. Tilfinningarnar flæða hérna og ég er alveg gríðarlega sáttur með þetta,“ segir Veigar Páll.



MEISTARAR MEÐ STABÆK Pálmi Rafn Pálmason og Veigar Páll Gunnarsson höfðu ærna ástæðu til að fagna í gær þegar þeir urðu norskir meistarar. MYND/JOHAN STUB

Pálmi Rafn varð á svipstundu að hetju í Bærum, heimabæ Stabæk, þegar hann kom inn á sem varamaður í leik gegn Brann á dögnum og skoraði sigurmarkið. Sá sigur fór langleiðina með að tryggja meistaratitilinn, sem nú er í höfn. Pálmi Rafn kom inn á sem varamaður í gær og skor-

aði svo eftir fimm mínútur. „Maður þarf greinilega ekki margar mínútur í þetta,“ segir Pálmi á léttum nótum.

„Það var gríðarleg stemning á vellinum og það eru tíu þúsund manns sem bíða eftir því að geta fagnað titlinum með okkur fram eftir kvöldi,“ segir Pálmi. - óþ

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Chelsea-Liverpool	0-1
0-1 Xabi Alonso (10.)	
Man. City-Stoke	3-0
1-0 Robinho (14.), 2-0 Robinho (47.), 3-0 Robinho (72.)	
Tottenham-Bolton	2-0
1-0 Roman Pavlyuchenko (17.), 2-0 Darren Bent (76.). Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton en Heiðar Helguson sat á bekknum.	
Wigan-Aston Villa	0-4
0-1 Gareth Barry (22.), 0-2 Gabriel Agbonlahor (57.), 0-3 John Carew (62.), 0-4 Steve Sidwell (90.)	
West Ham-Arsenal	0-2
0-1 Sjálfsm. (75.), 0-2 Emmanuel Adebayor (90.)	
Portsmouth-Fulham	1-1
1-0 Peter Crouch (61.), 1-1 Clint Dempsey (87.). Hermann Hreiðarsson sat á bekknum.	

0-1 Kaka (80.)	
Inter-Genoa	0-0
Reggina-Lecce	2-0
1-0 Bernardo Corradi (58.), 2-0 Bernardo Corradi (90.). Emil Hallfréðsson var ekki í leikmannahópi Reggina.	
Udinese-Roma	3-1
1-0 Antonio Di Natale (10.), 2-0 Antonio Flores (22.), 3-0 Antonio Di Natale (53.), 3-1 Francesco Totti (75.)	

Norska úrvalsdeildin

Stabæk-Valerenga	6-2
1-0 Veigar Páll Gunnarsson (32.), 2-0 Veigar Páll (42.), 3-0 Johan Andersson (50.), 4-0 Veigar Páll (60.), 4-1 Mohammed Abdellou (72.), 4-2 Mohammed Abdellou (80.), 5-2 Pálmi Rafn Pálmason (83.), 6-2 Christian Keller (90.).	
Brann-Trömsø	1-1
Ólafur Örn Bjarnason skoraði mark Brann í leiknum.	
Lyn-Aalesund	3-0
Molde-Fredrikstad	1-2

Ítalska úrvalsdeildin

Atalanta-AC Milan	0-1
-------------------	-----

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0D Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

VW Golf 1,6 bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingum á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir að kveikja á útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.



Pósthúsið ehf | Suðurhraun 1
210 Garðabær | s: 585 8300

Boltinn er hjá okkur!

Arsenal Fenerbache **TILBOÐ**
5.-6. nóvember

Flug og miði á leik: **49.900 kr.**
Innihaldið: Flug m/skóttum og Club level miði á leikinn.

West Ham Everton
7.-9. nóvember

Verð á mann í tvíþýli: **62.900 kr.**
Innihaldið: Flug m/skóttum, miði á leikinn og hótél með morgunmat í 2 nætur.

Man Utd. Stoke
14.-16. nóvember

Verð á mann í tvíþýli: **63.900 kr.**
Innihaldið: Flug m/skóttum, miði á leikinn og hótél með morgunmat í 2 nætur.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100



> David Attenborough

„Mér finnst ekkert eins spennandi og náttúran. Þar finn ég mestu fegurðina og baráttuna. Þar er uppspretta lífsins.“ Attenborough fjallar um skrið- og froskdýr í nýjum heimildarþætti sem sýndur verður í sjónvarpinu í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SKIPULEGGUR INNRÁS

Krummi krúnkar úti, kallar á nafna sinn ...

Ég veit hvernig við komust undan því að borga Bretum hundruð milljarða vegna Icesave-reikninga Landsbankans og komum fram hefndum vegna framkomu þeirra í okkar garð um leið. Við sendum Hrafn Gunnlaugsson, Krumma í Mínus, Ingva Hrafn Jónsson og Hrafn Jökullsson til Bretlands!

Tower of London er einn þekktasti ferðamannastaður Lundúna. Kastalinn var byggður á 11. öld og var í fyrstu aðsetur konunga en síðar fangelsi. Í dag hýsir þessi gamla bygging mörg af helstu dýrmætum Breta, eins og til dæmis kórónur, veldissprota og skartgripasafn konungsfjölskyldunnar. En í þessu fallega safni er einnig að finna veikasta punkt þessa svokallaða stórveldis. Það er hópur hrafna sem þar heldur til. Fyrst sáu varðmenn Vilhjálms sigursæla um að gefa hröfnunum að éta og enn þann dag í dag eru þeir fóðraðir á besta nautakjöti sem fáanlegt er í Lundúnaborg.

Ástæðan er sú að þau álög hvíla á Bretaveldi að daginn sem hrafarnir hverfa úr virkinu mun heims-

veldi þeirra falla. Og þarna kemur sendinefndin mín til sögunnar. Við sendum einfaldlega Hrafnana okkar til að drepa hrafna þeirra. Þeir taka sér svo bólfestu í Turninum í þeirra stað og Bretarnir verða ekki varir við neitt, enda þekktir af heimsku sinni og hroka.

Ég hlakka svívirðilega til þess þegar Ingvi Hrafn sendir Hrafnþingið sitt í fyrsta skipti út frá Turninum góða í beinni útsendingu. Þar mun hann lýsa því hvernig útrásarher tekur yfir höfuðborg hins dauðadæmda stórveldis. Á höfðinu ber hann kórónu og í hendi veldissprota bresku konungsfjölskyldunnar. Hrafn Gunnlaugsson er í myndstjórn og segir frá því hvernig hann hyggst endurskipuleggja borgina með Reykjavík sem fyrirmynd. Nafni hans Jökullsson les ljóð og sýnir skákdæmi. Krummi, klæddur í brúðarkjól drottningar, rokkar íslenska þjóðsönginn undir öllu saman. Öll þjóðin tekur síðan undir í lokalagi þáttarins sem þeir félagar syngja fullum hálsi: Krummi krúnkar úti, kallar á nafna sinn ...



EKKI MISSA AF



19.20 Kompás STÖÐ 2



20.25 E.R. STÖÐ 2 EXTRA



21.00 Eureka SKJÁREINN



21.00 Ensku mörkin STÖÐ 2 SPORT 2



21.15 Sporlaust SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (7:26) (e)
- 18.00 Kólabræðurnir (63:78)
- 18.12 Herramenn (25:52)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Líf með köldu blóði (Life in Cold Blood) (1:5) Breskur myndaflokkur eftir David Attenborough um skriðdýr og froskdýr.
- 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (4:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan alríkislögreglunnar sem leitast að týndu fólki. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið | Þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar.
- 22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives) (16:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Aðalhlutverk: Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.
- 23.30 Spaugstofan (e)
- 23.55 Kastljós (e)
- 00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Shark Tale
- 10.00 The Jewel of the Nile
- 12.00 Last Holiday
- 14.00 Dirty Dancing: Havana Nights
- 16.00 Shark Tale
- 18.00 The Jewel of the Nile
- 20.00 Last Holiday Georgia Byrd er feimin kona sem hefur aldrei þorað að láta drauma sína rætast. Það breytist hins vegar allt þegar hún er greind með banvænan sjúkdóm.
- 22.00 Nochnoy Dozor
- 00.00 Movern Callar
- 02.00 The Night We Called It a Day
- 04.00 Nochnoy Dozor
- 06.00 I'm With Lucy

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Smá skrítnir foreldrar, Kalli kanína og félagar, Dynkur smáeðla, Tommi og Jenni og Louie.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (178:300)
- 10.15 Grey's Anatomy (23:36)
- 11.15 The Moment of Truth (9:25)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.35 Neighbours
- 14.20 Say It Isn't So
- 16.00 Galdrastelpurnar
- 16.25 Leðurblökumaðurinn
- 16.45 Jólaveintýri Scooby Doo
- 17.10 Tracey McBean
- 17.23 Louie
- 17.33 Bold and the Beautiful
- 17.58 Neighbours
- 18.23 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.05 Veður
- 19.20 Kompás | Þættinum í kvöld verður ítarlegt viðtal við Björgólf Thor Björgólfsson, einn stærsta hluthafa í Landsbankanum sem féll fyrir í mánuðinum með þeim afleiðingum að Íslendingar og Bretar eiga nú í harðri milliríkjadælu. Kompás mun meðal annars leita svara við spurningunni hvort Björgólfur Thor muni axla ábyrgð.
- 19.55 The Simpsons
- 20.20 Extreme Makeover: Home Edition (5:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfðileika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
- 21.05 Men in Trees (4:19)
- 21.50 Journeyman (3:13) Nýir og dularfullir þættir um Dan Vassar en líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.
- 22.35 The Unit (14:23)
- 23.20 Civil Brand
- 00.50 Say It Isn't So
- 02.25 Karroll's Christmas
- 03.50 Journeyman (3:13)
- 04.35 Men in Trees (4:19)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Spænski boltinn
- 16.20 Spænski boltinn
- 18.00 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.
- 18.40 NFL deildin Útsending frá leik Pittsburgh Steelers og New York Giants í NFL-deildinni.
- 20.40 Fréttapáttur Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtal við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
- 21.10 Utan vallar með Vodafone Magnaður umræðupáttur þar sem íþróttafretamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni liðandi stundar.
- 22.00 Spænski mörkin Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.
- 22.30 Þýski handboltinn - Hápunktur Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
- 23.10 UFC Unleashed | Þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
- 23.55 World Series of Poker 2008

SPORT 2

- 07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.05 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.45 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
- 17.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
- 22.00 Coca Cola mörkin Allir leikir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaði.
- 22.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.40 Vörutorg
- 17.40 Gæmi tívi (7:15) (e)
- 18.10 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál, segir frá báerar sögur og gefur góð ráð.
- 18.55 America's Funniest Home Videos (18:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
- 19.20 Kitchen Nightmares (9:10) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. (e)
- 20.10 Friday Night Lights (7:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaíðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Smash er á allra vörum, Tim er heimilislaus og nýr kennari heillar Julie á meðan Matt daðrar við húshjálpana.
- 21.00 Eureka (12:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Gullæði gripur um sig í Eureka en ekki er allt gull sem glóir og framtið bæjarbúa er í hættu.
- 21.50 CSI: New York (10:21) Mac er í Chicago og finnur fleiri visbendingar um hver er að hrella hann. Félagar hans í New York eru í bráðri hættu og þurfa að komast að því hver hefur verið að senda þeim dularfúll skilaboð áður en það er um seinan.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á létum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Swingtong (11:13) (e)
- 00.20 In Plain Sight (5:12) (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á kfst. fresti til 12.15 daginn eftir.
- 20.30 Gönguleiðir 13. Sælundagar í Svarfáðardal, seinni hluti. Endursýnt kl. 21.30 og 22.30.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Út að borða fyrir 990kr

Tacos Crunch, kryddhrísgrjón, nachos og ostasósa.

Culiacan MEXICAN GRILL

Faxafeni 9 Hlíðasmára 15 533 1033

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.35

The Unit

Sýningar hefjast á ný í kvöld á bandarísku spennuþáttunum The Unit. Þættirnir fjalla um störf leynilegrar úrvallssveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma. Með aðalhlutverk í þáttunum fara Dennis Haysbert úr 24 og Robert Patrick úr T2. Aðalhöfundur þáttanna er hinn margverðlaunaði David Mamet, sem er höfundur nokkurra af mögnuðustu glæpa- og spennumyndum kvikmyndasögunnar, mynda á borð við The Untouchables, House of Games, Ronin og Glengarry Glen Ross en hann hefur einnig skrifað fyrir sjónvarp, þætti á borð við The Hill Street Blues og The Shield.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Men in Trees

Stöð 2 kl. 21.05

Önnur þáttaröðin um indæla sambandsfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem nú hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður. Bæjarbúarnir er alltaf jafnskrautlegir en vináttan virðist verða sterkari með degi hverjum. Með aðalhlutverk fer Anne Heche.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.03 Útvarpssagan: Rigning í nóvember
06.40 Veðurfregnir	16.30 Heimsauga
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.10 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
11.45 Í mótbyr	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.02 Hádegisútvarp	22.07 Veðurfregnir
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
12.45 Veðurfregnir	22.15 Ársól
13.00 Vít og breitt	23.10 Kallfæri
14.03 Bak við stjómurnar	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (45:260)

16.30 Hollyoaks (46:260)

17.00 Seinfeld (17:22)

17.25 E.R. (8:25)

18.10 My Boys (7:22)

18.30 Happy Hour (12:13)

19.00 Hollyoaks (45:260)

19.30 Hollyoaks (46:260)

20.00 Seinfeld (17:22)

▶ 20.25 E.R. (8:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og lækarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.10 My Boys (7:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

21.30 Happy Hour (12:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsselskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

22.00 Dagvaktin (6:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremminganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

22.25 Numbers

23.10 Fringe (3:22)

23.55 Kenny vs. Spenny (7:13)

00.20 Sjáðu

00.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Hrafnáþing í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Gestur hans er Kjartan Lárússon.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Gestur hennar er Ragnheiður Ríkhardsdóttir.

21.30 Grasróttin Umsjónarmaður er Daniel Haukur Amasson. Hann ræðir við forsvarsmann Vinstri grænna.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.15 OBS 12.20 Reimers 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 14.55 Skum TV 15.10 Ångora by night 15.35 Naruto 16.00 Trolde-spejlet 16.15 Robotboy 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Supernabo 19.00 Sex, magt og intriger 20.00 TV Avisen 20.25 Hørsont 20.50 SportNyt 21.00 Inspector Rebus 22.10 OBS 22.15 Hvor krageme vender 23.00 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Barmeny 13.30 Allo, Allo! 14.00 NRK nyheter 14.03 KuleJenter 14.30 Keiserens nye skole 15.00 NRK nyheter 15.10 Hannah Montana 15.35 Mona Mørk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Smá Einsteins 17.25 Gjengen på taket 17.40 Distriksnyheter 18.00 Dagsreynen 18.30 Puls 18.55 Faktor 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriksnyheter 20.00 Dagsreynen 21 20.30 Sommer 21.30 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dalziel og Pascoe 23.45 Nytt på nytt 00.15 Kulturnytt

SVT 1

12.00 I rök och dans 13.40 Andra Avenyn 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Hannah Montana 15.30 Skrotnisse och hans vänner 15.45 Pi 16.00 Lilla prinsessan 16.10 Rorri Racerbil 16.20 Jasper Pingvin 16.30 Krokodill 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturnyheter 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Livet i Fagervik 19.45 Topptopp 20.15 Folk i bild 2008 20.30 Hockeykväll 21.00 USA-valet - Dixie Chicks. Shut Up and Sing 22.30 Kulturnyheter 22.45 Dansbandskampen

KOMPÁS
Í KVÖLD KL. 19:20 Í OPINNI DAGSKRÁ

RÍKASTI MAÐUR ÍSLANDS Í EINKAVIÐTALI
KOMPÁS HEIMSÆKIR BJÖRGÓLF THOR Í LONDON

KREPPAN



„Vonandi verður þetta til að gjörbreyta fjármálaheiminum til frambúðar. Þeir sem hafa lifað á að kaupa og selja gjaldreyri, hlutabréf og skuldabréf, helst í einhverjum undarlegum graut, og það jafnvel fram í tímann, geta þá snúið sér að einhverju gagnlegu.“

Valgarður Guðjónsson, söngvari Fræbb-blanna.

Allt stopp á enska knattspyrnuleiki

„Þetta er bara stopp eins og allt annað í þjóðfélaginu,“ segir Lúðvík Arnarson hjá Úrval/Útsýn. Ferðaskrifstofan hefur um árabíl flutt þúsundir Íslendinga á knattspyrnuleiki í Englandi. En þótt knattspyrnuvertíðin hjá Tjöllunum sé nýhafin þá halda Íslendingar að sér höndum og eru ekki mikið fyrir að skella sér á völlum. „Við erum bara að flytja út þá Íslendinga sem höfðu pantað sér far áður en þessi ósköp dundu yfir,“ segir Lúðvík. Ekki sé því mikið um nýjar pantanir. „Nei, þær eru sárafaár en jafnframt hafa fáir afpantað fyrirfram pant-

aða ferð. Þeir bara láta sig hafa þetta.“

Lúðvík bætir því hins vegar við að flestir eftirsóttustu leikirnir – milli Liverpool, Arsenal, Manchester United og Chelsea – verði eftir áramót og þeim hafi borist töluvert margar fyrirspurnir um þá. „Ég veit ekki hvort það leikjaflan spilar inn í eða hvort menn

vonu að óvissunni hafi verið eytt þegar nýja árið gengur í garð,“ segir Lúðvík. Þeir hjá Úrvali/Útsýn hafa eins og fleiri lent í vandræðum með að borga birgjum í gjaldeyrisþurrðinni og eru því upp á traust og velvild þeirra komnir.

Lúðvík er reyndar sjálfur nýkominn frá Bretlandi þar sem hann fór með hóp fólks á knattspyrnuleik. Hann sagði ferðina hafa gengið vel

en bætti því hins vegar við að flugvélin á heimleiðinni hefði verið óvenju þéttsetin útlendingum. „Maður fann það líka á Bretunum að þeir voru áhugasamir um að koma hingað og versla. Töldu að Ísland væri orðið nokkurs konar verslunarparadís.“

- fgg

BJARTSÝNI EFTIR ÁRAMÓT

Töluvert margar fyrirspurnir hafa borist um miða á enska knattspyrnuleiki sem fara eftir áramót.



ALLT STOPP Fáir panta sér miða á enska knattspyrnuleiki um þessar mundir.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. þræðir í vefnaði, 6. hæð, 8. fiskur, 9. rénun, 11. lést, 12. skíta, 14. eggjaraudu, 16. sjó, 17. svörður, 18. náms-tímabil, 20. tveir eins, 21. maður.

LÓÐRÉTT

1. mylsna, 3. voði, 4. aldaskil, 5. skor-dýr, 7. biðja ákaft, 10. að, 13. næði, 15. arða, 16. afbrot, 19. númer.

LAUSN

artá, 16. sök, 19. nr.
5. fló, 7. sáðæna, 10. til, 13. tóm, 15. lóðrétt: 1. sáld, 3. vó, 4. aldamót.

mór, 18. önn, 20. tt, 21. kál.
LÁRÉTT: 2. hvat, 6. ás, 8. all, 9. lát, 11. dó, 12. dríta, 14. blóma, 16. sæ, 17.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

- 1 Samfylkinguna og Vinstri græn.
- 2 Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands.
- 3 Írum.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



HELGI JEAN CLAESSEN Helgi er orðinn hundleiður á þunglyndinu sem umlykur íslenskt afþreyingarefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HELGI JEAN CLAESSEN: ORÐINN LEIÐUR Á ÍSLENSKA ÞUNGLYNDINU

Hæðist að glæpasögum Arnaldar Indriðasonar

Rithöfundurinn Helgi Jean Claessen gefur í næsta mánuði út skáldsöguna Kjammi – bara krútt sem þarf knús, þar sem hann gerir óspart grín að bókum Arnaldar Indriðasonar.

„Ég er búinn að lesa bækurnar hans og tók eftir því í Mýrinni að allir eru svo þunglyndir,“ segir Helgi. „Dóttirin er í eiturlyfjum, bróðirinn týndur á heidinni, það er alltaf vetur og úrkoma og þunglyndi lögregluáðurinn leysir málið. Það finnst öllum þetta æðislegt og því lík skemmtilesning. Það þurfti því ekkert mikið að snúa þessum karakter við til að hann yrði virkilega húmorískur.“

Í bókinni notast Helgi við persónu sem er byggð á lögreglu-manninum Erlendi úr bókum Arnaldar og heitir einmitt sama nafni. Rannsakur hann morð á útvarps-

manni FM957 sem hefur verið stunginn með skeið í hjartað. Er þetta tilvísun í lagið Án þín þar sem Sverrir Bergmann söng með tilþrifum: „Ég skæri hjartað úr með skeið.“

„Ég bjó til sögu um lögreglu-mann sem Arnaldur byggði sína persónu á. Þetta er hinn upphaflegi lögregluáður því Arnaldur stal uppruna hans og bakgrunn. Í sögunni þarf hann að ræða við Arnald því þetta morðmál líkist einu af því sem er í bókunum hjá honum,“ segir Helgi.

Með því að flétta FM957 inn í söguna vildi hann láta tvær andstæður mætast, hinn þunglynda Erlend og hinn ofurhressa raunveruleika FM-liðsins sem talar í frósum og á ekki til neikvæð lýsingarorð. „Hann mætir liði sem hann skilur ekki. Þar eru allir að sletta á ensku og hann er alveg

„lost“,“ segir hann. „Eins og í bókum Arnaldar fléttast inn í söguna þjóðfélagslegt hitamál og þarna er verið að gera grín að þessari formúlu.“

Helgi vakti athygli fyrir síðustu jól með bók sinni og Hjálmar Jóhannssonar, Konur eru aldrei hamingjusamar því þær eru með svo litlan heila. Þar gerðu þeir grín að bók Þorgríms Dráins-sonar, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? Núna er aftur á móti röðin komin að Arnaldi og því þunglyndi sem Helgi telur að umljúki íslenskt afþreyingarefni. „Eins og með Dagvaktina. Af hverju eru alltaf allir fúlir og reiðir og óskrandi. Ég er að gera grín að því að það er aldrei neitt „feelgood“ í neinu sem við gerum,“ segir Helgi og bætir því að hluti ágóða bókarinnar rennur til Geðhjálpar. freyr@frettabladid

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bubbi Morthens heldur sínu striki í þáttum sínum Færibandinu á Rás 2 í kvöld þrátt fyrir að hægri þumalputti hans sé í lamasessi. Bubbi hefur þegar fjallað um græðgina, fyrirgefninguna og í kvöld mun hann beina sjónum sínum að Netinu og þeirri rotþró sem ýmsar spjall- og bloggsgíður geta reynst, þar sem menn hika ekki við, í skjóli nafnleysis, að veða að manni og öðrum. En eins og sagt er: að rökræða á Netinu er fyrirfram töpuð barátta. Netverjinn dregur þig óhjálkæmlega niður á sitt plan og vinnur á reynslunni.



Fegurðardrottningin **Ásdís Rán** heldur áfram að meika það í

Búlgaríu. Hún hefur einnig tekið að sér ráðgjöf fyrir tímaritið Monitor. Ásdís er eðlilega mörgum hugleikin, þar á meðal Bubba Morthens sjálfum, sem hefur samið um hana lagi og texta. Bubbi er þó ekki alveg viss um að hann muni flytja þetta lag einhvern tímann opinberlega.

Baltasar Kormákur

er hvergi af baki dottinn þótt á Íslandi ríki kreppa. Hann er kominn til Los Angeles ásamt klípparanum Elísabetu Ronaldsdóttur og er að leggja lokahöndina á stórmynd sína, Inhale. Fleiri Íslendingar eru í fóruneyti Baltasars því Ólafur Egill Egilsson spókar sig einnig um í sólinni í Kaliforníu en Baltasar og hann eru að klára handritið að hinni fókðýru víkingamynd sem Fréttablaðið hefur þegar greint frá.

-jbg, drg, fgg



Þetta endar allt í hassí

„Jú, það er svona frekar farið að kreppa að hjá okkur eins og öðrum,“ segir Bjarni Geir Alfreðsson, Bjarni „Snæðingur“ á Fljótt og gott veitingasöluvergi í BSÍ. „Það var reyndar ljómandi gott að gera í kringum Airwaves, en nú eru verk-takarnir mikið að hverfa og city boys-bankamennirnir eru alveg horfnir. Ég er gamall í hettunni og hafði grun um að eitthvað svona myndi gerast. Var búinn að undirbúa mig. Maður þekkir svona kreppur. Í þeim er bara að snúa niður á sig og standa fastur báðum fótum á jörðinni. Nú verður bara bixie-matur og lapskáss og svo hassí á endanum. Þetta endar allt í hassí.“ Gamla BSÍ átti að vikja



CITY BOYS-BANKAMENNIRNIR ERU ALVEG HORFNIR Bjarni í BSÍ veit ekkert hvað gerist næst.

fyrir nýrri „samgöngumiðstöð“ á næsta ári og því var allt í óvissu með veitingasölu og framtíðar-

sölu íslenska sviðakjammans. Bjarni er svo sem engu nær núna heldur. „Þetta röfl um þessa samgöngumiðstöð hefur varað í marga áratugi og það er alltaf sama sagan. Nú var búið að henda 200 milljónum í hönnunarkostnað og svo gerist ekki neitt. BSÍ-húsið var í eigu aðila tengdum Landsbankanum svo maður veit ekkert hvað gerist. Ekki frekar en þjóðin öll.“

Bjarni er þó bjartsýnn, enda svo sem fátt annað hægt í stöðunni. „Vonin er að fleiri túrhestar fari að leggja leið sína til landsins og svo hlýtur að enda með að fleira fólk leggi leið sína héra í gegn þegar fólk fer að nota almenningssamgöngur meira.“ - drg

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

VIÐ LÆKKUM ÝSUFLÖKIN
verð með roði aðeins 990 kr kg
Mikið úrval fiskrétta

Veljum íslenskt

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Nýjar auksýningar í desember

Tryggðu þér miða



„Mígandi drepfyndið“
GEJ, RÚV

„Hló í gegnum allt verkið“
MSR, Morgunblaðið

„Hlógu menn bara og hlógu... ætlar enn að hitta í mark með þessari sýningu“
JVJ, DV

„Massasýning... Það er náðargáfa að kunna kómedíu... Sígurganga farsa er smit...“
PBB, Fréttablaðið

FLÓ Á SKINNI

Lau 01.11	Kl. 19:00	UPPSELT	Sun 23.11	Kl. 20:00	UPPSELT
Lau 01.11	Kl. 22:00	UPPSELT	Fim 27.11	Kl. 20:00	
Sun 02.11	Kl. 16:00	UPPSELT	Fös 28.11	Kl. 19:00	UPPSELT
Mið 05.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Fös 28.11	Kl. 22:00	
Fim 06.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Fim 04.12	Kl. 20:00	
Fös 14.11	Kl. 19:00	UPPSELT	Fös 05.12	Kl. 19:00	AUKASÝN.
Fös 14.11	Kl. 22:00	UPPSELT	Fös 05.12	Kl. 22:00	AUKASÝN.
Lau 22.11	Kl. 19:00	UPPSELT	Þri 30.12	Kl. 19:00	AUKASÝN.
Lau 22.11	Kl. 22:00				

Fló á skinni er sett upp í samstarfi við:



„Það sem þjóðin þarf“
JVJ, DV

„Mjög skemmtileg sýning og ótrúlega vel heppnuð“
ÁÁ, RÚV

„Óli með hjarta svo heitt... fantagóð...“
MK, Morgunblaðið

FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

Mið 29.10	Kl. 20:00	UPPSELT	Lau 29.11	Kl. 22:00	UPPSELT
Fös 31.10	Kl. 19:00	UPPSELT	Sun 30.11	Kl. 16:00	UPPSELT
Fös 31.10	Kl. 22:00	UPPSELT	Lau 06.12	Kl. 16:00	UPPSELT
Lau 08.11	Kl. 19:00	UPPSELT	Lau 06.12	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 08.11	Kl. 22:00	UPPSELT	Sun 07.12	Kl. 20:00	UPPSELT
Sun 09.11	Kl. 16:00	UPPSELT	Fim 11.12	Kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI
Lau 15.11	Kl. 19:00	UPPSELT	Fös 12.12	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 15.11	Kl. 22:00	UPPSELT	Sun 14.12	Kl. 16:00	ÖRFÁ SÆTI
Mið 19.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Sun 14.12	Kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI
Fim 20.11	Kl. 20:00	UPPSELT	Fim 18.12	Kl. 20:00	
Fös 21.11	Kl. 19:00	UPPSELT	Fös 19.12	Kl. 19:00	
Fös 21.11	Kl. 22:00	UPPSELT	Fös 19.12	Kl. 22:00	
Lau 29.11	Kl. 19:00	UPPSELT			

Fólkið í blokkinni er sett upp í samstarfi við:



Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Get ég fengið reikninginn?

Ráðvillt ríkisstjórn hefur nú stjálkláð fram og aftur í nokkrar vikur eins og kvíga með kálfsótt. Ástæðan er að gullgerðin brást en bullgerð tók við. Gullgerðarmenn eru flúnir úr landi en bullgerðarmennirnir sitja eftir. Og nú er hafinn leikurinn „Ekki-benda-á-mig“, þar sem við munum sjá stórkostlega hugkvæmni og snilldartahta í þeirri gömlu íþrótt af afsala sér allri ábyrgð.

SÖMULEIÐIS munu valdhafar sem trúðu í blindni á gullgerðarmennina útskýra fyrir okkur að ástandið í heiminum og afstaða himintungla sé andsnúin gullgerð og því hafi farið sem fór og sé engum að kenna, nema óguðlegu líferni þjóðarinnar sjálftrar. Bullgerðarmenn munu einnig leggja á það gífurlega áherslu að það hættulegasta sem geti gerst sé að virkja lýðræðið og ganga til kosninga um hverjir eigi að leiða uppbygginguna.

„FÉLAGSMÁLASTOFNUN þjóðanna“, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætlar að gauka að okkur láni upp á tvo milljarða dollara. Hitt er svo annað mál að skitnir tveir milljarðar dollara eru ekki nema eins og upp í nös á ketti, því að gullgerð er kostnaðarsamt fyrirtæki. Ekkert af þessu kemur mér á óvart enda hef ég ekki lengur neinar væntingar til bullgerðarmanna né bullgerðarflokka. Það sem ég þarf að fá að vita er einfaldlega hvað á ég að borga mikið til að geta fengið að vera í friði um stund fyrir bulli og glópagulli. Það eru ýmsar tölur á kreiki. Lægsta tilgáta hljóðar upp á 3 milljónir á hvert mannsbarn á landinu. Sú hæsta sem ég hef heyrt nefnda er 43 milljónir, eða 172 milljónir á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Gjaldeyristryggt og með snotrum vöxtum.

ÞAÐ er kannski frekja að spyrja svona núna þegar allir sitja á mikilvægum fundum út af ástandinu, og má ekki skilja svo sem ég sé að mögla eða kvarta undan hlutskipti mínu. Mér þætti bara gott að fá upplýsingar um það við fyrstu hentugleika hvort við hérna í Fischersundi 3 eigum að borga 12 milljónir eða 172 fyrir að hafa fengið að fylgjast með hinu óhugnanlega gullæði sem sumir kalla frjálshyggju og byggist á einlægri trú á óskeikulleka Markaðarins (sem áður var kallaður Mammon).

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
27. október, 301. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.56	13.11	17.26
Akureyri	8.49	12.56	17.02

Heimild: Almanak Háskólans

ÚTLITSGALLAÐ



Mikið úrval af
SÝNISEINTÖKUM
eða
ÚTLITSGÖLLUÐUM
kæliskápum á
frábæru verði

NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ FÁ MIKIÐ FYRIR LÍTIÐ!



ÚTLITSGALLAÐAR
uppvottavélar
og þurrkarar með
miklum afslætti

Bauknecht

BEKO

scan domestic

i INDESIT

VESTFROST



Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500